



50% afsláttur af nammibarnum á laugardögum



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. júlí 2005 - 176. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Maður augnabliksins

Egbert Skúlason hjólar um þessar mundir hringinn í kringum landið til styrktar hjartveikum. Hann er jákvæður og skemmtilegur og segir skoðanir sínar umbúðalaust en stundum er stuttur í honum þráðurinn. Egbert er maður vikunnar.



MAÐUR VIKUNNAR 16

Framtíð íslenska fótboltans

Ný kynslóð er að koma upp í íslensku knattspyrnu. Þeir sem fylgjast með yngri flokka starfi á Íslandi eru flestir á einu máli - fjöldi ungra og framúrskarandi íslenskra leikmanna er í sögulegu hámarki þar sem þeir allir eiga það sameiginlegt að geta náð eins langt og þeir sjálfir vilja.

ÍPRÓTTIR 30-31

Bonham sá besti fyrr og síðar

John Bonham, fyrrum trommari Led Zeppelin, var kjörinn besti trymbill sögunnar í úttekt sem breska tímaritið Classic Rock stóð fyrir. Íslandsvinurinn Dave Grohl úr Nirvana og Foo Fighters kemur á hæla hans.



TÓNLIST 28

VEÐRIÐ Í DAG




SKÝJAD MEÐ KÖFLUM og skúrir á víð og dreif, einkum þó sunnan og vestan til. Úrkomulítið síðdegis eða í kvöld. Hiti 10-16 stig, hlýjast nyrðra

VEÐUR 4

Fréttablaðið skorar og skorar!

Lestur íþróttasiðna



Íslendingar 18-49 ára

*Lestur á íþróttasiðna blaðanna á fimmtudögum. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005

Sex ákærðir í Baugsmálinu

Ákæra Ríkislögreglustjóra í Baugsmálinu er í 40 liðum og snertir auðgunarkafla almennra hegningarlaga, lög um bókhald, ársreikninga, hlutafélög og tollalög. Stjórn Baugs segist standa með ákærðu og undirbýr skaðabótamál á hendur ríkinu. Rannsókn lögreglu sætir gagnrýni fyrir tíma og tengsl rannsakanda og ákæranda.

VIÐSKIPTI Tæplega þriggja ára rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á meintum brotum gegn almenningshlutafélaginu Baugi hf. lauk í gær með útgáfu kæra á hendur sex manns tengdum fyrirtækinu. Þar á meðal eru Tryggvi Jónsson fyrrum forstjóri, Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri, Kristín Jóhannesdóttir stjórnarmaður og Jóhannes Jónsson einn aðaleigandi Baugs, auk endurskoðendanna Stefáns Hilmarssonar og Önnu Þórðardóttur. „Rannsókn málsins hefur verið afar umfangsmikil og mjög tíma-

frek og krafist víðtækrar gagnaöflunar og húsleitar í Færeyjum og Lúxemborg. Yfirheyrslur í málinu skipta hundruðum,“ segir í tilkynningu Ríkislögreglustjóra. Gert er ráð fyrir að málið verði þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 17. ágúst næstkomandi. Jón H. Snorrason, saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, sagðist að sinni ekki vilja tjá sig um álitserðir Jóns Ásgeirs eða álitserðir Jónatan Þórmundsson lagaprófessor vann fyrir Baug um rannsókn lögreglu. Að öðru leyti vísaði hann

á tilkynningu embættisins um málið en þar kemur fram að takmörk séu á hversu mikið lögregla getur tjáð sig meðan málið er fyrir dómi. Í tilkynningunni segir einnig að möguleg skattalagabrot séu enn til rannsókna hjá embættinu, en hluta málsins var vísað til Skatt-rannsóknastjóra haustið 2003. Stjórn Baugs hefur ákveðið að höfða skaðabótamál á hendur ríkinu vegna tjóns sem fyrirtækið hefur orðið fyrir vegna rannsókna lögreglu. „Baugur Group hf. stendur einhuga á bak við Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra, og

sakborninga málsins, en þeir hafa allir staðfestlega haldið fram sakleysi sínu gagnvart öllum sakargiftum,“ segir í yfirlýsingu sem Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, skrifar undir. Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, áréttaði að hann vísaði sakargiftum á bug, en ekki náðist í Jón Ásgeir. Jóhannes Jónsson kvaðst vera í útlöndum og hafi því ekki séð ákærana enn og ætli af þeim sökum ekki að tjá sig um hana að svo stöðu.

Sjá síður 4 og 10/- olíkr



STUÐMENN POPPA GEGN FÁTÆKT Hópur tónlistarmanna ásamt Arna Snævarr hélt tónleika undir nafninu Áttalíf, í Hljómskálagarðinum í gærkvöldi. Voru þeir í tilefni þess að í kvöld verða Live 8 tónleikar haldnir víða um heim þar sem þess er krafist að átta ríkustu lönd heims frysti skuldir fátækustu ríkjanna og auki þróunaraðstoð til þeirra en fundur þeirra fyrrnefndu fer fram í Skotlandi. Ekki var annað að sjá en að gestir og gangandi hefðu gaman af því að Hljómskálagarðurinn skyldi standa undir nafni. - Sjá síðu 46



FRÁ VETTIVANGI Fólksbíllinn lagðist nánast saman við áreksturinn.

Árekstur á Helligsheiði: Einn mikið slasaður

SLYS Maður á miðjum aldri liggur mikið slasaður á slysadeild Landspítalans í Fossvogi eftir árekstur jeppa og fólksbíls í Hveradölum seinni partinn í gær. Fimm voru fluttir á slysadeild eftir áreksturinn, fjórir farþegar úr jeppanum auk mannsins. Maðurinn var einn í fólksbílnum þegar bílarnir rákust saman en fjölskylda var í jeppanum. Hún slapp lítið meidd að sögn vakthafandi læknis. Tækjabil slökkviliðsins í Hveragerði þurfti til að klippa einn hinna slösuðu úr flaki fólksbílsins. Orsök slyssins var ekki ljós þegar blaðið fór í prentun en lögreglan á Selfossi rannsakar málið. -bs

Varnarmálaviðræður: Sendinefnd út í næstu viku

STJÓRNMÁL Sjö til tíu manna nefnd mun fara til Washington í næstu viku til fundar við viðræðunefnd Bandaríkjanna til að ræða framtíð varnarsamningsins og Keflavíkurflugvallar. Fundirnir verða haldnir á miðvikudag og fimmtudag í næstu viku. Davíð Oddsson utanríkisráðherra segir það mjög þýðingarmikið að viðræðunefnd Bandaríkjanna hafi nú samhæft sjónarmið milli ráðuneyta utanríkis- og varnarmála með atbeina Hvíta hússins. Hann gerir ráð fyrir að samningafundirnir muni byggja á þeim samtölum sem Davíð hefur átt við ráðamenn úti, þó svo hann búist ekki við að fyrsti fundurinn leiði til niðurstöðu. Sjá síðu 6/-jh

Útrás Kaupþings banka í Skandinavíu: Finnskur banki í sigtinu

VIÐSKIPTI Kaupþing banki hefur keypt tæplega tveggja prósent hlut í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo og er þar með þriðji til fjórði stærsti hluthafinn. Sampo er að stærstum hluta tryggingafélag, en samkvæmt heimildum beinist áhugi Kaupþings að bankastarfsemi félagsins. Markaðsvirði Sampo er hátt í sex hundruð milljarðar, en bankastarfsemi er metin á 150 til 200

milljarða króna. Sampo er stærsti finnski bankinn. Telja Kaupþingsmenn áhuga hjá Sampo á að selja frá sér bankastarfsemina þótt verðhugmyndir Sampo séu enn sem komið er í hærra kantinum. Kaupþing banki kom víðar við í fréttum á Norðurlöndum. Norska Kauphöllin stöðvaði viðskipti með tryggingafélagið Storebrand vegna orðröms um kaup Kaupþings í félaginu.

Kaupþing hefur á stefnuskrá sinni að efla verulega starfsemi sína í Noregi og Finnlandi. Með kaupum á bankastarfsemi Sampo fengjust einnig mikilvæg tengsl við Eystrasaltsríkin og Rússland. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings banka, vildi að svo komnu máli ekkert tjá sig um aðkomu bankans að Sampo og Storebrand. -hh



SPURNING DAGSINS

Stefán, er R-listinn eins og laxinn, erfitt að sleppa honum?

„Það er langbest að sleppa þeim sem eru í útrýmingarhættu, en R-listinn hefur hingað til verið sterkur stofn.“

Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans og laxveiðimaður, telur að lax sé í útrýmingarhættu því veiðimenn hafi ekki tekið tilmælum nógu alvarlega um að sleppa stórlaxi.

Þingmenn samþykktu vantraust á stjórnina að beiðni Schröders:

Óskar eftir endurnýjuðu umboði

ÞÝSKALAND, AP Þýska stjórnin er fallin, ári áður en kjörtímabil hennar rennur út. Gerhard Schröder kanslari óskaði í gær eftir og fékk vantraust þingsins sem gerir honum kleift að efna til nýrra kosninga.

Schröder hyggst óska eftir endurnýjuðu umboði til að fara með stjórn landsins, nokkuð sem gæti reynst honum erfitt þar sem mikillar óánægju gæti með slæmt atvinnuástand og staðnaðan efnahags. Þýsk lög heimila einungis að efnt sé til nýrra kosninga ef samþykkt er vantraust á sitjandi stjórn og því fór Schröder þess á leit við þingmenn að þeir samþykktu vantraust á stjórn sína. 296 þingmenn lýstu van-

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



KEPPINAUTAR Á ÞINGI Gerhard Schröder og Angela Merkel keppast á næstu mánuðum um hylli kjósenda fyrir væntanlegar kosningar.

trausti á stjórnina en 151 vildi að hún sæti áfram.

Schröder vísaði til slaks gengis Jafnaðarmannaflokks síns í fylkis-

kosningum sem rökstuðnings fyrir nýjum kosningum.

Angela Merkel, leiðtogi Kristilegra demókrata, sagði Schröder

óþæran um að stjórna Þýskalandi, mikið atvinnuleysi og lítil hagvöxtur um nokkurra ára skeið væru til marks um það. ■

Lögreglan í Reykjavík:

Varað við innbrotum

LÖGREGLUFRETTIR Mjög mikilvægt er að ganga vel frá húsum sínum þegar farið er í frí, segir Arinbjörn Snorrason aðalvarðstjóri hjá Lögreglunni í Reykjavík. Fyrstu helgina í júlí leggja margir land undir fót og er mikilvægt að tryggja sig gegn innbrotum.

„Faglegir þjófvar kíkja eftir atriðum eins og uppsöfnuðum pósti og tónum sorptunnum,“ segir Arinbjörn. Hann bætir við að einfalt geti verið fyrir fólk að verja sig gegn innbrotspjófum með hjálp frá nágrönum og ættingjum. ■

Önnur mesta ferðahelgin:

Viðbúnaður hjá lögreglu

LÖGREGLUFRETTIR Fyrsta helgin í júlí hefur verið önnur stærsta ferðahelgi sumarsins. Lögreglan er með aukinn viðbúnað á nokkrum stöðum þar sem búist er við mannmörgð, auk herts umferðareftirlits í tengslum við umferðaráttak Umferðarstofu.

Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli eru allir tiltækir lögrelumenn á vakt. Bæði verður aukið umferðareftirlit, almennt eftirlit svo og fíkniefnaeftirlit. Á Höfn er lögreglan í viðbragðsstöðu með aukinn mannskap en strax hafa menn verið teknir fyrir ólvunarakstur. ■

LÖGREGLUFRETTIR

SLAPP ÓBROTINN EFTIR TÓLF METRA FALL Með ólíkindum er að ungur verkamaður hafi sloppið óbrotinn eftir að hafa fallið tólf metra niður. Að sögn lögreglu var hann að störfum á svölum nýbyggingar í Garðabæ við að ganga frá timbri þegar hann féll niður á steinplötu. Drengurinn, sem fæddur er árið 1988, fór úr lið, fékk áverka í andliti og brákuð bein en slapp að öðru leyti ómeiddur.

Vissu ekki um fréttatilkynningu

Fulltrúar þýska bankans Hauck & Aufhäuser heyrðu fyrst af opinberri umræðu um bankann á Íslandi síðastliðinn miðvikudag. Tilkynning frá þýska bankanum var send fjölmiðlum síðasta mánudag.

EINKAVÆÐING Fulltrúi þýska bankans Hauck & Aufhäuser segist fyrst á miðvikudag hafa heyrt af því að opinber umræða um bankann ætti sér stað á Íslandi, þegar Fréttablaðið óskaði eftir símavíðtali við Peter Gatti, fyrrum stjórnarmann í Eglu og framkvæmdastjóra og meðeiganda Hauck & Aufhäuser. Þetta sagði fulltrúi Gatti þegar Fréttablaðið leitaði eftir víðtali við hann eða aðra forsvarsmenn bankans í höfuðstöðvum hans í Frankfurt í Þýskalandi. Þá sagði fulltrúi Gattis að honum væri ekki kunnugt um að nokkur fréttatilkynning hefði verið send út á vegum bankans til Íslands.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Eglu sagði í víðtali við Fréttablaðið á fimmtudag að þýski bankinn hafi ákveðið að senda frá sér yfirlýsingu í kjölfar samtala forsvarsmanna Eglu við forsvarsmenn þýska bankans þar sem þeir síðarnefndu voru upplýstir um þá umræðu sem hefur átt sér stað í fjölmiðlum hérlandis, þar sem eignarhald þeirra á hlutum í Eglu hefur verið dregið í efa.

Í íslensku fréttatilkynningunni sem birtist fjölmiðlum á mánudag segir að hlutabréf þýska bankans Hauck & Aufhäuser í Búnaðarbankanum og síðar KB banka hafi verið bókun í ársreikningi bankans meðan þau voru í eigu hans og er hún sögð yfirlýsing Peter Gatti. Í ensku tilkynningunni kemur



HAUCK & AUFHÄUSER Höfuðstöðvar Hauck & Aufhäuser. Látlaus fjögurra hæða bygging í Keisaragötu í Frankfurt.

hinsvegar fram að hlutur þýska bankans í Eglu hafi verið færður í reikningsskil bankans. Engar leiðréttingar hafa verið sendar vegna þessa misræmis í þýðingu framkvæmdarstjóra Eglu, Guðmundar Hjaltasonar. Fréttatilkynningin var send út á bréfsefni

bankans, sem starfsmaður Athygli segist hafa fengið í hendurnar frá forsvarsmönnum Eglu hf.

Guðmundur Hjaltason vildi ekki tjá sig um málið og ekki náðist í Kristin Hallgrímsson.

hjalmar@frettabladid.is



FYRIR FRAMAN RÁÐUNEYTIÐ Sprengju-sveitarmenn gerðu sprengjuna á líki tilræðismannsins óvirka.

Tilræði í ráðuneyti:

Árásarmaður féll í valinn

TYRKLAND, AP Tyrkneskir lögrelumenn skutu karlmann í dómsmálaráðuneytinu þar sem hann reyndi að tendra sprengju sem hann bar á sér. Maðurinn lagði á flóttu en var skotinn fyrir utan ráðuneytið þar sem hann lá særður á jörðinni og reyndi að sögn að sprengja sig í loft upp.

Lögregla hefur borið kennsl á tilræðismanninn sem sagður er hafa verið félagi í marxískri byltingarhreyfingu sem stjórnvöld í Tyrklandi hafa bannað. Maðurinn er sagður hafa skipulagt tvær árásir, eina á brúðkaup sonar forsætisráðherra 2003 og aðra á ráðherra fund Nató í fyrra. ■

Manndráp í Mosfellsbæ:

Ákæra birt

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari birti í gær karlmanni á þrítugsaldri ákæru fyrir stórfellda líkamsárás aðfaranótt 12. desember síðastliðinn. Karlmaður á sextugsaldri beið bana í árásinni sem átti sér stað á veitingahúsinu Ásláki í Mosfellsbæ.

Árásarmanninum er gefið að sök að hafa kúlt manninn með krepptum hnefa með fyrrgreindum afleiðingum. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og einnig er krafist átján milljóna króna samanlagt í miskabætur. -bs

Skaðabótakröfu Flugleiðahótela vísað frá:

Dæmdur fyrir skyrsettingar

DÓMSMÁL Paul Geoffrey Gil, sem er einn þremminganna sem beytti skyri yfir ál-ráðstefnugesti 14. júní síðastliðinn, hlaut í gær tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm í Héraðsdómi Reykjavíkur. Til frádráttar refsingunni kemur þó gæsluvarðhald hans frá 15. til 18. júní. Skaðabótakröfu Flugleiðahótela ehf. sem hljóðar upp á tæpar þrjár milljónir króna var hins vegar vísað frá þar sem hún myndi valda töf og óhægræði á málinu, eins og segir í dómnum.

Guðjón Arngrímsson upplýsingafulltrúi FL group segir menn þar á bæ ekki vilja tjá sig að svo stöddu um dóminn þar sem mál Paul hefði verið klofið frá máli hinna tveggja og uns þeir hefðu hlotið sinn dóm væri málinu ólokið. Hann segir hins vegar ljóst að fyrirtækið hafi orðið fyrir skaða og eðlilega



PAUL GEOFFREY GIL OG ARNA ÖSP MAGNÚSDÓTTIR Paul gengur út úr dómssal í gær en Arna Ösp veitti honum liðsfylgd. Hinnar biður þó ennþá dómur og spurning er hvort skaðabótakröfu Flugleiðahótela verði þá vísað frá.

dómnum en einnig ber honum að greiða tvö hundruð þúsund krónur í sakarkostnað.

Paul vildi ekkert tjá sig um málið að afloknum dómi. Hann uni

-jse

Mikið úrval af bakpokum

Tindur (75L) 9.900 kr.

Þór (15L) 1.900 kr.

Sútur (25L) 2.950 kr.

Eisja (25L) 3.200 kr.

66° NORDUR

66°NORDUR bakpokarnir fást í verslunum okkar í Kringlunni, Faxafeni, Garðabæ og á Akureyri



8.995

Háprýstidæla
Sistema, 1,3 KW, 100 bör
5254229



9.990

Garðborð
150x90 sm, úr
gegnheilum harðviði
3901481

Tilboð
á öllum greina-
og hekkklippum frá
Gardena og HiPoint
verð frá 595



2.995

~~4.495~~



Háprýstidæla
Sistema, 1,5 KW, 120 bör,
6m slanga.
5254227

11.495

Sorptunna
110 ltr. á hjólum
8203381

Garðstóll
Úr gegnheilum harðviði
3901476

2.990


3.990

~~5.990~~



Innimálning, Jotun, 10 ltr.
Hefðbundin plastmálning á loft og vegg,
gljástig 3.
7119854

Sláttuorf, Texas, frábær verð...



Texas CG 260E
25 CC, 40 sm, 2 línur, bogið skaft
5085592

Verð áður 12.995
9.995

Texas CG 330B
30 CC, 40 sm, 2 línur, beint skaft
5085594

Verð áður 19.995
17.995

Texas CG 260B
25 CC, 40 sm, 2 línur, beint skaft
5085593

Verð áður 18.890
15.995

Ekkert mál



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

| GENGIÐ | | GENGI GJALDMÍÐLA 01.07.2005 | |
|--------|---------------------|-----------------------------|------------|
| | | KAUP | SALA |
| | Bandaríkjadalur USD | 64,94 | 65,24 |
| | Sterlingspund GBP | 115,62 | 116,18 |
| | Evra EUR | 78,42 | 78,86 |
| | Dönsk króna DKK | 10,52 | 10,582 |
| | Norsk króna NOK | 9,96 | 10,018 |
| | Sænsk króna SEK | 8,27 | 8,318 |
| | Japanskt jen JPY | 0,585 | 0,5884 |
| SDR | | XDR | 95,5 95,06 |

Gengisvísitala krónunnar
110,18 -0,13%
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samband um FARICE-sæstrenginn liggur niðri:

Bilun við stóra brú í Skotlandi

SÆSTRENGUR Netnotendur Símans og OgVodafone hafa orðið varir við hægar umferð vegna þess að samband Íslands um FARICE sæstrenginn liggur niðri. Að sögn forsvarsmanna FARICE verður ekki gert við strenginn fyrr en að faranótt sunnudags.


„Sæstrengurinn sjálfur er í góðu lagi,“ segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri FARICE. „Sambandið er rofið vegna þess að ljósleiðari fór í sundur í landleiðinni Skotlandi. Bilunin er á mjög slæmum stað og erfitt að komast inn henni vegna þess að strengurinn liggur yfir brú við Edinborg þar sem þarf að

stöðva lestarumferð til að sinna viðgerðinni.“

Í yfirlýsingu frá Símanum kemur fram að bilunin hafi engin áhrif á talsímaumferð. Búið sé að komast fyrir truflanirnar sem urðu á netumferðinni með því að færa umferð yfir á eldri sæstreng en það var gert þegar í ljós kom að bilunin dragist á langinn.

OgVodafone segir að bilunin hafi nákvæmlega sömu áhrif fyrir viðskiptavini OgVodafone og viðskiptavini Símans ■

FARICE-SÆSTRENGURINN
Bilunin er ekki í sæstrengnum sjálfum heldur rofaði sambandið eftir að landlína í Skotlandi fór í sundur.



Léttir í hitabylgju:

Byrjað að rigna á Ítalíu

ITALÍA. AP Margir Ítalir fögnuðu mjög þegar byrjaði að rigna í norðurhluta landsins og um miðbik þess í gær. Rigningin kemur í kjölfar mikillar hitabylgju sem hefur kostað 21 einstakling lífið og léttir aðeins á þjáningum landsmanna og ferðamanna.

Hitastigið féll nokkuð í gær þegar ský þöktu himininn víða og búist er við að hitastigið falli enn í dag.

Hitinn hefur vart farið undir 35 gráður og hefur fjöldi eldri borgara látið lífið vegna hitanna. Þá hefur hitinn eyðilaggt gróður og valdið bændum miklum skaða. ■

Efast um hæfi saksóknara

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, gagnrýnir harðlega rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglu-stjóra á honum og fleirum í tengslum við meint brot gegn fyrirtækinu. Hann segir líta út sem lögregla hafi reynt að réttlæta illa ígrundað upphaf málsins með því að leita að sakarefnum.

BAUGSMÁLID Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri Baugs gagnrýnir harðlega tæplega þriggja ára rannsókn lögreglu á meintum brotum tengdum fyrirtæki hans í bréfi sem hann ritaði Ríkislögreglustjóra á fimmtudaginn. Hann fer fram á að kannað verði hvort Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar embættisins, væri vanhæfur til frekari meðferðar á Baugsmálinu.

Jón Ásgeir segir rannsókn lögreglu hafa hafist á „mjög óvæginn hátt“ með húsléitar- og handtöku-kröfu og telur að afla hefði mátt gagna með mildilegri hætti. „Allt var þetta að mínu mati byggt á heftuðugri og ótrúverðugri kæru eins einstaklings og bar bersýnilega keim af hefndaradgerð, annars vegar af persónulegum ástæðum og hins vegar af óánægju með lok viðskipta við Baug,“ segir hann og telur að lögregla hafi rasad um ráð fram í upphafi. „Allar síðari aðgerðir miðast augljóslega við að réttlæta upphafleg viðbrögð,“ bætir hann við og telur varhugavert hvernig blandað er í málinu saman rannsóknar- og ákærvaldi. „Sami einstaklingur tekur ákvarðanir um rannsóknar- aðgerðir og um hvort tilefni sé til ákæru. Með þessu fyrirkomulagi

heyrir sjálfstætt mat ákærvalds sögunni til.“

Í bréfinu rekur Jón Ásgeir upphaf málsins til kæru Jóns Geralds Sullenbergers á ágústlok 2002. „Grundvöllur upphaflegra ásakana Jóns Geralds er löngu brostinn,“ segir hann og undrast hvernig rannsóknin hefur dregist meðan ný sakarefni koma fram eftir því sem önnur eru hrakin.

Að sama skapi gagnrýnir Jón Ásgeir hvernig fregnir af rannsókn lögreglu á Baugi hafi borist í fjölmiðla. „Svo virðist sem einhver eða einhverjir innan embættis ríkislögreglustjórans sjái sér hag í því að leka markvisst fréttum af rannsókn málsins,“ segir hann og tekur dæmi um hvernig fregnir hafi borist af fyrirhuguðum yfirheyrslum, húsléitum og handtökum og verið á vitorði fjölmiðla áður en til þeirra hafi komið. „Bláðamenn hringdu í Magnús Guðmundsson, bankastjóra Kaupthing Bank í Luxemborg, og spurðu fréttu af húsléitinni áður en lögreglan var komin í húsnæði Kaupthing.“

Jón H. Snorrason kvaðst ekki myndu tjá sig um gagnrýni Jóns Ásgeirs á rannsókn lögreglu að sinni.

Sjá einnig síðu 10
olikk@frettabladid.is



INNDRÁSIN Í BAUG 28. ÁGÚST 2002 Eftir kæru Jóns Geralds Sullenbergers, fyrrum viðskiptafelaga Baugs í Bandaríkjunum, lét efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra til skarar skriða með húsléit í höfuðstöðvum Baugs.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Forstjóri Baugs Group segir í bréfi til Ríkislögreglustjóra að betur hefði verið staðar numið í rannsókn lögreglu í Baugsmálinu þegar ljóst hafi orðið að stofnað hafi verið til málsins í upphafi af einstaklingi „sem knúinn var áfram af hefndarhug eða öðrum álíka hvötum.“

Jón Gerald Sullenberger í Kastljósinu: Sakar Jón Ásgeir um brot á trúnaðarsamningi

Jón Gerald Sullenberger sagðist í Kastljósi Sjónvarpsins í gærkvöldi ætla að stefna Jóni Ásgeiri Jóhannessyni fyrir brot á trúnaðarsamkomulagi sem hann hafi rofið með því að opinbera bréfaskrifir sínar til embættis Ríkislögreglustjóra. „Í þessum bréfum sem hann síðan dreifir um fjölmiðlana er hann náttúrulega að fara ofan í þessi mál og ofan í okkar samskipti,“ sagði hann og vísaði til samkomulags fyrir dómi í Bandaríkjunum þegar gengið var frá kröfum hans. „Þá var ákveðið að þetta mál yrði ekki rætt meira.“

Í sama viðtali ásakaði Jón Gerald Jónatan Þórmundsson lagaprófessor um að hafa fengið háar fjárhæðir greiddar fyrir álitssgerð sem væri sakborningum í Baugsmálinu í hag, en um hana er fjallað á síðu 10 í blaðinu. „Ég tel mig vita um margt sem vantar í þessa álitssgerð,“ sagði hann. Þá hafnaði Jón Gerald því alfarið að heift í garð Jóns Ásgeirs eða vonbrigði með viðskiptaslit hafi ráðið gjörðum hans þegar hann lagði fram kæru sína á haustdögum 2002. „Það er alrangt, vegna þess að ég átti kröfur á þá sem þeir voru ekki að uppfylla, bæði viðskiptakröfur og reikninga. Það er mjög eðlilegt þegar þú selur fyrirtækjum vörur að þú viljir fá greitt fyrir þær. Þess vegna fór ég í mál.“



JÓN GERALD SULLENBERGER



SANDGERÐISHÖFN Um níutíu prósent kvótans hurfu frá Sandgerði fyrir um sjö árum.

Sandgerðisbær:

Tvær kærur felldar niður

BYGGÐAKVÓTI Ríkissaksóknari úrskurðar innan mánaðar hvort kærur á Sandgerðisbæ verði teknar til greina eftir að Sýslumaðurinn í Keflavík vísaði þeim frá.

Útgerðarmaður kærði sveitarfélagið fyrir bókhaldsbrot. Hann taldi sig ekki fá fullgilda skattnotu fyrir fé sem hann lagði inn á reikning á kennitölu bæjarstjórans. Féð átti að nýta til kaupna á kvóta, en í Sandgerði skilyrða útgerðir sig til að leggja fram fé til slíkra kaupna sé þeim úthlutað byggðakvóta.

Júlíus Magnússon, fulltrúi Sýslumannsins í Keflavík, segir kærur útgerðarmannsins tvívægis hafa verið vísað frá þar sem ekki þyki efni til að hefja rannsókn á málinu. - gæg

LÖGREGLUFRETTIR

ÖFLUG GÆSLA Í ÓLAFSVÍK

Fíkniefnahundur verður í öflugum gæslulíði lögreglunnar á Færeyskum dögum í Ólafsvík og á Fjórðungsmóti hestamanna á Kaldármelum. Lögreglumönnum fjölgar um helming í umdæmi lögreglunnar á Snæfellsnesi um helgina. Þeir eru níu en verða átján. Lögreglumenn úr Reykjavík, Akranesi, Borgarnesi og Dölunum bætast í hóp þeirra sem fyrir eru. Tíu björgunarsveitarmenn sjá einnig um gæslu í Ólafsvík.

ORKA ÚR IÐRUM JARÐAR



Kynning á framkvæmdum við Hellsheiðarvirkjun

Gestamóttakan í Skiðaskálanum í Hveradölum er opin **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

Allir velkomnir!



www.or.is

VEÐRIÐ Í DAG


BÆRILEGASTA VEÐUR Í DAG

Enda þótt nett skýraloft hangi yfir landinu ætti hann að rofa þokkalega til á milli og jafnvel svo að menn ættu að geta látið á það reyna hvort sú gula náði að kalla fram brúna litinn, sem er svo býsna vinsæll hjá mörgum. Þá ráðlegg ég grillmeisturum kvölsins að hafa við hendina regnhlíffina, bara svona til að skapa rétta stemningu ef yfir ganga skúr!! En á morgun, þá verður veðrið heldur lakara, einkum eftir hádegi!! **Njótið þess að vera til!!**




Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur


Um hádegi



Á morgun



Mánudagur



Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---------------|------------------|-----------|------------------|-----------------|----------------|
| Kaupmannahöfn | 20°C heiðskirt | Paris | 22°C hálfskýjað | Alicante | 31°C heiðskirt |
| Oslo | 22°C hálfskýjað | Berlin | 22°C skúr | Milano | 31°C heiðskirt |
| Stokkhólmur | 24°C skýjað/skúr | Frankfurt | 22°C hálfskýjað | New York | 27°C heiðskirt |
| Helsinki | 20°C heiðskirt | Madrid | 36°C heiðskirt | San Francisco | 21°C heiðskirt |
| London | 25°C hálfskýjað | Barcelona | 31°C skýjað/skúr | Orlando/Florida | 32°C heiðskirt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

ÚTSALA

... í öllum litum

Gerðu góð kaup á **stærstu útsölnunni**. 105 verlanir troðfullar af spennandi útsöluvörum.

WORLD PRESS PHOTO SÝNING Í KRINGLUNNI



Sýning á bestu fréttaljósmyndum ársins 2004 stendur yfir í Kringlunni frá 1. júlí til 24. júlí.

Opið **10-18** í dag

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFNAN/ISLA.IS KHI 200806 07/2005

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur | Veitingastaðir og Kringlubíó |
|---------------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|--------------------------------|
| Verlanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | eru með opið lengur á kvöldin. |
| Ævintýraland | 12.00 til 18.30 | 12.00 til 19.00 | 12.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 | |



KJÖRKASSINN

Ferð þú í tjaldferðalag í sumar?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|-----|-----|
| Já | 43% |
| Nei | 57% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú neytt ólöglegra eiturfylfa?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

[visir](http://visir.is)

Fjórmenningar dæmdir í fíkniefnamáli:

Ræktuðu kannabis í haughúsi

DÓMSMÁL Þrír karlmenn og ein kona á fimmtugsaldri voru í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmd í skilorðsbundið fangelsi fyrir að eiga og rækta kannabisplöntur í haughúsi undir fjósi á sveitabæ í Ölfusi. Húsleit var gerð árið 2003 og fundust þá 671 kannabisplanta, ásamt 203 grömmum af maríjúana og 224 grömmum af kannabisstönglum. Auk þess ræktaði fólk 300 aðrar plöntur sem gáfu af sér að minnsta kosti 1.500 grömm af maríjúana.

Hjónin á bænum lögðu til húsnaði og önnuðust daglega umhirðu plantanna. Þau hafa



KANNABISPLÖNTUR Fjórmenningarnir höfðu klætt haughúsið að innan, lagt þangað vatn og rafmagn og komið fyrir loftræstingarbúnaði og hitablásurum.

ekki sætt refsingu áður. Konan var dæmd í 45 daga skilorðsbundið fangelsi en maðurinn fjóra mánuði. Hinir mennirnir tveir lögðu til 20 kannabisplöntur, gróðurlampa og hitablásara, en alls voru tólf gróðurhúsalampar notaðir við ræktunina. Báðir eiga nokkurn sakaferil að baki. Annar þeirra hlaut sjö mánaða dóm en hann var einnig ákærður fyrir að hafa í vörslu sinni sextán grömm af kókaíni. Hin var að auki ákærður fyrir að eiga haglabyssu án skotleyfis og hlaut hann sex mánaða fangelsisdóm.

- rsg

Kínverskir borgarstarfsmenn:

Skiljið bindin eftir heima

KÍNA, AP Í fyrsta sinn hafa borgaryfirvöld í Peking beðið opinbera starfsmenn um að sleppa bindinu og mæta í vinnuna í léttum og þægilegum fatnaði í stað jakkafatanna sem þeim er skylt að klæðast. Með því vilja yfirvöld draga úr þörfinni á loftkælingu í skrifstofubyggingum svo sporna megi við orkuskort.

Mikil uppbygging í atvinnulífi Kína á undanförunum árum, ekki síst í iðnaði, hefur leitt til orkuskortis í mörgum borgum. Borgaryfirvöld í Peking hafa fyrirskipað að loftkæling sé spörud en komu til móts við starfsmenn með leyfi til léttari klæðaburðar. ■

Nýr talsmaður neytenda:

Gísli skipaður

NEYTENDAMÁL Gísli Tryggvason hefur verið skipaður talsmaður neytenda. Viðskiptaráðherra skipar í embættið sem er tilkomið vegna breytinga á lagaramma um samkeppnismál. Frá árinu 1998 hefur Gísli verið framkvæmdastjóri Bandalags háskólanna en **GÍSLI TRYGGVASON** hann er lögfræðingur ásamt því að hafa lokið meistaraþrófi í viðskiptafræði og stjórnun frá Háskólanum í Reykjavík.



Tólf aðrir umsækjendur voru um stöðuna, þar á meðal Jóhannes Gunnarsson sem hefur verið formaður Neytendasamtakanna nær óslitið í tuttugu ár. ■

Ölvunarakstur:

Beinbrotinn eftir bílveltu

LÖGREGLUFRÉTTIR Farþegi beinbrotnaði þegar ökuumaður um tvitugt missti stjórn á fólksbífreid norðan Akrafjalls á Vesturlandsvegi við Borgarnes. Bifreiðin valt. Lögreglan grunar öku manninn og farþegann um að hafa verið undir áhrifum áfengis.

Mennirnir ungu voru báðir fluttir með sjúkrabíl undir læknishendur á Akranesi. Ökuumaðurinn slapp óbrotinn. Bifreiðin er ónýtt. Hún var flutt burt með kranabíl. - gag

NOREGUR

ÚTRÁS RAFORKURISA Ríkisrekna raforkufyrirtækið Statkraft í Norvegi hefur keypt 24 raforkuver í Svíþjóð og Finnlandi af sænska fyrirtækinu Sydskraft fyrir andvirði 37 milljarða íslenskra króna. Kaupin koma í kjölfar yfirlýsingar fyrirtækisins um að reisa raforkuver í Þýskalandi fyrir 31,5 milljarða íslenskra króna.

Viðræður hefjast í næstu viku

Utanríkisráðherra býst ekki við að niðurstaða um framtíð Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli fái á fyrsta fundi um varnarsamninginn. Breytingar á samningnum séu eðlilegar í samræmi við aukin umsvif farþegaflugs.

VARNARMÁL Davíð Oddsson utanríkisráðherra segir að á vegum íslenskra stjórnvalda fari sjö til tíu manna nefnd til fundar við fimmtán manna viðræðunefnd Bandaríkjamanna til að ræða framtíð varnarsamningsins við Bandaríkjamenn. Fundirnir verða í Washington næstkomandi miðvikudag og fimmtudag. Viðræðunefnd Bandaríkjamanna er búin að samræma sjónarmið milli ráðuneyta utanríkismála og varnarmála með ákveðnum atbeina Hvíta hússins. „Þetta er mjög þýðingarmikið,“ segir Davíð. „Fram kemur í þeim gögnum sem við höfum að gert er ráð fyrir því að þessir samningafundir verði byggðir á þeim samtölum sem ég átti við Bandaríkjaforseta, fyrrverandi utanríkisráðherra og síðan núverandi utanríkisráðherra. Þannig að ég er mjög ánægður með að það sé grundvöllurinn sem á er byggt. Ég vonast til þess að málið komist á hreyfingu á þessum fundum en býst ekki við því að fyrsti fundurinn leiði til niðurstöðu.“

Davíð Oddsson vill ekki ræða efni fundanna nánar og segir það ekki hollt vegna viðræðanna. „En ég held að óhætt sé að segja að við byggjum á því að varnarsamningurinn verði í heiðri hafður. En jafnframt verður að ræða breytingar sem orðið hafa í tilverunni og aðlögun að þeim.“

Nefnd á vegum Bandaríkjamanna, sem fjallar um fækkun herstöðva innan- og utanlands, hefur lagt til að varnarsamningurinn við Íslendinga verði lagaður að breyttum öryggisáðstæðum í kjölfar kalda stríðsins. „Við höfum túlkað



DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA: „Ekki óeðlilegt að Íslendingar horfi til þess að taka nokkurn þátt í þeim kostnaði sem nú fellur til vegna þess að hlutur almenns flugs gagnvart herflugi hafi breyst.“

það svo að eðlilegt sé að laga sig að því hættumati sem menn horfa á hvarvetna í heiminum á hverjum tíma. Við teljum að við höfum þegar gert það. Um leið verðum við að líta til þess að grundvallar varnariðbúnaður sé til staðar í samræmi við það sem varnarsáttmáli ríkjanna á að tryggja.“

Davíð telur ekki óeðlilegt að Íslendingar horfi til þess að taka nokkurn þátt í þeim kostnaði sem

nú falli til vegna þess að hlutur almenns flugs gagnvart herflugi hafi breyst. „Á móti kemur að Bandaríkjaher er með þennan flugvöll og hefur leyfi til þess að taka hann ef vá stendur fyrir dyrum og fara þá með stjórn flugvallarins gersamlega. Þannig að menn hljóta að taka einnig tillit til þess sem menn ræða og athuga varðandi kostnað og dreifingu kostnaðar, segir Davíð.

johannh@frettabladid.is

Skýrsla um öryggismál á tímum kalda stríðsins:

Engir danski ofurnjósnarar

DANMÖRK Ríkisstjórnnum austantjaldsríkjanna tókst ekki að fá háttsetta danska embættismenn til að njósna fyrir sig á tímum kalda stríðsins. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem kynnt var í vikunni.

Út er komin skýrsla Dönsku rannsóknarstofnunarinnar í alþjóðarannsóknnum (DIIS) um öryggismál í Danmörku á tímum kalda stríðsins. Þar kemur fram að á árunum 1972-88 voru 26 Danir á mála hjá austur-þýsku leyniþjónustunni Stasi en enginn þeirra er talinn hafa haft aðgang að upplýsingum sem snertu öryggi ríkissins.

Leyniþjónustur Sovétmanna og lepprikja þeirra eru sagðar hafa gert itrekaðar en árangurslausar tilraunir til að fá háttsetta danska embættismenn til liðs við sig, bæði úr stjórnvélunni og úr hernum. „Engir danskir ofurnjósnarar



ANKER JØRGENSEN Jørgensen var forsætisráðherra Danmerkur á árunum 1972-73 og 1972-82

voru til á tímum kalda stríðsins, eins og þekktist til dæmis í Vestur-Þýskalandi,“ sagði Svend Aage Christiansen, aðalhöfundur skýrslunnar, í viðtali við Berlingske Tidende.

-shg

Pappírsiðnaður:

Sjö vikna deilu lokið

FINNLAND, AP Sjö vikna verkfalli starfsmanna í pappírsiðnaðinum og verkþönnum af hálfu vinnuveitenda lauk í gær þegar verkalyðsforkólfar og atvinnurekendur samþykktu þriggja ára kjarasamning.

Deilan hefur haft mikil áhrif. 24 þúsund manns fóru af launaskrá 18. maí og talið er að Finnar hafi tapað andvirði 118 milljóna króna á því að útflutningur féll niður meðan engin starfsemi var í pappírverksmiðjum landsins.

Starfsmenn sneru aftur til starfa í gær og búist er við því að allt verði komið á fullt í næstu viku. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

UMFERÐAREFTIRLIT Í SKAGAFIRÐI Fimmtán hraðakstursskýrslur voru gefnar út af lögreglunni á Sauðárkróki í fyrradag. Umferðaráttak hófst þar fyrir í vikunni og hafa tugir manna verið stöðvaðir síðan. Enginn af þessum fimmtán ökuómönnum var tekinn fyrir ofsakstur heldur mældist hraðinn hæstur um 120 kílómetrar á klukkustund.

SJÚKRAFLUTNINGAR Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU Mikill erill var hjá slökkviliðinu í Reykjavík í gær. Mjög mikið var um sjúkráflutninga og allir bílar úti þegar mest lét. Engin stórslys voru heldur voru sjúkrabíllarnir að flytja hjartveika og aðra á sjúkrahús.

ÓB Snorrabraut – alltaf opið



alltaf í leiðinni



Petúniur

10 kr

hámark
3 stk.
á mann

Garðplöntu- útsala

allt að

60%

afsláttur

Allar garðplöntur á útsölu

Verðdæmi:

Margarita, **399** verð áður 699

Stjúpur, 20 stk. **799** verð áður 1199

Birki, **499** verð áður 865

Reyniviður, **999** verð áður 1470

Gullregn, **999** verð áður 1999

Grákvistur, **599** verð áður 1299

Blágreni, **599** verð áður 899

Sitkagreni, **599** verð áður 899

Sýrena, **499** verð áður 999

Loðvíðir, **299** verð áður 499

Hansarós, **399** verð áður 975



Flauelsblóm

10 stk. **499**



Kistlar, ný sending, þrjár stærðir
2.990, 4.990 og 6.990

blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir söngvari Duran Duran?
- 2 Hvað heitir utanríkisráðherra Tái-vans sem kom til landsins í gær?
- 3 Hver er stjórnarformaður Lifeyris-sjóðs bankamanna?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Laxastofninn í Elliðaám of lítill:

Laxinn fluttur upp fyrir Elliðavatn

STANGVEIÐI Til stendur að flytja 20 hrygningarpör úr Elliðaám upp fyrir Elliðavatn í Suðurá og Hólmsá. Ástæðan er sú að sífellt hrygna færri laxar á þessum slóðum og þykir fiskifræðingum það áhyggjuefni.

Vonast er til að þessar aðgerðir verði til þess að lax fari aftur að hrygna ofan við vatnið í auknum mæli sem aftur yrði til þess að stækka stofninn.

Einnig er þeim tilmælum beint til veiðimanna að þeir sleppi þeim laxi aftur sem þeir

veiða á meðan ástand ána er ekki betra. Í veiðihúsi Stangveiðifélags Reykjavíkur verða tiltækar upplýsingar til veiðimanna um það hvernig best er að sleppa laxi ósködduðum.

Litlar skýringar eru á því af hverju laxastofninn er orðinn jafn lítill og raun ber vitni í Elliðaám. Hluta skýringarinnar má þó rekja til þess þegar stofninn hrundi í kjölfar kýlaveiki árið 1996.

Síðasta sumar veiddust rúmlega 600 laxar í ánum, það sem



STEFÁN JÓN HAFSTEIN Formaður samráðshóps um Elliðaárnar kynnti í gær niðurstöður skýrslu um ástand laxastofnsins í Elliðaám.

af er sumri hafa veiðst 33 laxar og 59 laxar hafa farið gegnum teljara við Rafstöðina. - óá

Lagning strengja:

Lægsta boð frá Selfossi

IBNAÐUR Fyrirtækið Nesey á Selfossi átti lægsta boð í lagningu strengja fyrir Landsvirkjun milli Ufsar- og Kelduárslóns vegna Kárahnjúkavirkjunar, tæpar 14,5 milljónir króna, um 43 prósentum undir kostnaðaráætlun.

Tilboð voru opnuð í byrjun vikunnar og tóku fimm fyrirtæki þátt. Kostnaðaráætlun ráðgjafa Landsvirkjunar hljóðaði upp á tæpar 25,6 milljónir Næstlægsta boð áttu Austfirskir verktakar á Egilstöðum, tæpar 15,8 milljónir króna, en hæsta boð átti Vinnuvél- ar Símonar Skarphéðinssonar á Sauðárkróki, rúmar 25,3 milljónir.

- óká

Ítölsk stjórnmöld:

CIA-mönnum vísað á brott

RÓM, AP Ítalía undirbýr kröfu um að þrettán starfsmenn bandarísku leyniþjónustunnar CIA verði reknir úr landi.

Ástæða kröfunnar er rökstuddur grunur um að mennirnir hafi rænt meintum hryðjuverkamanni frá Ítalíu og flutt hann til Egyptalands þar sem hann var pyntaður. CIA er talið hafa handsamað og flutt meinta hryðjuverkamenn til annarra landa án dómsúrskurðar, sérstaklega til þeirra ríkja sem stunda pyntingar. ■

Verð á lífrænt ræktuðu:

Miklu munar á verzlunum

NEYTENDUR Úrval af lífrænum matvörum í verzlunum á höfuðborgarsvæðinu er takmarkað og vörurnar mun dýrari en hefðbundnar matvörur, samkvæmt úttekt Alþýðusambands Íslands. Mikill



LÍFRÆN RÆKTUN Þeim fer fjölgandi sem slíkt stunda hérlandis.

verðmundur er á milli verslana.

Heilsuhúsið reyndist oftast með hæst verð, í nýu tilvikum, en Fjarðar kaup í Hafnarfirði bauð lægsta verðið á sjö vörum af þeim sautján sem kannaðar voru. Sé litið til algengari matvara reyndist sú lífræna mun dýrari kostur. Íslenskir lífrænt ræktaðir tómatar voru 135 prósentum dýrari en aðrir. Þá munði 184 prósentum á verði lífrænt ræktuðum tómötum og appelsínum.

Verðmunur er sagður felast í meiri kostnaði við lífræna ræktun, auk þess sem uppskera verður oft rýrari. - aðe



TAXTAR HÆKKADIR Meðalrekstrarkostnaður leigubíla mun aukast um 400.000 krónur á ári. Í besta falli verður að hækka gjaldskrá um fimm prósent.

Olúgjaldið eykur kostnað

Reynt verður að hagræða vegna breytinga á innheimtu skatta af díselolíu, en hækkanir á gjaldskrá eru þó í einhverjum tilvikum óumflýjanlegar.

SAMGÖNGUR Lög um olúgjald gengu í gildi um mánaðamótin en við það féll niður þungaskattur á díselbífareiðum undir tíu tonnum og greiða eigendur þeirra í staðinn olúgjald sem er reiknað inn í verð á díselolíu. Hækkunin er verð á dísel umtalsvert af þessum sökum, upp í tæplega 110 krónur.



ÓSKAR ÓSKARSSON HJÁ LANDFLUTNINGUM-SAMSKIPUM Leigubifreiðar eru flestar dísilknúnar og reikna bifreiðastjórar með að breytingin muni auka rekstrarkostnað hjá sér að jafnaði um 400.000 krónur á ári. Að sögn Guðmundar Barkar Thorarensen, framkvæmdastjóra BSR, þyrfti að hækka taxtann um fimm prósent til að brúa það bil en til þess þarf reglugerðarbreytingu hjá samgönguráðuneytinu. „Við viljum hins vegar ekki hækka taxtann svo mikið heldur vonum við að hið opinbera komi til móts við okkur á einhvern hátt.“

Í dag fá leigubílstjórar hluta vörugjalda á bílum sínum felld niður en Guðmundur segir bílstjóra

hafa rætt um að fá þau niðurfelld með öllu til að veita upp á móti lagabreytingunni. Auk þess vilja þeir geta selt bíla sína eftir átján mánuði í stað 36 mánaða án þess að þurfa að endurgreiða niðurfellda gjaldið. Fallist ráðuneytið á þessa útfærslu þyrfti einungis að hækka taxtann um fimm prósent.

Strætó bs. þarf í dag ekki að greiða nema hluta þungaskatts og því býst Hörður Gíslason, fjármála- stjóri fyrirtækisins, við að eftir breytinguna muni það fá hluta olúgjaldsins endurgreiddan. „Mér sýnist samt að nokkur kostnaðarauki sé af innheimtu gjaldsins fyrir okkur vegna aukinnar fjárbindingar.“ Þótt ekki hafi verið fullrætt hvernig honum verður mætt segir Hörður að í augnablikinu séu engar líkur á fargjaldahækkunum.

Fyrirtæki í vöruflytningaþjónustu reikna með að kostnaður vegna eldsneytiskaupa muni aukast vegna breytingarinnar. „Þetta verður kostnaðarauki á þessum styttri áætlunarleiðum þar sem menn eru ekki að aka með tengivagn og bíl,“ segir Óskar Óskarsson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Landflutninga-Samskipa. „Svo svo er bara spurning hvort við getum hagrætt á móti svo þetta þurfi ekki að fara út í verðskrána.“

sveinng@frettabladid.is

Menntaskólinn Hraðbraut:

Námsárangur ræður för

NÁM „Umsóknir um skólavist í Menntaskólanum Hraðbraut voru á annað hundruð, en við getum ekki tekið við nema rétt rúmlega 80 nemendum,“ segir Ólafur Haukur Johnson, skólustjóri Menntaskólans Hraðbraut.

Hann segir námsárangur ráða því hvort nemendur komist að en fjöldi nemenda sem sóttu um hafi ekki þær einkunnir sem þurfi til að stunda nám við skólann. ■



VINNINGSHAFI Silja Stefnisdóttir, vinningshafi í leik á vegum Bylgjunnar og Office 1 í tengslum við innritun nemenda í Menntaskólanum Hraðbraut.

NAZRAN
FATNAÐUR

Vertu í stíl

við krómið og kraftinn

Ný sending af vélhjólafatnaði frá Nazran. Full búð af fatnaði, bæði fyrir krossara og götuhjól. Vandaðar flikur á mjög góðu verði; eitthvað sem allt hjóla fólk hefur beðið eftir.

Nýbýlavegi 2
200 Kópavogur
S. 570 5300

YAMAHA
Touching Your Heart

www.yamaha.is

Ótrúlegt verð á golfsettum

Wilson

**Vönduð golfsett
á frábæru verði**

Ascent golfkerra

létt og meðfærileg ál kerra sem hægt er að opna og loka með einni hreyfingu

3.999_{kr}

24.999

Verð áður 29.999

Wilson

Wilson dömu golfsett

Hægrihandar sett
400cc driver
Tré með grafit sköftum (7,5,3)
TrueTemper járn með stál sköftum (5,6,7,8,9,P,S)
Púttar með megin þyngd í hæl og tá
ProStaff poki með töföldum axlarólum

24.999_{kr}

Wilson

Wilson herra golfsett

Hægrihandar sett
400cc driver
Tré með grafit sköftum (1,3,5)
TrueTemper járn með stál sköftum (3,4,5,6,7,8,9,P,S)
Púttar með megin þyngd í hæl og tá
ProStaff poki með töföldum axlarólum

24.999_{kr}



899_{kr}

Golfhanskar dömu og herra
svartir, hvítir, st. S, M, L



9.999_{kr}

Crane golfsett gott
byrjandasett fyrir bæði kynin



1.899_{kr}

Nike golfkúlar 12 stk í
pakka



1.499_{kr}

Top Flite golfkúlar
15 stk í pakka

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP


Skemmtilegast að versla



SVONA ERUM VIÐ

ÚRSKURÐIR SÍÐANEFNDAR BLAÐA-MANNAFÉLAGS ÍSLANDS 1985-2004

Úrskurðir samtals 118



HEIMILD: HAGSTOFAN

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: TÆVAN

Krefjast algerra yfirráða yfir öllu Kínaveldi

Dr. Tan Sun Chen, utanríkisráðgjafi Tævan er í heimsókn á Íslandi. Þótt utanríkisráðgjafi sé hér í einkaerindum hafa starfsmenn kínverska sendiráðsins tjáð yfirvöldum andstöðu sína við heimsóknina vegna þess að mjög stírt er á milli ríkisstjórnanna tveggja. Tævan er lítil eyja úti fyrir ströndum Kína.

Hvers eðlis er samband Tævana og Kínverja?

Tævan er lítil eyja úti fyrir ströndum Kína. Ríkisstjórn Kínverja viðurkennir ekki Tævan sem sjálfstætt ríki heldur hefur lýst því yfir margt að eyjan sé órjúfalegur hluti Alþýðulýðveldisins Kína. Tævan heldur fram sjálfstæði sínu og rúmlega það, því enn er í fullu gildi krafa stjórnvalda um alger yfirráð yfir öllu Kínaveldi og kalla Tævanir landið sitt Lýðveldið Kína. Annað nafn yfir eyjuna er Formosa sem er portúgalska og þýðir falleg eyja.

Hvert var upphaf deilanna?

Upphaf deilanna má rekja til þess þegar ríkisstjórn Lýðveldisins Kína hrökklaðist til eyjarinnar eftir að kommúnistar sigruðu heri hennar árið 1949. Um langt skeið deildu ríkisstjórnirnar tvær um hvor færi fyrir Kína á alþjóðavettvangi og átti Tævan miklu fylgi að fagna, sérstaklega vegna stuðnings frá Bandaríkjunum. Tævan átti meðal annars sæti Kína í Sameinuðu þjóðunum fram til ársins 1971 en var þá útilokað.

Hver er staða Tævan á alþjóðavettvangi?

Tævan á enn í diplómátskum samskiptum við tuttugu og þrjú ríki. Flest eru þessi ríki mjög lítil. Það stærsta er Gvatemala, en það minnsta Túvalú ef frá er talið Vatíkanið. Tævan heldur úti



sendiráðum í öllum þessum löndum en stjórnvöld í Beijing hafa lagt mikinn þrýsting á ríki heimsins um að slíta alþjóðlegum samskiptum við Tævan. Þessi stíðleiki hefur þó ekki haft áhrif á efnahagslíf í Tævan en landið er eitt það ríkasta í Asíu.

SPURT & SVARÞ

SKIPTA SAMTÖKIN '78 MÁLI?



HRAFNKELL TJÖRVI STEFÁNSSON framkvæmdastjóri Samtakanna '78.

Vantar enn upp á fræðslu

Samtökin '78 hafa í áratugi barist fyrir rétti samkynhneigðra á Íslandi. Samtökin starfa sem hagsmunasamtök gagnvart þjóðfélagi og stjórnvöldum og inn á við sem félagssam-tök samkynhneigðra á Íslandi.

Skipta samtökin máli fyrir samkynhneigða á Íslandi? Ég segi að þau skipti miklu máli. Í grunninn erum við hagsmunasamtök fyrir lagalegum úrbótum og sýnileika. Þar að auki reukum við þjónustumiðstöð og bókasafn á Laugavegi 3. Á vettvangi félagsins starfa svo ýmsir hópar eins og ungmennahópur og trúarhópur.

Hefur staða samkynhneigðra batnað undanfarið? Staðan hefur gjörbreytt undanfarið ár, viðhorf almennings og öll löggjöf og slíkt. Við lifum samt ekki í fullkomnum heimi og það er ekki komið að því að samtökin fari að leggja sig niður, þó það hljóti að vera hið endanlega markmið.

Hvað er á döfinni hjá samtökunum? Að halda áfram á sömu braut. Við vonum að við fáum að sjá lagafrumvarp á næsta þingi þar sem sambúðarmálin verða jöfnuð. Það sem á vantar til að ná sama rétti og hjónabönd gagnkynhneigðra þarf að verða leiðrétt. Eins vantar mikið upp á fræðslumál í skólakerfinu og atvinnulífinu.



MEÐ HEIMINN Í HENDI Ung táta leikur sér að risalíkani af jarðarkringlunni við Eiffel-turninn í París. Jörðin er bundin þannig saman að hún sameinar norður- og suðurhvel jarðar.

Mælir með skaðabótamáli

Jónatan Þórmundsson prófessor í refsirétti segir að málsókn sakborninga í Baugsmálinu gegn ríkinu gæti sýnt styrk Baugs út á við og staðfest þá ímynd að fyrirtækið Baugur Group sé fremur fórnarlamb lögregluáðgerða en lögbrota af hálfu stjórnenda sinna.

„Lögreglurannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra hefur nú staðið stanslaust, eftir því sem í veðri er lát-ið vaka, allt frá 28. ágúst 2002 eða í tvö ár og níu mánuði án



FRÉTTASKÝRING ÁKÆRAN Í BAUGSMÁLINU

JÓHANN HAUKSSON
BLAÐAMAÐUR

þess að sakborningum hafi verið gerð formleg grein fyrir gangi málsins og hugsanlegum rannsóknarlokom. Þótt margt sé óljóst um umfang og eðli þessar lögreglurannsóknar, gagnsemi hennar og líklegan árangur, má þó fullyrða að hún tekur sífellt á sig nýjar myndir með nýjum sakarefnum, jafnóðum og eldri sakarefni eru skýrð eða hrakin af hálfu Baugs Group hf, stjórnenda félagsins, lögfræðinga og endurskoðenda.“

Þannig ritar Jónatan Þórmundsson lagaprófessor í nýrri lögfræðilegri álitserð sinni um Baugsmálið, sem hófst með hútleit efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra fyrir nærri þremur árum.

Úrskurðurinn um hútleitarheimildina hvíldi á ásökunum Jóns Geralds Sullenberger um að Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnarformaður Baugs og Tryggvi Jónsson forstjóri hefðu dregið sér fé frá félaginu.

Jónatan Þórmundsson hefur margt við lögreglurannsóknina að athuga í álitserð sinni, en tekur fram að við margs konar hindranir sé að glíma. Hann nefnir einkum þá leynd sem hvílir yfir rannsókninni af hálfu Ríkislögreglustjóra.

Skemmtibáturinn í Flórída

Eftir að hafa rakið einkenni auðgunarbrotar snýr lagaprófessorinn sér að því að rekja sakargiftir og segir þær einfaldlega ótraustar. Annars vegar voru Jón Ásgeir og Tryggvi sakaðir um að hafa með tilbúnum og röngum reikningum látið Baug hf. greiða hátt í 500 þúsund bandaríkjadali til kaupna á skemmtibáti í Bandaríkjunum. Þennan bát voru þeir sagðir eiga persónulega í félagi við áður nefndan Jón Gerald.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Lagaprófessorinn telur litlar líkur á að hann verði sakfelldur.

Í öðru lagi voru sakargiftir þær að stjórnendur Baugs hefðu gefið út tilhæfufalausan reikning í nafni Nordica Inc á Baug, sem síðar hefði verið gjaldfærður hjá félaginu án þess að nokkur verðmæti kæmu fyrir þá upphæð. Fjárhæð þessa reiknings nam tæpum 600 þúsund bandaríkjadöllum.

Um þetta segir Jónatan Þórmundsson: „Niðurstaða mín um báða liði þessara sakargifta er því sú að sakfellingargrundvöllur sé nánast óhugsandi, ef til málshöfðunar kæmi út af þessum viðskiptum. Til þess standa sakarefnin á of veikum grunni og sönnun óhugsandi gegn rökstuddum skýringum og skjalfestum gögnum sakborninga. Þar að auki voru (og eru) hagsmunir hinna kærðu stjórnenda og félagsins svo samofnir, að það verður að teljast afar langsótt refsiréttarlega sé að stilla þessum aðilum upp sem gerendum og brotþolum. Hvorki hluthafar, lánardrottinn né aðrir viðskiptamenn hafa, svo að vitað sé, kvartað yfir meðferð fjármuna, ráðstöfunum stjórnenda né yfirleitt upplifað fyrirtækið Baug Group hf. sem fórnarlamb í einhverjum fjárhagslegum hráskinnaleik. Eina undantekningin, sem hér sannar regluna, eru staðhæfingar fyrrum viðskiptafélaga og kæranda málsins.“

Önnur sakarefni

Sakarefnin eru fjölmörg önnur. Þau tengjast bankaábyrgðum, hugsanlegum umboðssvikum, kaffivíðskiptum í Færeyjum, víðskiptum með hluti í eignarhaldsfélaginu Gaumi Holding og A-Holding, sakarefni varðandi víðskiptareikninga, greiðslukort og persónuleg útgjöld, lánveitingum til stjórnenda og hluthafa Baugs Group.

Í flestum tilvikum telur Jónatan Þórmundsson mikinn vafa á að sekt verði sönnuð.

Litlar líkur á sakfellingu

Jónatan Þórmundsson lagaprófessor telur að litlar líkur séu á sakfellingu fyrir auðgunarbrot en miklar líkur séu til þess að blásið verði til málsóknar við birtingu ákæru. Fyrir því segir hann þrátt fyrir þá ástæður. Í fyrsta lagi verði



JÓNATAN ÞÓRMONDSSON PRÓFESSOR Í REFSIRÉTTI Samkrull lögreglu og ákærvalds verður til þess að jafnvel sami einstaklingur getur tekið ákvarðanir um rannsóknar-áðgerðir. „Með þessu fyrirkomulagi heyrir sjálfstætt mat ákærvalds sögunni til.“

samkrull lögreglu og ákærvalds í málum að þessu lagi til þess að sami aðili, jafnvel sami einstaklingur taki ákvarðanir um rannsóknaráðgerðir. „Með þessu fyrirkomulagi heyrir sjálfstætt mat ákærvalds sögunni til. Ákærvaldið verður þá gegnsýrt af einhliða rannsóknarsjónarmiðum án raunverulegs endurmats sakarefna með stöð í 112 gr. laga nr. 19/1991.“

Í öðru lagi telur Jónatan hætt við því að umfang ákæru ráðist að nokkru af löngu rannsóknarferli, miklu skjalamagni og tímafrekum bókhaldsathugunum. „Ákæran gæti því mótast af tímabáttum og sýndarárangri fremur en líklegum horfum á sakfellingu.“

Í þriðja lagi segir Jónatan orðrétt: „Allt rannsóknarferlið bendir óneitanlega til óvenju mikils ákafa og hörku rannsóknara að ná „árangri“ í málinu og talsvert hefur vottað fyrir vafasamri afstöðu rannsóknara til grundvallarreglnanna um sönnunarbyrði ákærvalds og sakleysi grunaðs manns uns sekt hans er sönnuð.“

Höfða skaðabótamál

Jónatan Þórmundsson prófessor hugleiðir í álitserð sinni réttarúrræði og réttarkröfur sem sakborningar í Baugsmálinu gætu gripið til. Á grundvelli þeirrar álitserðar hefur

TRYGGVI JÓNSSON

Tryggvi var forstjóri Baugs á þeim tíma sem hútleit var gerð í ágúst 2002. Hann er einn þeirra sex sem ákærðir eru.

stjórn Baugs Group hf. ákveðið að krefja íslenska ríkið um skaðabætur vegna þess tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir af völdum lögregluunnar.

Um réttarúrræðin og réttarkröfurnar segir Jónatan meðal annars, að unnt sé að lögsækja ríkið til heimtu skaðabóta vegna tjóns af völdum ólöglegra lögregluáðgerða og óhæfilegra tafa. Hann telur þann kost vænstan að höfða almennt skaðabótamál og segir orðrétt í lok álitserðarinnar: „Búast má við, að lögreglurannsókninni yrði þá hraðað og henni lokið fyrr en ella. Jafnframt mundi slík málsókn sýna ákveðinn styrk félagsins út á við og staðfesta þá ímynd, sem ég hef á þessari stundu, að fyrirtækið Baugur Group hf. sé fremur fórnarlamb lögregluáðgerða en lögbrota af hálfu stjórnenda sinna.“ ■



Endurnærandi

HVITA HÚSÍÐ / SÍA

Dekraðu við þig og þína með heimsókn í BLUE LAGOON – heilsulind þar sem spa-meðferðir, nudd, eimböð, sauna, tígulegur foss og freistandi veitingar eru meðal þess sem bíður gesta.

www.bluelagoon.com • 420 8800

 **Upplifðu**
ISLAND-SÆKJUM ÞAD HEIM


BLUE LAGOON
ICELAND

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Búnaðarbankinn og Landsbankinn virðast hafa verið seldir í pólitískum spreng:

Bankasölu- barningurinn

Það fer líklega ekki vel á því að setja bankasölu í flýtimeðferð, einkanlega þegar um þjóðareign er að ræða. Svo virðist hins vegar af fréttum undanliðinna daga og vikna sem einkavæðing Búnaðarbankans og Landsbankans hafi verið gerð af meira kappi en forsjá. Ráðamenn hafa viðurkennt að við sölu hafi hefði sitthvað mátt betur fara en við eftirgrennslan stjórnarandstöðunnar og fjölmiðla, þar á meðal Fréttablaðsins, verður ekki annað séð en tölurverð fljótaskrift hafi verið á sölusamningunum.

Það lá á að einkavæða. Það lá á að hrinda pólitískri hugsjón í framkvæmd. Það lá á að standa við stóru orðin um nýja sýn og auknið frelsi í viðskiptalífi landsmanna.

Og auðvitað var rétt að einkavæða. Ríkið á ekki að standa í samkeppnisrekstri og mætti vitaskuld draga sig enn frekar út úr þeim ríkisrekstri sem einstaklingar eru að keppa við. En menn mega hins vegar ekki vera í slíkum pólitískum spreng að gjörningurinn kasti rýrð á sjálfa hugsjónina.

Það hefur gerst í söluferli Búnaðarbankans og Landsbankans. Öll eftirmálin eru til vitnis um það. Þjóðin situr eftir og undrast ofboðið – og ekki síst misvísandi upplýsingar og útskýringar.

Það er óheppilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að ekki fáist á hreint hver þáttur sjálfs forsætisráðherra var í sölu þessara merku fjármálastofnana. Skýrslum og greinargerðum um meint vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar í tengslum við sölu ber ekki saman og þar af leiðandi má búast við því að spjótin standi áfram á forsætisráðherra á næstu mánuðum. Hann hefði betur upplýst þjóð sína um aðkomu sína að málinu langt um fyrr en hann gerði í stað þess að leggja í vörn. Hann hefði og betur hlustað á niðurstöðu skýrslu Ríkisendurskoðunar um meint vanhæfi sitt í stað þess að kynna hana sjálfur.

Aðalatriði þessa máls er að efinn situr eftir hjá þjóðinni. Honum fylgja pólitísk óþægindi, jafnvel óhreinindi, en einkum þó óvissan enda er það svo að hvorki stjórnarandstaðan né forsætisráðherra hafa náð að sannfæra fólk um það hvernig söluferlinu var raunverulega háttað, hvað svo sem nýjum minnisblöðum og lögfræðiálitum líður. Og langt utan seilingar eru lykilorð á borð við gagnsæi og leikreglur; skýrar og gagnsæjar leikreglur.

Við þetta bætast enn aðrir angar málsins. Fréttablaðið greindi frá því í fyrradag að Lífeyrissjóður bankamanna hefði afráðið að stefna Landsbanka Íslands, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra vegna vaxandi skuldbindinga sjóðsins sem rekja má beint til þess launaskriðs sem varð innan bankans af völdum einkavæðingarinnar. Stjórn sjóðsins álitur að gleymst hafi að gera ráð fyrir þessum afleiðingum bankafrelsisins. Fullyrt er að tapi lífeyrissjóðurinn málinu fyrir dómstólum eigi sjóðurinn ekki annan kost en að skerða lífeyrissgreiðslur til sjóðsfélaga. Tapi Landsbankinn málinu má hins vegar búast við því að Samson og aðrir eigendur bankans telji sig hafa greitt of hátt verð fyrir bankann og krefjist milljarða króna í endurgreiðslu, ofan á annan afslátt sem fékkst af kaupverðinu.

Hér er náttúrlega spurt um pólitíska vandvirki. Og fátt er um sannfærandi svör. ■

ÓB Snorrabraut

– alltaf opið

Hinn og haf / SIA – 9800471

BSÍ

- alltaf í leiðinni

ódyrt bensín

| | FRÁ DEGI TIL DAGS | |
|--|--|--|
| <p>Að fjármagna stjórnmal</p> <p>Ef ekki kæmu til opinber framlög til stjórnmalaflokkanna væru þeir algerlega háðir framlögum frá einstaklingum, félagsamtökum og fyrirtækjum um starfsemi sína. Nánast allt hefur verið á huldu um slík framlög til stjórnmalastarfseminnar í áratugi. Af þeim sökum hafa getgátur verið því fleiri um það hverjir styðja hvern með slíkum framlögum. Hversu háar fjárhæðir fær Framsóknarflokkurinn frá Ólíufélaginu hf? Og hvað með S-hópin? Hvað skyldi Eimskipafélagið hafa greitt samtals í sjóði Sjálfstæðisflokksins áður en Björgólfur Guðmundsson lagði félagið undir sig? Og hvað með Baug? Fær Samfylkingin meira þaðan en aðrir flokkar? Og svo framvegis. Hér skal því til haga haldið að í nýlegri</p> | <p>skýrslu forsætisráðherra kemur fram að opinberir styrkir til stjórnmalaflokka voru um 200 milljónir króna á síðasta ári. Einstaklingar og fyrirtæki höfðu þetta sama ár fært til frádráttar um 680 milljónir króna vegna framlaga til líknarmenningarstarfsemi og stjórnmalaflokka. Hluti af þessari upphæð er sjálfsagt til kominn vegna framlaga til stjórnmalaflokka.</p> <p>Í hvaða liði er FL Group?</p> <p>Nýtt mynstur í viðskiptalífinu getur vitanlega raskað gömlum og viðteknum hlutföllum í þessum efnun. Nýir eigendur, ný viðhorf, nýir tímar. Já, nýir leikendur láta krónurnar rúlla í nýjar áttir. Varð upp-gangur Baugs og annarra nýrra kaup-sýslumanna til þess að Kolkrabbinn hvarf</p> | <p>af sjónarsviðinu? Hafði það áhrif á „afkomu“ Sjálfstæðisflokksins að gamla heildsalastétin þurrkaðist nær út og eftir stóðu nokkrir stórir? Og hvað um Sambandið? Kemur S-hópurinn Framsóknarflokknum upp í 18 prósentu fylgi í næstu þingkosningum? Menn ræða svona hluti. Og eftir nýjustu byltinguna hjá FL Group ræða dyggir Sjálfstæðismenn hvort Eng-ejarættin; Einar Sveinsson, Benedikt Sveinsson og fleiri, séu á leið í óvinaherinn með Baugsveldinu, Hannei Smárasyni og fleiri kaupahéðnum. Þeir spyrja hvað verði um framlög í flokkssjóðina frá FL Group og Íslandsbanka sem áður voru augu og armar Kolkrabbans.</p> <div style="text-align: right;"> <p>johann@frettabladid.is</p> </div> |

Rof í fjölmiðlun

Það þarf blindan mann til að greina ekki það rof sem er að verða í fjölmiðlun, umræðu og annari umfjöllun í samfélaginu okkar. Að einhverju leyti má rekja þetta rof til tæknilegra breytinga; netið hefur sprungið út og tækniframfarir á fjölmörgum sviðum hafa lækkað kostnað og þar með þröskulda þess að halda úti einhvers konar fjölmiðlun. Ekki veigaminna atriði er að Ísland er óðum að renna saman við stærri menningarheild og skilin á milli innlendirar fjölmiðlunar og erlendirar verða sífelld óljósari. Erlent efni kemur hingað bæði í meira magni og fyrr en áður. Við getum lesið vefsíður allra fjölmiðla veraldrar og höfum jafnt aðgang að erlendum fréttarásunum í sjónvarpi sem slúður- og skemmtirásun – það ágæta ríkisfyrirtæki Landssímunnar var um daginn gera einkasamning við klámveitu Playboy, þannig að brátt rennur íslensku klámíðlun endanlega saman við allt klám og allan dónaskap heimsporpsins.

Það er alltaf jafn ómögulegt að segja til um hvort kemur á undan, eggdi eða hænna. Það má því sjálfsgott endalaust deila um hvort samruni íslenskrar fjölmiðlunar við fjölmiðlun heimsins – í það minnsta þá vestrænu – sé grundvöllur viðtækara rofs í íslensku samfélagi eða hluti hennar.

Sú heita umræða sem gekk yfir fyrri part viku um tímaritið Hér og nú er ekki sérstæð í eðli sínu heldur fellur hún inn í langvarandi glímu um mörk fjölmiðlunar. Eldsneyti umræðunnar er rof frá þeirri stöðu að ein stefna og samræmd afstaða gat að mestu gilt um alla fjölmiðlun á landinu undir föðurlegri stjórn Morgunblaðs og Ríkisútvarps yfir í fjölmiðlaheim þar sem mismunandi afstaða, ólík heimsmynd og þverstæð skilgreining á hlutverki fjölmiðlunar fá að dafna – og hnigna – án þess að kallað sé eftir einhvers konar miðlægi stjórn eða aðgerðum. Þannig er fjölmiðlaheimur Vesturlanda. Þar mótast miðlarnir í gagnvirku sambandi sínu við lesendur og mótast þannig að vilja og væntingum þeirra. Utan um fjölmiðlana eru síðan reglur, eins og um aðra starfsemi samfélagsins – samstofna þeim lagamma sem hér gildir.

Kveikjan að umræðunni var hins vegar mistök Hér og nú. Ég held að enginn velkist í vafa um að blaðið kallaði yfir sig vandlætningu stórs hóps fólks og það getur varla hafa verið ætlan þess. Vand-

lætningin byggðist á framsetningu blaðsins og efnisvali – ekki því hvort það fór með rétt mál eða ekki.

Þegar þessi kveikja er sett í eldsneytið, sem nefnt var að ofan, upplifum við allsherjar fordæmingu á öllum tilburðum til annars konar fjölmiðlunar en þeirrar samræmdu sem við lærðum að lifa við á árum áður. Og eins oft vill verða þegar deilt er þá eru rökinn sótt í samanburð á vöndu og góðu. Ef ég má taka samanburð af miðlum sem eru ekki á vegum 365 þá er vont Séð & heyrt borið saman við góðan Mogga. Auðvitað er

Í DAG
ROF Í FJÖLMÍÐLUN,
SAMRÆMING
OG SUNDRUN.

GUNNAR SMÁRI EGILSSON



Hér og nú mun án efa draga lærdóm af þeirri ráðningu sem það fékk í öðrum fjölmiðlunum 365. Við hin sitjum enn uppi með hina langvarandi umræðu um mörk fjölmiðlunar sem er drifin áfram af rofi í fjölmiðlun okkar, umræðu og umfjöllun.

Mogginn betri í slíkum samanburði. En Mogginn á vöndum degi er litlaus og tilgangslaus pappírsmassi á sama hátt og virkilega gott Séð & heyrt getur verið eins og ánægjustund í fjölleikahúsi. Við komumst ekkert nær gildi mismunandi fjölmiðla með því að vera sífelld að bera saman mistök eins við glæst augnablik annars.

Ég varð var við það þennan fyrri part viku, að fólk var óvísst um hvernig það átti að taka á því að Hér og nú er gefið út af 365. Það mátti heyrja enduróm þessarar óvissu með ýmsum hætti. Vandinn er að 365 er eiginlega nýtt fyrirbrigði á Íslandi. Bæði er að við þekkjum ekki dæmi þess áður að jafn litríki og fjölþættri flöru fjölmiðlunar sé haldið úti af sama fyrirtæki. Þótt það hafi margsýnt sig vera rangt, þá hættir fólk til að setja samasemmerki milli fjölmiðlafyrirtækis og fjölmiðla þess – en slík samlagning

var algjörlega ómöguleg fyrir part vikunnar. Fjölmiðlar 365 héldu fram gagnstæðum skoðunum og notuðu tækifærið til að skerpa á sérstöðu sinni gagnvart öðrum miðlum sama fyrirtækis. Það er eðlilegt að einhverjum hafi fundist þetta undarlegt þar sem við þekkjum ekki fordæmin – en flestum verður ljóst við nánari skoðun að öðru vísi getur þetta ekki verið. Er það ekki einmitt lykilið að því að hægt sé að halda úti fjölbreyttri flöru fjölmiðla að þeir deili sín á milli á grundvallaratriði fjölmiðlunar? Að öðrum kosti væri fjölbreytileikinn lítið annað en yfirvarp – eins konar brella.

Það mátti líka greina vand-ræðagang í umræðunni sökum þess að 365 er fyrsta fjölmiðlafyrirtækið sem skráð er á markað. Mönnum hætti til að sveigja framhá ritstjórnarlegu sjálfstæði og kölluðu eftir hlutverki og ábyrgð eigna – sem í tilfelli 365 er ekki einn og ekki fáir heldur á annað þúsund aðilar. Í skoðana-dálkum samkeppnisblaða 365 leyfðu menn sér jafnvel að samtvinna alla fjölmiðla 365 við alla hugsanlega hagsmuni allra eigna félagsins – sem er ekki aðeins lykka á allar hugmyndir um þroskaðan fjölmiðlamarkað – heldur myndi enda sem allsherjar flækja sem fléttaði ritstjórnir allra fjölmiðla 365 við alla hugsanlega og óhugsandi hagsmuni allra eigna félagsins og allra þeirra sem tengjast þeim með einhverjum hætti. Ég gat ekki varist því þegar ég las þetta, að velta því fyrir mér hvort í þessum sérstæðu skoðunum samkeppnisblaðanna lægi ef til vill ein ástæða þess að 365 gengur vel á fjölmiðlamarkaði á meðan það virðist velkjast fyrir öðrum að finna sér leið til sóknar og vaxtar.

En hvað lærum við að þessu? Hér og nú mun án efa draga lærdóm af þeirri ráðningu sem það fékk í öðrum fjölmiðlunum 365. Við hin sitjum enn uppi með hina langvarandi umræðu um mörk fjölmiðlunar sem er drifin áfram af rofi í fjölmiðlun okkar, umræðu og umfjöllun. Kannski tekst okkur einhvern daginn að gangsetja þessa umræðu að nýju án þess að til komi vont dæmi sem skemkir hana af reiði, vandlætningu og fordæmingu. Ef ekki; þá mun hún áfram fleyta kerlingar á vöndum dæmum og í reiðiköstum. Veröld okkar ferst ekki þótt svo verði. Þannig höfum við drifið áfram umræðu um önnur mál. ■

**LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA**

VISIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRNAR: Sigrún M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRNAR: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRN: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLIA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Frábær helgartilboð í

Europpris



ÓTRÚLEGT VERÐ!

19900-

JWS SPILARI

20 GB - styður MP3,
OGG, WMA og WAV

JWS Spilari

- 20 GB harður diskur
- Innbyggt FM útvarp
- Diktafónn
- Háhraða gagnaflutningur með USB 2.0
- Þyngd aðeins 168 gr.



1390-

GÚMMÍSTÍGVÉL

st. 35 - 46



2990-

SJÓNVARP 5,5"

SIH - m / útvarpi



9900-

26" REIÐHJÓL - 21 GÍRA

m / brettum og dempurum
svart / silfrað / blátt / rautt



2495-

KÚLUTJALD - ASPEN

2 manna



149-

GRILLKOL

2 kg.



ÓTRÚLEGT VERÐ!

18-

NÚÐLUR

3 tegundir



ÓTRÚLEGT VERÐ!

2990-

FERÐAGEISLASPILARI

m / hristiv. og heyrnart.



139-

EINNOTAGRILL



49-

pr. stk.

FAXE KONDI / NIKOLINE APPELSÍN

NIKOLINE LEMON / PILSNER 0% ALKÓHÓL

0,33 l

24990-

LANDMANN GASGRILL

m / 3 brennurum



1290-

2 MANNA BÁTUR

Uppblásanlegur

Árar 690-

- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Selfoss, Austurveg 69



ÓTRÚLEGT VERÐ!

13900-

TRAMPOLÍN

3,6 m. - stálgormar

Öryggisnet 11900-

OPIÐ 11 - 20
ALLA DAGA



ÓTRÚLEGT VERÐ!

995-

SÓLSTÓLL

samanbrjótanlegur

Europpris

ÚTSÖLU

LOK

.....gerðu góð kaup



FATASKÁPUR

54.980

verð áður 94.960

CHARME Fataskápur með rennihurðum úr hlyn/hvítu melamini, B 222 x D 64 x H222. Ósamsettur með skúffum, 3 hillum og 3 fataslám.



CUBIC KOMMÓÐA

9.780

verð áður 13.980

CUBIC kommóða Fæst í hvítu, Kirsuberja, beyki og hlyn. Stærð B:74 x D:50 x H:89 cm.



SÓFASETT 3+2

129.980

verð áður 199.980

ADMIRAL SÓFASETT 3+2 sæta. Sand litað áklæði, grind olíuborin eik. B:208 -145 x D:90 x H:70cm.



Anderson La-Z-boy

27.980

verð áður 39.980

ANDERSON LA-Z-BOY hvíldarstóll. Míkró áklæði. Fæst með ruggu og án. Litur: Ljósblár og steingrár. B:85 x D:85 x H:45/100cm.

Up! 20-80% AFSLÁTTUR

40%
AFSLÁTTUR



HÆGINDASTÓLL

29.980
verð áður 49.980

GERADO HÆGINDASTÓLL Glæsilegur
bast hægindastóll, sessur fylgja með.
B:75 x D: 85 x H85 cm.
Nú kr. **29.980**.

60%
AFSLÁTTUR



97 x 190.5 cm

AM
verð

15.990
verð áður 39.980

GRAND SONATA Stærð B90 x D: 190,5.
takmarkað magn.
Nú kr. **15.990**. ándýnuramma.



50%
AFSLÁTTUR

TVEGGJA SÆTA SÓFI
29.980
verð áður 59.980

OREGON SÓFI 2 sæta. Microfiber áklæði. Litir camel,
hvítur og sand. B:160 x D:90 x H:85 cm.



HÚSGAGNAHÖLLIN

OPIÐ ALLA DAGA



bodum

- Mánudaga - Föstudaga 10-19
- Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18
- Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

Ferðataskan í sumar



**Besti
ferðafélaginn**
Léttur öllari



KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.150 +0,40%

Fjöldi viðskipta: 261
Velta: 12.301 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Jarðboranir +2,33%
↑ Flaga +2,05%
↑ Burðarás +1,97%

MESTA LÆKKUN

↓ Össur -1,26%
↓ Kögun -1,00%
↓ Mosaic Fashions -0,71%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,20 +0,50% ... Bakkavör 39,20 +0,51% ... Burðarás 15,40 +1,32% ... FL Group 15,10 +0,67% ... Flaga 4,49 +2,05% ... Grandi 8,50 -0,58 ... Íslandsbanki 13,50 -0,37% ... Jarðboranir 22,00 +2,33 ... KB banki 537 +0,00% ... Kögun 59,40 -1,00% ... Landsbankinn 18,17 +0,59% ... Marel 59,00 +0,85% ... SÍF +0,00 ... Straumur 12,15 +0,00% ... Össur 78,50 -1,26%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Rökke í steinin

Norski athafnamaðurinn Kjell Inge Rökke, aðaleigandi Aker Seafoods, hefur verið dæmdur í 120 daga fangelsi, en þar af eru 90 skilorðsbundnir, auk sakarkostnaðar. Dóminn fær hann fyrir að hafa mútað embættismanni til að veita honum sænsk skipstjórnarréttindi og siglt snekkjunni Celina Bella án skirteinis. Rökke sagði við blaðamenn meðan á réttarhöldunum stóð að hann vildi heldur dúsa í fangelsi en að hlusta á rausið í lögfræðingum. Nú hefur kappanum líklega orðið að ósk sinni. Hann ætti því að hafa tíma til þess í steininum að lesa undir pungaprófið.

Íslendingaálág á Norðurlöndum

Varla líður sá dagur að ekki komi einhver frétt af kaupum Íslendinga á erlendum fyrir-

tækjum. Maersk var keypt í vikunni og heimsferðir keyptu tvær ferðaskrifstofur. Danir einkanlega hafa verið að klóra sér í hausnum yfir þessu öllu saman og hafa blaðamenn haft samband við marga hér heima til að leita skýringa á þessu öllu saman. Hin hliðin á peningnum er sú að kaupslýslumenn á Norðurlöndunum fá glýju í augun þegar Íslendingar eru annars vegar. Íslenskir fjárfestar eru farnir að kvarta undan því að verðhugmyndir seljenda fyrirtækja hækki um fimmtán prósent um leið og Íslendingar birtast. Margir hafa því þurft að sýna hörku og þolinmæði til að ná álaginu niður aftur. Gárungar eru farnir að kalla þetta sonálagninguna á skandinavísk fyrirtæki.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Seðlabanki Bandaríkjanna hefur hækkað stýrivexti sína um 0,25 prósent níunda skiptið í röð og hafa þeir nú alls verið hækkaðir um 1,25 prósent á einu ári. Stýrivextir í Bandaríkjunum eru nú 3,25 prósent.

Krónan styrktist um 0,18 prósent í gær. Gengisvísitalan byrjaði í 110,20 en var 110 í lok dags. Krónan hefur verið að styrkjast að undanförmu og má rekja það að hluta til erlendar lántöku vegna hlutabréfakaupa.

Í tengslum við nýafaðað hlutafjárútbót seldi Actavis Group hf. þann 30. júní 198.613.449 eigin hluti á genginu 38,5. Seldum hlutum verður ráðstafað samkvæmt skilmálum útbóts eins og þeir komu fram í útbótisýningu.

Eimskip kaupir Halship

Eimskip hefur fest kaup á helmingshlut í kanadíska skipafélaginu Halship. Verður nú boðið upp á vikulegar siglingar milli Kanada og Bandaríkjanna en þær voru áður á tveggja vikna fresti.

Eimskip hefur keypt helmingshlut í kanadíska skipafélaginu Halship. Halship sérhæfir sig í gámaflutningum milli Kanada og austurstrandar Bandaríkjanna, höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Halifax en jafnframt er skrifstofa í Boston.

Halship rekur eitt skip sem sigla mun milli Halifax og Boston

og Nýfundnlands og Boston.

Segir í tilkynningu frá Eimskip að flutningsgeta fyrirtækisins aukist talsvert vestanhafs, nú verði í boði vikulegar siglingar milli Kanada og Bandaríkjanna, en þær hafi áður verið á tveggja vikna fresti, auk þess sem töluverð hagræðing hljótist af.

Baldur Guðnason forstjóri Eimskipa segir kaupin styrkja stöðu fyrirtækisins vestanhafs: „Þetta styrkir tvímælaust stöðu okkar í þeirri þjónustu sem við höfum verið að byggja upp. Þarna fáum við eitt skip til viðbótar við þau tvö sem fyrir eru, og bættum með því flutningsgetu okkar og þjónustu“.

-jsk

Allir almennir stjórnarmenn FL Group hætta

Sala stórs hlutar og úrsögn stjórnarmanna þýðir að stjórnarformaðurinn verður sá eini sem áfram verður í stjórn fyrirtækisins. Þrjú stjórnarmenn hafa sagt af sér. Samráð er talið hafa skort en Hannes Smárason segir stjórnarsetu í fyrirtækinu krefjast mikils tíma af stjórnarmönnum.

EINN Á FLUGI Allt bendir til þess að Hannes Smárason verði eini stjórnarformaðurinn sem heldur áfram í stjórn FL Group eftir hluthafafund sem haldinn verður í næstu viku. Baugur jók við hlut sinn í FL Group og viðskiptifélagar Baugs í Og Vodafone, Mosaic og fleiri félögum bætast í hóp hluthafa FL Group.



Þrjú stjórnarmenn FL Group hafa sagt sig úr stjórninni og aðrir stjórnarmenn fyrir utan stjórnarformanninn eru fulltrúar eigenda sem hafa selt hlut sinn í félaginu. Á boðuðum hluthafafundi í FL Group eftir viku má búast við að skipt verði um stjórn að öllu öðru leyti en því að stjórnarformaðurinn Hannes Smárason situr áfram.

Stjórnarmennirnir þrjú Hreggviður Jónsson, Árni Oddur Þórðarson og Inga Jóna Þórðardóttir voru ekki samstíga stjórnarformanninum og töldu hann taka ákvarðanir á eigin spýtur án nægjanlegs samráðs. Er einkum um að ræða fjárfestingar félagsins þar sem Hannes mun samkvæmt heimildum hafa tekið ákvarðanir án þess að hafa aðra stjórnarmenn með í ráðum. Stjórnarmennirnir töldu sig því ekki eiga lengur sameið með Hannesi í fyrirtækinu, þótt þeir hafi mikla trú á framtíð félagsins.

Hannes segir að í fyrirtæki sem er á jafn mikilli ferð sé ekki óeðlilegt að einstakir stjórnarmenn hugleiði sinn gang og hvort þeir vilji fylgja með. „Ég hef stóra drauma fyrir hönd félagsins og starfa að framgangi þess allan sólarhringinn og má vel vera að á slíkri ferð finnist sumum þeim vera í aftursætinu.“ Hann segir stjórnarsetu í slíku fyrirtæki

krefjast mikils tíma og orku af stjórnarmönnum og því eðlilegt að menn meti hvort þeir hafi tíma til að sinna svo krefjandi félagi.

Saxbygg, eignarhaldsfélag í eigu Nóatúnsfjölskyldunnar og verktakanna Gunnars og Gylfa, seldi sinn hlut í flugfélaginu. Áætla má að söluhagnaður þess af eigninni sé um fjórir milljarðar króna. Kaupendur eru Hannes sem nú eykur hlut sinn í 35 prósent, Baugur sem eykur hlut sinn úr rúnum níu prósentum í rúm tólf og félag í eigu Kevin Stanford, Magnúsar Ármanns og Sigurðar Bollasonar sem hafa verið viðskiptafélagar Baugs í fjárfestingum erlendis og hér innanlands.

Talið er að þessi sami hópur fjárfesta hafi einnig hug á að koma af krafti inn í hluthafahóp Íslandsbanka og eiga þar samstarf við Karl Wernersson og þá sem nú skipa meirihluta í bankaráði Íslandsbanka.

Verði af þeim áformum er Jón Ásgeir kominn með mikil ítök í FL Group og Íslandsbanka, en fyrri tilraunir hans til áhrifa í þessum fyrirtækjum voru ekki litnar hýru auga af sterkum öflum í viðskiptalífi þess tíma.

hafliði@frettbladid.is



TIL EIGENDA SUMARBÚSTAÐA OG SUMARBÚSTAÐALÓÐA

Fasteignamat ríkisins hefur lokið endurmati fasteignamats sumarbústaða og sumarbústaðalóða að beiðni fjármálaráðuneytis, sbr. 32. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Þá hefur hluti sumarbústaða jafnframt sætt endurmati brunabótamats, sbr. 10. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48/1994. Tilkynningaseðlar um fyrirhugaða niðurstöðu endurmatsins verða sendir eigendum þessara eigna á næstu dögum, en þar koma jafnframt fram upplýsingar um gildandi mat.

Niðurstaða endurmats tekur gildi **1. september 2005**. Fasteignamatið er miðað við verðlag í nóvember 2004. Þann 31. desember nk. fer síðan fram árlegur framreikningur fasteignamats og er matið þá fært til verðlags í nóvember 2005. Brunabótamat miðast við verðlag í júní 2005 en breytist mánaðarlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar, útgæfna af Hagstofu Íslands. Þann 31. desember nk. fer síðan fram árleg breyting á brunabótamati í samræmi við breytingar á byggingarkostnaði næstliðið ár og útreiknaðar afskriftir.

Frestur til athugasemda við fyrirhugað mat er til **15. ágúst 2005** og skulu þær gerðar skriflega. Eyðublað þar að lútandi er að finna á www.fmr.is. Núgildandi mat hvílir á eigninni þar til ákvörðun hefur verið tekin vegna innsendra athugasemda, en sú ákvörðun mun gilda frá 1. september 2005.

Frekari upplýsingar um endurmat sumarbústaða og sumarbústaðalóða er að finna á www.fmr.is.

515 5300

FASTEIGNAMAT RÍKISINS

www.fmr.is

| | | | | |
|--|---|---|--|---|
| Borgartúni 21 105 Reykjavík Fax 515 5310 Netfang fmr@fmr.is | Bjarnarbraut 8 310 Borgarnes Fax 515 5380 Netfang fmrvest@fmr.is | Hafnarstræti 95 600 Akureyri Fax 515 5420 Netfang fmrnord@fmr.is | Kaupvangi 6 700 Egilsstaðir Fax 515 5450 Netfang fmrast@fmr.is | Austurvegi 4 800 Selfoss Fax 515 5460 Netfang fmr sud@fmr.is |
|--|---|---|--|---|

Kaupa erlend verðbréf

Kaup Íslendinga á erlendum verðbréfum hafa aukist að undanförmu, kemur fram á vef greiningardeildar Íslandsbanka. Innlendir fjárfestar keyptu fyrir 5,2 milljarða króna í erlendum verðbréfum í maí umfram það sem þeir seldu. Til samanburðar voru hrein kaup í sama mánuði í fyrra 3,4 milljarðar.

Helstu hlutabréfamarkaðir erlendis hafa verið fremur rislitlir að undanförmu og telur greiningardeildin að íslenskir fjárfestar líti svo á að hátt gengi krónunnar stuðli að góðri ávöxtun á lang-



FRÁ KAUPHÖLLINI Íslenskir fjárfestar sækja í auknum mæli í erlend verðbréf.

tímajárfestingum, leiðrétting muni eiga sér stað á gjalddeyrismarkaði fyrr en seinna. -jsk

„Við vorum á löglegum hraða.
En maðurinn sem vildi komast
fram úr okkur var á 120. Hann
rétt rakst utan í hornið á
bílnum okkar ...“

Þessi frásögn er byggð á raunverulegum atburðum.



✝ **ÁHÆTTAN ER ALDREI ÞESS VIRÐI**



UMFERÐARSTOFA

JEAN-JACQUES ROUSSEAU (1712-1778)
lést þennan dag.



„Þakklæti er skylda sem ætti að borga en sem enginn getur ætlast til að fá.“

Jean-Jacques Rousseau var fransk-svissneskur heimspekingur, rithöfundur og sjálflært tónskáld.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Amelia Earhart hverfur í Kyrrahaf

Þennan dag árið 1937 hvarf flugvél Amelíu Earhart og Frederick Noonan nærri Howland-eyju í Kyrrahafi. Þau voru að reyna að fljúga í kringum jörðina þegar þau gerðu mistök á erfiðasta kafla leiðarinnar frá Lae í Nýju Gíneu til Howland-eyju í miðju Kyrrahafi. Bandaríska strandgæslan hafði verið í risjóttu talstöðvambandi við Earhart þegar hún nálgast eyjuna og fékk skilaboð um að hún væri týnd og að verða bensínlaus. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir var ekki hægt að staðsetja flugvélin og Earhart fann ekki strandgæsluskipið þrátt fyrir að það sendi upp svört reykmerki.

Líklega hefur hún stuttu síðar reynt að brotlenda í sjónum en ef lendingin hefði tekist fullkomlega hefðu þau Earhart og Noonan getað sloppið í björgunarbát. Þrátt fyrir mikla leit fannst aldrei tangur né tetur af þeim. Amelía Earhart fæddist í Kansas árið 1897. Hún fór að fljúga um 24 ára aldur og varð brátt nokkuð þekkt sem ein af fyrstu kvenflugmönnum. Árið 1928 varð hún fyrsta konan til að fljúga yfir Atlantshaf og hlaut talsverða frægð fyrir. Hún var af mörgum kölluð „Lady Lindy“. Á næstu árum tók hún sér á hendur ýmsar frumkvöðlaferðir. Í mars árið 1937



2. JÚLÍ 1937

reyndi hún við hringflug um hnöttinn en varð að hætta við vegna skemmdar á flugvélinni. 1. júní lagði hún af stað á ný ásamt Noonan. Þau höfðu lagt að baki 22 þúsund mílur og áttu einungis sjö þúsund eftir þegar slysið varð.

MERKISATBURÐIR

- 1839 Uppreisn er gerð á þrælskipinu Amistad sem var á leið frá Afríku til Kúbu.
- 1876 Á áttunda hundruð Norðlendingar leggja af stað til Nýja Íslands frá Akureyri. Þetta var fjölmennasta ferðin héðan til Vesturheims.
- 1907 Tveir Þjóðverjar drukna í Öskjuvatni.
- 1937 Einkasnekkja Adolfs Hitlers, Aviso Grille, kemur til Reykjavíkur. Að vísu án Hitlers.
- 1964 Lyndon B. Johnson Bandaríkjaforseti skrifar undir tímamótalög um borgaraleg réttindi.
- 2000 Paul McCartney kemur til Íslands ásamt vinkonu sinni og ferðast um landið í nokkra daga.



STYRKÞEGAR Þau sem hlutu styrk voru Ellert Hlökkversson, Kolbrún Árnadóttir, Ragnar Már Skúlason og Sturlaugur Jón Björnsson.

Fjórir námsmenn fá styrk

Fjórir námsmenn fengu úthlutað námsstyrkjum Námsmannafjónustu Sparisjóðsins í Keflavík í vikunni. Sparisjóðurinn veitir styrkina á hverju ári og fær hver og einn upphæð að andvirði 125 þúsund krónur.

Þau sem hlutu styrk voru Ellert Hlökkversson, sem útskrifast með BS-gráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði frá Háskóla Íslands, Kolbrún Árnadóttir, en hún útskrifast með B.Ed.-gráðu frá Kennaraháskóla Íslands sem

grunnskólakennari, Ragnar Már Skúlason sem útskrifast með BS-gráðu í alþjóða viðskiptafræðum frá Webber International University, og Sturlaugur Jón Björnsson, sem útskrifast með meistara-gráðu í hljóðfæraleik frá Boston University.

Námsfólkið er allt frá Suðurnesjum og er markmiðið að styðja við bakvið á námsmönnum frá því svæði. Námsstyrkirnir hafa verið veittir í fimmtán ár og hafa samtals 57 námsmenn fengið styrki. ■



FIMMTUGUR Magnús segist bæði þakklátur og dapur á þessum tímamótum. Þakklátur fyrir að hafa náð þessum aldri og dapur því hann sér fram á að þurfa um hundruð ár í viðbót til að rannsaka dulræn mál.

MAGNÚS SKARPHÉÐINSSON ER FIMMTUGUR.

Gleðst yfir dauða flestra

„Ég mun halda upp á afmælið mitt í Amalienborg,“ segir Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknafélagsins og skólastjóri Álfaskólans, sem vonast til að geta snætt með drottningunni í til efni dagsins. „Ég hef sagt öllum vinum og vandamönnum að ef þeir vilji heiðra mig með nærveru sinni geti þeir hitt mig í Amalienborg í Kaupmannahöfn,“ segir Magnús hlæjandi en bætir við að hann eigi að vísu eftir að semja við Margréti drottningu um að fá að sitja með henni til hásetis. „Það hlýtur að vera auðsött mál,“ segir hann kíminn en í kvöld ætlar hann að skella sér í Tívoli og horfa á leikritsuppsetninguna H.C. Andersen.

Á þessum tímamótum segist Magnús bæði þakklátur og dapur. Þakklátur að hafa náð þessum aldri, sem hann segir ekki sjálfgefið, og dapur þar sem hann sér fram á að þurfa um hundruð ár í viðbót til að rannsaka dulræn mál. Magnús segist ekki vera mikið fyrir gjafir. „En ég er mikið fyrir selskap,“ segir hann glaðlega og bætir við að skemmtilegasti selskapurinn sé Tilraunafélagið, sem hittist á sunnudagskvöldum í Reykjavík. „Ég hlakka alla vikuna til sunnudagskvöldanna,“ segir Magnús en hefur þar að auki gaman af að hitta frændur sínar og frændur sem þó allt of fá tilefni gefist til. „Það er hallærislegt að þegar maður er orðinn fimmtugur

hittir maður ættingja yfirleitt bara í jarðarförum,“ segir Magnús, sem gleðst yfir dauða flestra, nema ef um ungt fólk er að ræða, enda sé dauðinn ekki endalok neins.

Magnús segir alltaf mikið að gera í Sálarrannsóknafélaginu. Helsta starf hans sé að safna reynslusögum og skrá þær niður. „Væntanlegt er á næsta ári úrval þjóðsagna eftir Magnús Skarphéðinsson,“ segir Magnús en þar koma meðal annars við sögu draugar, fylgjur, álfar og meira að segja draugar í tölvum. „Ég er búinn að ná Jóni Árnasyni þjóðsagnasafnara,“ segir Magnús en hann hefur skráð um fjögur þúsund frásagnir á tuttugu árum. ■

ANDLÁT

Hannes Þorsteinsson, fyrrum stórkaupmaður frá Eyjólfsstöðum í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu, lést 21. júní. Útförin hefur farið fram.

Guðrún Ólína Gunnarsdóttir, Dvergabakka 2, Reykjavík, lést á Landspítala Hringbraut föstudaginn 24. júní.

Árni Ásgrímur Þorbjörnsson lést miðvikudaginn 29. júní.

Hjörtur Benediktsson framkvæmdastjóri, Laufengi 152, Reykjavík, áður Seiðakvísl 36, andaðist á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi við Hringbraut miðvikudaginn 29. júní.

Karl Jóhann Karlsson, Kleppsvægi 144, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 29. júní.

Laufey Andrésdóttir, Fjólulhvammí 4, Hafnarfirði, lést á líknardeild Landakotspítala miðvikudaginn 29. júní.

JARÐARFARIR

11.00 Konráð Gíslason frá Frostastöðum, Furulundi 4, Varmahlíð, verður jarðsöngurinn frá Sauðárkróskirkju.

11.00 Ragnar Kristófersson, Ólafsvægi 14, Ólafsfirði, verður jarðsöngurinn frá Ólafsfjarðarkirkju.

14.00 Gísli Ólafsson, Brúum, Aðaldal, verður jarðsöngurinn frá Grenjaðarstaðarkirkju.

14.00 Guðmundur Skúlason húsa-smíðameistari, Seljalandsvegi 8, Ísafirði, verður jarðsöngurinn frá Ísafjarðarkirkju.


14.00 Þorbjörg Sigurðardóttir, Hveramörk 2, Hveragerði, verður jarðsöngurinn frá Hveragerðiskirkju.

17.00 Guðmundur Skagfjörð Fríðþjófs-son frá Siglufirði verður jarðsöngurinn frá Siglufjarðarkirkju.

AFMÆLI




Sigurður Línal
prófessor er 74 ára.




Jóhann Hjálmarsson
rithöfundur er 66 ára.




Magnús Jónsson
veðurstofustjóri er 57 ára.



Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
leikkona er 36 ára.



1931 Imelda Marcos
skósafrnari.



1986 Lindsay Lohan leikkona.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

FYRSTA STARFIÐ IÐUNN STEINSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

Fékk ekki borgaða yfirvinnu

Fysta sumarstarf Iðunnar Steinsdóttur rithöfundar var í Kaupfélaginu á Seyðisfirði sumarið 1956. Hún var þá sextán ára og afgreiddi frá morgni til kvölds því mikið var að gera. „Það var svo mikið af síldarskipum inni,“ segir Iðunn, sem fannst vinnan skemmtileg.

Iðunn man þó einna best eftir viðhorfinu gagnvart launum á þessum tíma. Hún vann mikla eftirvinnu sem hún fékk aldrei borgaða því allir voru á föstu kaupum. Þegar hún fór að spyrja vinnufélagana út í þetta var viðlitið þannig að fæstir kunnu við það að biðja um meira kaup enda léti kaupfélagstjórnin þeim stundum í té nokkur hundruð krónur fyrir jóln. „Þar með var það afgreitt,“ hlær Iðunn sem finnst ólíklegt að slíkt myndi líðast nú. Iðunn man samt ekki hvað hún

fékk í laun en var aðallega að safna sér fyrir veturinn þar sem hún var í Menntaskólanum á Akureyri á þessum tíma. Sumarhýran dugði þó skammt og þurftu foreldrarir að borga það sem upp á vantaði.

Iðunn vann í kaupfélaginu aðeins í eitt sumar og fór síðan að vinna á símanum. Þetta sumar hitti hún alls konar fólk, bæði bæjarbúa og útlendinga af skipunum. „Maður þurfti að geta talað skandinavísku,“ minnir hana en síðan komu einnig ákveðnir fastir kunnar daglega til



að spjalla. Ekki telur Iðunn sig hafa lært marga á þessu sumri þó hún telji alla reynslu góða. Helst hafi hún slípast í mannlegum samskiptum. ■

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Sumir segja: „Vandamálið í þessum löndum er svo stórt að mitt framlag kemur ekki til með að breyta neinu.”

Við segjum: „Hvert einasta framlag, hversu lítið sem það er, skiptir sköpum fyrir líf barna.”

HVAÐ SEGIR ÞÚ?


SKRÁÐU ÞIG SEM HEIMSFÖRELDRI Í SÍMA 5 62 62 62



BAUGUR GROUP KOSTAR BIRTINGU Á ÞESSARI AUGLÝSINGU



www.unicef.is



30%
AFSLÁTTUR

40%
AFSLÁTTUR



Bautabúrs
beikonborgarar 4 stk.
342 kr./pk.
Verð áður: 789



SS grand orange
helgarsteik
947 kr./kg
Verð áður: 1.579

**Meira
úrval**

25%
AFSLÁTTUR



SS Bratwurst
grillpylsur
666 kr./kg.

Rubicon
ávaxtagos
69

33%
AFSLÁTTUR



Gourmet
fullmeyrnuð
nautasteik
1.998 kr./kg.
Verð áður: 2998

SS Hvítlaukspylsur
666 kr./kg.

Rubicon
ávaxtagos
29 kr./33



25%
AFSLÁTTUR



Kínakál
99 kr./kg.

**Meira
úrval**



Q1 appelsínusafi
149 kr./1l.



**Opið
alla
daga**

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

35%

AFSLÁTTUR



Móa BBQ
kjúklingaleggir/læri

324

kr./kg

Verð áður: 499

30%

AFSLÁTTUR



Gourmet
Tex mex grísakótleitur

1.399

kr./kg

Verð áður: 1.998

35%

AFSLÁTTUR



Gourmet
Tex mex grísahnakki

999

kr./kg

Verð áður: 1.539

**Virk Sam-
keppni**



6
r./kassi.



Pepsi og Pepsi Max
0,5 dós

49

kr./0,5l.



Twist 'n' Squeeze
5 tegundir

39

kr./stk.



Kexsmíðjan
Ostaslaufur

199

kr./pk.



Kexsmíðjan
Pizzasnúðar

199

kr./pk.



GM Cheerios
Twinpack

499

kr./pk.



Krónu
eldhúsrúllur

199

kr./pk.

PULITZER OG HEARST upphafsmenn slúðursins

Blaðaútgáfa er í miklum blóma hér á klakanum og sýnist sitt hverjum um ágæti blaðanna. Færri vita hins vegar að upptök gulu pressunnar eru samofin upphafi rannsóknarblaðamennsku og hinum þekktu Pulitzer-verðlaunum. *Rósa Signý Gísladóttir* kynnti sér óvæntar rætur æsifréttablaðamennskunnar.

Rætur æsifréttablaðamennsku eru raktar til Bandaríkjanna um 1880, en þá var New York borg innflytjenda sem ekki voru sleipir í ensku og lásu því ekki dagblöð þess tíma. Maður að nafni **Joseph Pulitzer** áttaði sig á því að þarna var stór markhópur sem hægt væri að herja á. Hann keypti blaðið New York World árið 1883 og breytti því með það í huga að höfða til verkamanna af erlendu bergi brotnu. Stórar myndir komu í stað texta og þurrar pólitískar fréttir sem ekki snertu innflytjendur fengu að víkja fyrir frásögnum af morðum, blóðugum slysum og slúðri sem snerti innflytjendur.

Teiknimyndasögur fyrir treglesa
Um þetta leyti urðu prentsmíðjur fullkomnari og dagblöðin fóru að koma út í lit. Fyrsta litada teiknimyndasagan leit dagsins ljós í New York World og sló strax í gegn. Aðalpersóna sögunnar var ungur, sköllóttur strákur í gulri skyrtu, sem lesendur kölluðu **Yellow kid**, og telja margir að gula pressan dragi nafn sitt þaðan. Myndasagan jók sölu blaðsins gífurlega og varð það stærsta dagblaðið í Bandaríkjunum. **William Randolph Hearst**, sem átti blaðið New York American Journal, keypti myndasöguna yfir á sitt blað og upphófst mikið stríð milli Pulitzer og Hearst.

Pulitzer hvatamaður slúðurblaðanna – og rannsóknarblaðamennsku
Joseph Pulitzer, maðurinn sem nú er kenndur við hin virtu blaða-

mannaverðlaun, er því upphafsmannur slúðurblaðanna. Pulitzer hafði áhuga á því að gefa Columbia University í New York styrk til þess að opna fyrsta blaðamannaskólann, en slæmt orðspor hans olli því að Columbia beið með að þiggja styrkinn í um tíu ár. Það var svo ekki fyrr en 1912 að **Columbia University Graduate**



YELLOW KID R. F. Outcault var maðurinn á bak við Yellow kid teiknimyndasöguna sem talið er að gula pressan dragi nafn sitt af. Þökk sé Outcault og vinsældum Yellow kid varð teiknimyndasagan að því menningarfyribærni sem hún er í dag.

School of Journalism var stofnaður með styrk frá Pulitzer og útlutar skólinn nú Pulitzer-verðlaunum ár hvert til blaðamanna í Bandaríkjunum. Pulitzer þótti ekki góður gaur á sínum tíma en í dag fær hann fjöður í hattinn fyrir að vera hvatamaður að rannsóknarblaðamennsku. Árið 1887 réð hann til sín blaðamanninn

Nellie Bly sem skrifaði fréttir um fátækt og húsnæðis- og vinnu-mál í New York. Bly beitti ýmsum brögðum við fréttadóflun og er hún talin fyrsti rannsóknarblaðamaðurinn. Eitt skiptið gekk hún svo langt í að sannfæra fólk um að hún væri geðveik til þess að geta komist inn á geðveikrahæli sem hún vildi fjalla um.

Æsifréttir Hearst leiða til spænsk-ameríska stríðsins

Innan um teiknimyndasögur og ýkjúsögur af ofbeldi í borginni tókst Pulitzer því ætlunarverk sitt að einhverju marki, „að svipta huginni af alls kyns svikum og klæki-brögðum, að berjast gegn óréttlæti og misbeitingu, og vinna fyrir almúgann af fullri hreinskilni.“ Heiðarleikinn var þó ekki lengi í framsætinu. Til að auka hlut sinn í samkeppnisstríðinu hófu Pulitzer og Hearst að fjalla um viðburði erlendis og var sannleikurinn oft látinn víkja fyrir æsifréttum. Krassandi sögur úr útlöndinu seldu vel. Blað Hearst, New York American Journal, birti viljandi falskar fréttir á skipulagðan hátt og átti sú fréttamennska eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar. Blaðið lýsti meðal annars ófremdarástandi meðal Kúbverja vegna ofbeldis af hendi spænskra hermanna. Hearst sjálfur skrifaði fjölmargar fréttir þar sem átökin milli Spánverja og Kúbverja voru stórlega ýkt. Sagan segir að þegar teiknari fyrir blað Hearst vildi snúa heim eftir friðsæla dvöl í Havana, hafi Hearst skipað honum: „Vinsamlegast verið kyrr. Þú útvegar myndirnar og ég útvega stríðið.“ Sögunnar af meintu



SLÚÐURBLÖÐ Gula pressan hefur loksins borist til Íslands, en slúðurblöð á borð við Séð og heyrð og Hér og nú hafa lengi hrellt nágrannabjórðirnar.

ofbeldi í Kúbu vöktu sterk viðbröð meðal lesenda sem jók á lygarnar. Með æsifréttunum tókst Hearst að sannfæra bæði almenning og stjórnámálemenn í New York um að Bandaríkjamenn þyrftu að grípa inn í átökin. Það leiddi til **spænsk-ameríska stríðsins** sem lauk með miklu mannfalli meðal Spánverja og Kúbverja en Bandaríkjamenn juku styrk sinn og urðu stórveldi. Hearst varð einn valdamesti maður Bandaríkjanna

og lagði grunninn að Hearst fjölmiðlaveldinu sem nú gefur út meðal annars **Marie Claire, Esquire, Seventeen** og tugi annarra blaða, ásamt því að reka annars konar fjölmiðla.

Ljóst er að slúðurblöðin eru skeinuhætt svo vægt sé til orða tekið og hvergi nærri skemmtunin ein. Oft veltir lítill þúfa þungu hlassi.



SAMKEPPNISSTRÍÐIÐ MILLI PULITZER OG HEARST Á þessari teiknimynd sem er í anda Yellow kid segir Hearst: „Þetta er mitt stríð. Eg keypti það og borgaði fyrir það.“ Í samkeppninni sviftu þeir einkis, sérstaklega Hearst, og leiddu æsifréttirnar til spænsk-ameríska stríðsins.

**Upplýsingar um vöruúrval
Reykjagarðs og uppskriftir
er að finna á heimasíðu
fyrirtækisins www.holta.is**



Reykjagarður hf
www.holta.is



■ SKRÝTNA FRÉTTIN

Risi fær hjartaáfall

Belgískir sjúkraliðar lentu í risa-vöxnum vandræðum á dögum þegar hæsti maður landsins fékk hjartaáfall. Maðurinn, sem heitir Alain Delanois og er 229 cm, veiktist á heimili sínu í Stavelot og var ákveðið að senda sjúkrahýrly á eftir honum. Því miður komst Delanois ekki fyrir í þyrlunni og var þá ákveðið að kalla á sjúkrahálf. Eftir töluverðar vangaveltur tókst sjúkraliðunum loksins að koma honum inn í bílinn og aka honum á næsta sjúkrahús. En þegar lækarnir ætluðu að fara með hann í hjartaskoðun komst hann ekki fyrir í vélinni. Á meðan lækarnir reyndu að finna út hvað ætti að gera við Delanois jafnaði hann sig en samt sem áður óttast hann mjög um framtíð sína. Hann þarf að fara í aðgerð til að sjá hvers vegna hann fékk hjartaáfall og vonar innilega að búið verði að panta nógu langt skurðarborð fyrir hann.



STÓR MAÐUR Þessi stóri maður gæti lent í sams konar vandamálum og belgíski risinn í framtíðinni.



| | | |
|-------------|------------|----------|
| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
| REYKJAVÍK | 3.07 13.32 | 23.55 |
| AKUREYRI | 2.02 13.16 | 24.27 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 2. júlí,
183. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Ég er með tíu í teikningu, tölvum og leikfimi og svo er ég alltaf fyrstur út þegar bjallan hringir!



Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 7

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM **FERÐIR** MATUR **BÍLAR** ATVINNA BRÚDKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ o.fl.

allt

bílar o.fl.

Volkswagen Fox reynsluekinn

BLS. 3



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



„Ég bauð þremur á rúntinn og það gekk upp þó þröngt væri,“ segir Guðjón sem flutti þennan netta bíl sjálfur til landsins nú á vordögum.

Brosi þegar ég sé bílinn

Litlir bílar framkalla oft stór augu hjá vegfarendum. Einn sá alla minnsti á Íslandi er Rover mini. Guðjón Jónsson leikstjóri er hamingjusamur eigandi slíks bíls.

„Það var gamall draumur að eignast svona bíl,“ segir Guðjón og upplýsir að farartækið sé eins og Austin mini en framleiddur af Rover. Lengi vel segir hann allar tilraunir til þess að komast yfir góðan mínibíl hafa mislukkast. „Þeir sem ég fann voru annað hvort illa farnir eða ekki falir nema fyrir alltof mikið fé. Þeir koma aldrei inn á sölur svo ég gat bara boðið í bíla sem voru í eigu fólks sem ekki vildi selja,“ segir hann. Þar kom að hann leitaði út fyrir landsteinana í gegnum netið. „Leitin endaði alltaf í Hollandi því þar voru þrjú fyrirtæki að gera upp svona bíla og selja þá til Bandaríkjanna. Ég setti mig í samband við eitt þeirra og fann bíl sem mér leist vel á og flutti til landsins nú á vordögum. Hann stóð

yllilega undir væntingum en var ekkert ódýr,“ segir hann og vill ekki gefa upp nein- ar tölur.

Roverbíllinn hans Guðjóns er af árgerð 1998 og skráður fjögurra manna en eigandinn segir ansi þröngt um fjóra í honum. Hann býst því við að þurfa að sérpanta alla varahluti í hann en er búinn að finna fyrir- tæki í Bandaríkjunum sem virðist eiga allt í gripinn. Nú á Guðjón hvarfakút á pósthúsinu. „Ég gat ekki fengið skoðun á bílinn vegna þess að kúttinn vantaði. Þess vegna er hann með ljótan grænan límmiða,“ segir hann afsakandi. Þegar hann er bedinn að telja upp kosti þessa netta bíls nefnir hann að auðvelt sé að finna hentug stæði handa honum. Reyndar sé hann þungur í stýri meðal annars vegna breiðra dekkjanna en býst ekki við að skipta. „Þetta er flottara svona,“ segir hann og bætir við. „Svo er helsti kosturinn við hann að það er svo gaman að eiga hann. Ég brosi alltaf þegar ég sé hann.“

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í bílum

Peugeot 1007 hefur hlotið flest stig fyrir vernd fullorð- inna í árekstrarprófunum Euro NCAP í Evrópu frá upp- hafi. Bíllinn hlaut einnig viðurkenningu sem öruggasti bíllinn í flokki stærri smábíla. Þetta kom fram þegar niðurstöður í ný- afstaðinni prófunar- lotu hjá Euro NCAP voru kynntar í vikunni. Lexus GS300 hlaut fimm stjörnu einkunn sem öruggasti bíllinn fyrir full- orðna í flokki lúxusbíla og Mercedes-Benz A í flokki minni fjölskyldubíla. Sjö bílar fengu fjögurra stjörnu ein- kunn fyrir vernd barna í bílum.



Bílasalan Hraun hefur sölu á Gazelle-bífreiðum hér á landi á næstunni. Þetta er í fyrsta sinn sem Gazelle-bí- reiðar verða seldar á Íslandi en um er að ræða atvinnubí- reiðar í flokki sendi-, pall-, rútu- og vinnu- flokkabíreiða. Bífreiddarnar eru hannaðar af Ford og koma með 2,4 lítra Perkins eða

Steyr díslivél með forþjöppu og millikæli. Allir bílarnir eru búnir turbó intercooler dísil mótör en bífreiddarnar er bæði hægt að fá 4x4 og 4x2. Sendibíla er hægt að fá þriggja manna og sjö manna en á næsta ári eru væntan- legir fjórtán manna bílar.

bilar@frettabladid.is

Njóttu frelsisins...



MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!

Ríkulega útbúnir fjórhjóladrifnir MAZDA TRIBUTE árg. 2005 verð frá **kr. 2.550.000.-** 2ja ára verksmiðjuábyrgð.

X4 ehf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500
Netfang: x4@x4.is - www.x4.is

Ljósabúnaður

Munið að hafa ljósin kveikt þótt bjart sé úti og sólskin. Bílstjóri sem ekur á móti sólu sér illa ljóslausa bíla sem koma úr gagnstæðri átt. Mikilvægt er að fara reglulega yfir ljósabúnaðinn og gæta þess að allt sé í lagi.



BH RÉTTINGAR ehf.
Bilaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Sími: 587-2330 - Faxi: 587-9444 - bghretingar@is.is

Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig

CABAS sérstæði
SÍÐIÐ
RETTINGARSTJÓRI

VÉLASTILLING S.F.
AUDBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

Tjónaskoðun, bílreiðaréttingar og sprautun

CABAS

• Allhliða réttingar og sprautun
• Framtægðir starfsmenn
• Cabas tjónaskoðunarskilyrði
• Þjónustuklúbbi

BÍLREIÐAVERKSTÆÐI
JÓNASAR

Skammvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 587 1430 & 587 1430 • Fax 587 0087
Netfang: jonasar@jonasar.is

ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar - frábær verð

SENTINEL

ALLIR þekkja hina landsfrægu vara-
hluta- og viðgerðisþjónustu okkar.

HVELLUR.com
... í einum grænum

G. Tómasson ehf. • Súðavogur 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

olis

SMURSTÖÐIN
Vogar

20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

Bílar & SPORT

Áskriftarsími:
588 7888

www.bilarogsport.is

BÍLAR SPORTR&E
DOG BULLDOG
JEEP



REYNSLUAKSTUR



Volkswagen Fox er nýr bíll sem kemur inn sem líti broðir Polo. Bíllinn ber óneitanlega ættarsvip Volkswagen.

Refur í borg og sveit

Volkswagen Fox er nýr bíll sem fellur í flokk ódýrustu smábíla á markaðnum. Hann er fjögurra manna þannig að vel fer um tvo fullorðna í aftursætinu. Þeir þurfa þó að vera tilbúnir að leggja á sig að fara aftur í með gamla laginu því bíllinn fæst eingöngu í þriggja dyra útfærslu.

„Þetta er svolítið afturhvarf til fortíðar,“ sagði vinkona mín sem ég bauð far á nýja Volkswagen Foxinum. Þá var ég búin að segja henni að það væri ekki samlæsing í bílnum og það fyrsta sem hún rak augun í fyrir utan röndótt áklæðið voru góðar og gamaldags rúðuvindur. Samt er ekki annað hægt að segja en að bíllinn sé smart. Röndótt áklæðið gefur bílnum hressilegt yfirbragð og glasahaldarar og geymsluhólf milli aftursætanna tveggja, undirstrika einmitt að bíllinn er fjögurra manna en ekki fimm, gefa óneitanlega sérstöðu.

Volkswagen Fox er afar nettur bíll. Samt er feikinóg pláss í honum fyrir fjóra fullorðna og tilfinning fyrir rými er góð vegna þess hversu hátt er setið í bílnum og rúmt er um hvern og einn. Nóg pláss er fyrir innkaupapoka en kannski ekki fyrir mikinn farangur. Hins vegar er hægt er að



| Vél | Eldsn.notk. | Verð |
|-----------------------------------|-------------|------|
| 1,2 l 55 hð 6 - 6,5 l (bensín) | 1.150.000 | |
| 1,4 l TDI 70 hð 4,9-5 l (dísiló.) | 1.380.000 | |

Bíllinn er þriggja dyra og beinskiptur.



leggja niður bakið á hvorum helmingi aftursætisins um sig og auka þannig rýmið.

Bíllinn er einfaldur að allri gerð án þess þó að hafa „ódyrt“ yfirbragð. Það eina sem hugsanlega mætti finna að varðandi frágang er að einangrunin er ekki jafngóð og maður á að venjast í mörgum nýjum bílum. Veghljóð eru því nokkur og óneitanlega heyrst í dísilvélinni, meira en bensínvélinni. Að öðru leyti voru bensínbíllinn og dísilbíllinn afar áþekkir í akstri. Dísilbíllinn þó heldur öflugri, eins og hestafl-fjöldinn gefur til kynna.

Foxinn hefur fengið úrvalseinkunn í tveimur árekstrarprófum, annars vegar þýska bílaritsins Auto Bild og hins vegar þýsku bíleigendasmatakanna ADAC. Í fyrrnefndu könnuninni var metið að Foxinn veitti farþegum nærri því eins góða vernd og Golf.

Eins og vænta má er bíllinn mjög meðfærilegur í innanbæjarakstri. Fyrir þá sem eru vanir að dragnast með stór ökutæki í bænum er gríðarlegur léttir að vera á svona litlum bíl, svo ekki sé meira sagt. Það verður svo að segjast að bíllinn kom verulega á óvart þegar komið var út úr bænum. Þá reyndist hann furðuöflugur, auk þess sem ótrúlega lítið fannst fyrir hraða þrátt fyrir smæð bílsins.

steinunn@frettabladid.is

Í hundrað á 6,5 sekúndum

Megane RS Turbo var frumsýndur hjá B&L um síðustu helgi.

Megane RS Turbo, 2,0 l VVT Turbo er sportbílur frá Renault. Þessi áreinnilegi bíll er aðeins 6,5 sek. úr 0 í 100 km/klst. og tekur kílómetran á einungis 26,7 sek.

Heiðar J. Sveinssonar, forstöðumaður sölusviðs

B&L, segir Megane RS einnig vera afar vel búinn. „Sem dæmi má nefna að hann er með sex gíra beinskíptingu, nýjustu kynslóðina af ESP-stöðugleikastýringu og sérútbúna Renault-sportfjöðrun. Sportlegir aksturseguleikarnir njóta sín þannig til fulls í samspili þessara þriggja þátta við kraftmikla vélina,“ segir Heiðar.

Skammstöfunin RS stendur fyrir Renault Sport og þar sem Megane RS er byggður á grunni Megane-línunnar er öryggið í fremsta flokki, auk þess sem bíllinn er búinn öllum þeim þægindum sem línan státar af. Þá þykir rásfesta og næmt viðbragð línunar í sérflokki og styrkir Renault Sport-fjöðrunin þessa eiginleika enn frekar.

Af staðalbúnaði Megane RS má nefna sportsæti, sportstýri, þrýstiskynjara í dekkjum, skriðstilli, hraðastilli, sjálfvirkur rúðuburrkur og miðstöð með loftkælingu.



Megane RS Turbo ver ættarsvip Megane-línunnar.


Alvöru jeppakarlar bera virðingu fyrir landinu

Akstur jeppa utan vega hefur á sér illt orð og margir álíta að jeppaeigendur beri enga virðingu fyrir landinu og spæni upp viðkvæman gróður hvar sem er á hálandinu. Það er hins vegar misskilningur.

Jón G. Snædal er með ódrepanði jeppadellu og er félagi í 4x4. Það er klúbbur sem fyrir utan að standa fyrir ótal skemmtilegum ferðum fyrir félagsmenn sína lætur sig ýmis góð málefni varða og hefur það meðal annars að markmiði að merkja vegi og slóða utan alfaraleiða. Jón ritaði fyrir fjórum árum bók um efnið, Ekið um óbyggðir, og nú hefur hann bætt annarri við, Utan alfaraleiða, sem kom nýverið út hjá Eddu.

Jón býður blaðamanni í stutta jeppaferð út fyrir bæinn til að skýra mál sitt enn frekar og mætir á sínum breytta fjallabil sem er kallaður Slóðríkur. Með í för er vinur hans á öðrum jeppa. „Það er alltaf öruggara,“ segir hann brosandí og blaðamaður fær létt kvíðakast.

Í bókinni Utan alfaraleiða hefur Jón tekið saman lýsingar á sextíu spennandi jeppaleiðum, sem margar eru í næsta nágrenni höfuðborgarinnar. Við erum á einni þeirra þegar viðtalið er tekið og adrenalínið streymið um æðar blaðamanns þegar Jón setur í guð má vita hvaða gir og ekur upp og niður lóðréttar brekkur í Svínaskarði, á „vegum“ sem eru



Ný útkomin bók Jóns um spennandi akstursleiðir.



Jón G. Snædal er áhugamaður um akstur utan alfaraleiða og hefur unnið mikið starf við að merkja fáfarna vegi og slóða.

nánast ekkert nema grjóthnullungar. Bíllinn hristist og skekkst en Jón er sallarólegur og þar af leiðandi við hin sem höfum minni eða enga reynslu.

„Við erum að vinna með umhverfisráðuneytinu og Landmælingum varðandi þessar leiðir,“ segir Jón. „Ég hef verið að kortleggja þá vegi sem eru fáfarnir á Íslandi og þær mælingar eru notaðar víða, eins og til dæmis í landakort. Landmælingar og Utanveganefnd ríkisins fá líka þessi gögn í hendur því þar vilja menn vita hvað eru vegir og hvað ekki. Ég hef svo fléttað þjóðlegan fróðleik af ýmsu tagi inn í leiðarlýsingar í bókinni og er með ítarlegan inngang um fjarskipti og GPS-tækni. Þar að auki er í bókinni vaðatal með lýsingu á ám og vöðum og skálaskrá með handhægum upplýsingum.“

Jón hefur haft brennandi áhuga á jeppum, jeppaferðum og landvernd í mörg ár, svo jaðrar við hugsjón. „Það er mikilvægt fyrir okkur jeppastrákana að fólk geri sér grein fyrir því að við



Slóðarnir eru oft ekkert nema urð og grjót og ekki nema á færi vel útbúinna jeppa að aka þá.

erum að vinna gott starf. Við erum með nýliðadeild innan 4x4 þar sem við brýnum mikilvæg atvöð fyrir þeim sem eru að byrja. Það er heldur ekki nauðsynlegt að vera á breyttum jeppa til að vera félagi, það er pláss fyrir alla,

enda telur félagsskapurinn á þriðja þúsund manns. Þetta er ofboðslega skemmtilegt og tilvalið fjölskyldusport,“ segir Jón um leið og hann skilar blaðamanni heilum og reynslunni ríkari í hlað.

edda@frettabladid.is

NOTUÐ TÆKI
10
1994 - 2004

JCB fræsari árg. 2003
45 cm vinnslubreidd
12 cm vinnsludýpt

JCB JS 330L árg. 1999
Vst. 9200

Iveco Eurotrækker 340 árg. 1997. Meiller hliðarsturtapallur Burðargeta 18T

EMSKIP
Still 1,6 tonn árg. 1992
Vst. 7600

Man 19,463 árg. 1998
Ekin 422,000 km

VÉLAVER
Símar 588 2600,
892 4789
og 893 1722
www.velaver.is

Tími þinn er dýrmætur

Við skiptum um bremsur fyrir þig. Komdu strax

► Engar tímabantar

Max1 Bílavaktin sérhæfir sig í hraðþjónustu við allar gerðir bíla. Við bjóðum hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bíleiganda. Við erum eldsnökkir á Max-einum. Þú kemur þegar þér hentar og á meðan á þjónustu stendur færð þú þér rjúkandi kaffibolla og kíkir í blöð og tímarit. Bíllinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.

Hjólbarðþjónusta
Leiðist þér að bíða á dekkjaverkstæðum? Láttu okkur skella dekkjunum undir bílinn. Við bjóðum þér vandaða hjólbarða á hagstæðu verði frá Nokian, og Pirelli.

Smurþjónusta
Er komið að smurningu? Við skiptum um olíu og síur eins og hendi sé veifað.

Rafgeymaþjónusta
Parftu að skipta um rafgeymi? Við gerum það fyrir þig í hvelli og losum þig við þann gamla.

Bremsuþjónusta
Eru bremsuklossarnir búnir? Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bifreiðum.

Demparþjónusta
Eru dempararnir lélegir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum gerðum bifreiða.

Önnur þjónusta
Við skiptum líka um þurrklöð, perur og setjum rúðuvökva á bílinn. Fagmannleg vinnubrögð á örskotsstundu.

Max-einn dregur nafn sitt af því að við ljúkum allri þjónustu við bíllinn þinn innan klukkustundar frá því þjónusta hefst. Max-einn skiptir um bremsur, dempara, olíu, rafgeyma, perur, rúðuvökva og dekk og býður einnig ný dekk frá Pirelli og Nokian.

Við förgum notuðum dekkjum, rafgeymum, síum, olíu og öðrum spilliefnum samkvæmt ströngustu umhverfiskröfum.

REYKJAVÍK: MAX1 BÍLAVAKTIN
Bildshöfða. Símar 515 7095 og 515 7096
Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

AKUREYRI: MAX1 BÍLAVAKTIN
Tryggvabraut. Sími 462 2700
Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

Forðastu óþægindi.
Komdu með bíllinn til okkar.

MAX1
BÍLAVAKTIN

Talstöðin
FM 90,9



 Viðurkennt
CABAS-verkstæði

S·P·R·A·U·T·U·N

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐISETNINGAR

Grófin 7 • Kellavík • Sími: 421 2999 • Fax: 421 2090
 Netfang: nysprautun@simnet.is

www.nysprautun.is


554 1091
663 5282

Mössun • Bón • Alþrif
 Afþreinsun merkinga
 Djúphreinsun



Skemmuvegi 28 - Bleik gata - Kópavogur

www.felgur.com






 twenty inches strong

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.



Viðurkennt
CABAS
 verkstæði

TOYOTA
ÞJÓNUSTA

Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
 Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





Vegna þyngdar sinnar og hæðar velta jeppar frekar en fólksbílur.

Fólksbílur öruggari en jeppar þegar ekið er út af

Guðmundur Freyr Úlfarsson
 hefur borið saman meiðsli öku-
 manna jeppa og fólksbífraiða í
 umferðarslysum.

Guðmundur Freyr byggir niðurstöður sínar á tölfræðilegri rannsókn sem gerð var á síðasta ári. Frá þessu er greint í nýjasta hefti tímaritsins Björgun.

Í rannsókninni var reynt að tengja meiðsli í umferðarslysum við ýmsa áhrifaþætti. Margt getur haft áhrif á meiðsli ökumannna í bílslysum. Má þar nefna bílbeltanotkun, áfengisneyslu og ökuhraða auk utankomandi þátta

eins og hálfu. Ökutækið sjálft skiptir líka gríðarlegu máli og getur haft áhrif á það hve mikið ökumenn slasast.

Þegar skoðuð voru slysn án árekstrar við annað ökutæki, svo sem útafakstur og bílveltur, komu ökumenn jeppa verr út en ökumenn fólksbíla. Í það minnsta ef slysið átti sér stað í dreifbýli. Þetta kemur töluvert á óvart enda telja flestir sig öruggari í jeppum og stórum bílum. Jeppum er hins vegar hættara við að velta en fólksbílum og vegna þyngdar sinnar beyglast jeppar minna en fólksbílur, þeir gefa því minna

eftir sem gerir höggið meira og meiðsli þar af leiðandi alvarlegri.

Við árekstur milli tveggja bíla komu jeppar betur út fyrir sína ökumenn en reyndust ökumönnum fólksbíla hættulegri. Ökumenn fólksbíla slösuðust meira ef þeir lentu í árekstri við jeppa heldur en í árekstri við annan fólksbíl og að sama skapi slösuðust ökumenn jeppa minna ef þeir lentu í árekstri við fólksbíl heldur en annan jeppa. Hér kemur hæðar og þyngdarmunur jeppunum til góða en gerir þá að sama skapi hættulegri í umferðinni. ■

Toyota-verksmiðja í Ontario

Bílaframleiðandinn breiðir úr sér á bílamarkaðinum í Norður-Ameríku.

Bílaframleiðandinn Toyota ætlar að opna nýja verksmiðju í Kanada, sem verður sjöunda bílaframleiðandi fyrirtækisins í Norður-Ameríku. Verksmiðjan verður í Woodstock í Ontario en þetta er liður í áætlunum framleiðandans um að auka heimssframleiðslu á Toyota-bífræiðum. Uppi eru raddir um að Toyota, annar stærsti bílaframleiðandi í heimi, ætli að byggja aðra verksmiðju í Norður-Ameríku þar sem sala og gróði fyrirtækisins vex og dafnar á því svæði. Toyota er með þrjár verksmiðjur í Bandaríkjunum; í



Toyota notar tegundarheitið Lexus í Norður-Ameríku.

Kentucky, Indíana og Kaliforníu og ein í viðbót verður opnuð í Texas á næsta ári. Einnig eru verksmiðjur í Mexíkó og Kanada. ■

BMW 3-línan með fimm stjörnur

Besti árangurinn í sínum flokki.

BMW 3-línan fékk fimm stjörnur af fimm mögulegum fyrir öryggisbúnað í síðustu árekstrarprófunum Euro NCAP. Alls hlaut 3-línan 35 stig í almenna hluta prófunarinnar, sem var besti árangurinn að þessu sinni í flokki stærri fjölskyldubíla. Stigagjöfin skiptist þannig að fyrir árekstur á fram-anverðan bíl hlaut 3 línan fullt hús stiga og fyrir hliðarárekstur 94% mögulegra stiga. Þá hlaut línan fjórar stjörnur af fimm mögulegum fyrir öryggisbúnað barna, sem er einnig yfir meðalag, og eina stjörnu fyrir öryggi gagnvart gangandi vegfarendum. Árekstrarprófanir Euro NCAP eru þrískiptar og veða



BMW 3 kom vel út úr síðustu árekstrarprófunum Euro NCAP.

niðurstöður úr almenna hlutanum þyngst, sem mælikvarði fyrir öryggi viðkomandi bíls gagnvart bílstjóra og farþegum. Stjörnugjöfinni fyrir öryggi barna annars vegar og öryggi gangandi vegfarenda hins vegar er síðan ætlað að gefa gleggri mynd af einstökum þáttum öryggisbúnaðarins. ■

Ökuþrjótur gómaðir

Í Noregi er hart tekið á hraðakstri. Nú er unnið að því að þróa nýjan búnað sem á að tryggja að enn fleiri ökuníðingar náist.

Í Noregi eru hámarksbraðamörk með því lægsta sem gerist í Evrópu en sektir eru hins vegar hærri þar en víðast annars staðar. Að því er fram kemur á vef FÍB hafa norsk yfirvöld nú ákveðið að herða enn refsingar við hraðakstri.

Víða í vegköntum eru eins konar fuglahús eða kassar með hraðamyndavélum sem sjálfvirk mynd alla þá bíla sem ekið er of hratt.

Fram til þessa hefur verið tiltölulega auðvelt að sleppa fram hjá myndavélunum því þær eru vel sýnilegar og því auðvelt að hemla og gefa aftur í þegar maður er kominn fram hjá. Nú á hins vegar að vinna bug á þess háttar ökulagi með nýjum tækjabúnaði sem mælir meðalhraða milli tveggja myndavéla. Búnaðurinn tekur þá tímenn sem það tekur bílinn að aka á milli tveggja kassa og í seinni kassanum er tekin mynd af bílnum ef hann hefur keyrt of hratt. Búnaður af þessu tagi verður settur upp í tilraunaskyni í byrjun þessa mánaðar og gefi hann góða raun má búast við nýrri lagasetningu með haustinu. ■



Í Noregi er hámarksbraði með því lægsta sem gerist.



Áfram veginn
Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Bílum finnst vont að drekka vatn

Eitt sumarið var ég að vinna uppi á hálendi við tjaldvörslu. Ég heim-sótti þá kunningja mína í Landmannalaugum reglulega, enda stutt að fara og laugin sérstaklega góð það sumarið. Í einni ferðinni rakst ég á fjórhjóladrifinn fólksbíl sem var nýkominn inn í Laugar og stóð á bakkanum við innsta vaðið. Eigandinn vildi vita hvort ég ætti startkapla því það væri dautt á bílnum og hann færði ekki í gang. Ég spurði hvort hann hefði bara ekki tekið inn á sig bleytu en hann neitaði því.

Við náðum í kaplana og reyndum að gefa honum rafmagn en ekkert gerðist. Að endingu skrúfaðum við lokið af lofthreinsaranum og tókum loftsiuna upp, rennandi blauta. „Ja, kannski eitthvað smá,“ varð eigandinn að viðurkenna. Dýrt spaug það. Vatn inn á vél getur verið skaðlaust í litlum mæli en það getur líka þýtt tugþúsunda tjón eða jafnvel algjöra upptekningu á vél.

Nú þegar hálendisvegir eru opnir og margir hugsa sér hreyfings er því rétt að athuga hvað bíllinn þolir mikið þegar kemur að því að fara yfir læki og ár. Þar ræður mestu staðsetning loftinntaksins og að kveikjan sé varin eða vel þétt. Þar sem fæstir bílar eru smíðaðir í þeim tilgangi að keyra í vatni (öfugt við báta til dæmis) er loftinntakið frekar neðarlega á þeim flestum. Algeng staðsetning er bak við framljós.

Sérta á árbakka og í vafa um hvort bíllinn þoli ána er yfirleitt hægt að aftengja lofthreinsaranum með skrúfjárnir og láta bíllinn taka loft beint inn um soggrein, uppi við vélarhlíf. Þetta er ekki hættulaust fyrir vélina og skyldi aðeins gera í neyð og í mjög stuttan tíma. Varanlegri lausn væri að færa inntakið, til dæmis með barka sem liggur frá lofthreinsara og upp í hvalbak. Sérta enn í vafa er bara eitt ráð sem gildir: Snúðu við.

Að lokum önnur saga frá sama vaði. Eitt kvöldið kom brunandi splunkunýr amerískur jeppi og fór á mikilli ferð í vaðið án þess að gæta nokkuð að dýpt eða bestu leið. Gusugangurinn var slíkur að vélin tók ekki bara inn á sig vatn og gjöreyðilagðist, heldur blotnaði einhver fjöldi af tölum og skynjurum sem gerðu allt rafkerfi bílsins óvirkt. Eigandinn mátti því þola að horfa á nýja bíllinn sinn, leðurklæddan og stífbonaðan, dreginn vélarvana upp úr grunnum hyl fyrir framan fjölda fólks. Til að kóróna allt saman fór svo nýjasta árgerð af viðvörunarhljóði af stað þegar hurðir voru opnaðar til að hleypa vatninu út. „Bing, bing, bing...“ Fleira gerði sá bíll ekki það kvöldið.

Ökum varlega – líka í vatni.



Neytendur eru í auknum mæli farnir að velja dísilolíu fram yfir bensín, en breytingar á lögum um olíu- og kílómetragjald tóku gildi í gær.

Fyrirsjáanleg aukning á sölu dísilbíla

Breytingar á lögum um olíu- og kílómetragjald tóku gildi í gær, sem þýðir að akstursgjöld sem áður voru innheimt tvisvar á ári af eigendum dísilbílfreiða falla niður og eru þess í stað felld inn í verðið á dísilolíunni.

Aðgerðir stjórnvalda með breytingum á lögum um olíu- og kílómetragjald eiga að virka sem hvatning fyrir neytendur til að nota dísilbíla, þar sem dísilolían er betri fyrir umhverfið en bensínið. Spurning er hvaða áhrif þetta muni hafa og hvort aukning verði á notkun dísilbílfreiða.

„Ég tel vissulega að þessar breytingar muni hafa áhrif, vegna þess einfaldlega að dísilvélar eyða minna en bensínvélar,“ segir Úlfar Gauti Haraldsson, þjónustufulltrúi hjá Toyota. „Við fáum fleiri fyrirspurnir um dísilfólksbíla og augljóst að áhugi er að aukast. Auk þess erum við að byrja að kaupa

inn dísilfólksbíla sem við höfum ekki verið með áður. Yaris diesel er til dæmis nýr kostur sem kominn er í sölu hjá okkur,“ segir Úlfar. Hann bætir við að hann finni fyrir því að fólk sé vakandi fyrir umhverfisáhrifum og eftirsókn sé í tvinnbílinn Prius, sem að hluta gengur fyrir rafmagnni sem hann framleiðir sjálfur og er því hagkvæmur fyrir umhverfið og budduna.

Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu, tekur í sama streng. „Við finnum klárlega fyrir áhuga og viðskiptavinir velja þessu mikið fyrir sér og spyrjast fyrir um hvort sé hagkvæmara. Fólk er mest hissa á að þessar vélar eyða

töluvert minna en bensínvélar, en munurinn er um 10 til 30%,“ segir Knútur. „Til lengri tíma sér maður fyrir sér að sala á dísilbílum muni aukast, og er hún nú þegar orðin meiri en hún var, ekki síst hjá þeim sem eru að keyra töluvert. Þó að dísilknúnar fólksbifreiðar séu aðeins dýrari skiptir máli að þær eyða minna. Við ýtum undir það að fólk skipti yfir í dísil, en í júlímánuði fá allir þeir sem staðfesta pöntun á Volkswagen dísilbíl 200 lítra inn eignarkort á dísilolíu. Á þeim lítrum er hægt að keyra 3,4 hringi í kringum landið á Volkswagen Polo,“ segir Knútur.

kristineva@frettabladid.is



Eigendur Land Rover-bíla mynda félagsskapinn Íslandrover.

Fjölskylduhelgi í Þjórsárverri

Félagið Íslandrover kemur saman.

Íslandrover, félag Land Rover-eigenda, verður með fjölskylduhelgi í Þjórsárverri um næstu helgi, 8. til 10. júlí. Prauta- og ófærubraut, sýning á öllum gerðum af Land Rover á öllum aldri, grill, kvöldvökur og myndasýning eru meðal þess sem verður á dagskrá þessa helgi. Jafnframt verður kosið

um fallegasta Land Roverinn, best uppgerða Land Roverinn og athyglisverðasta Land Roverinn, auk þess sem verðlaun verða veitt fyrir bestu tilþrifin á prautabrautinni. Lagt verður af stað föstudagskvöldið 8. júlí. Aðgangseyrir er kr. 1.500 á þátttakanda. Nánari upplýsingar á www.islandrover.is. ■

Fimm milljón Peugeot 206

Nær 3,5 milljón á götum Evrópu.

Nýlega var haldið upp á að fimm milljón Peugeot 206 bílar hafa verið framleiddir frá því hann var kynntur í september 1998. Þar með er Peugeot 206 kominn nálægt sögulegu framleiðslumeti upp á 5.278.000 eintök sem Peugeot 205 á.

Fimm milljónasta eintakið var framleitt í Mulhouse í Frakklandi og er Coupé Cabriolet 1.6 l HDi. Þessi 206 CC bíll er á leið á þýska markaðinn þar sem 206 var nú sjötta árið í röð valinn




Peugeot 206 er söluhæsti díselbíllinn í flokki smábíla.

„besti innflutti bíllinn“ af lesendum blaðsins Automotor und Sport.

Peugeot 206 er markaðssettur í 145 löndum um allan heim.

Í dag eru nær 3,5 milljón Peugeot 206 bílar á götum Vestur-Evrópu og árin 2001-2004 var 206 mest seldi bíllinn í Evrópu.

Hann er nú söluhæsti díselbíllinn í smábílaflokki í Evrópu. Peugeot 206 fæst í fimm útfærslum. ■



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um heilsu á þriðjudögum í Fréttablaðinu.



Ferðataska

Ferðatösku í björtum lit er auðveldara að finna á farangursbeltinu á flugstöðinni en svarta tösku. Ef taskan er svört er hægt að gera hana auðþekkjandi með því að setja á hana stóran merkimiða í skærum litum.



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.



AQUIS handklæði í ferðalagið

Í bakpokann, ferðatöskuna, sundið, líkamsræktina ofl. Taka lítið pláss, létt, þurrka vel, þorna fljótt, alltaf mjúk.

Dreifing: Daggir s: 462-6640
www.daggir.is



Eitt kort
20 vatnasvæði

Náðu þér í kort á næstu Esso-stöð eða á netinu

www.veidikortid.is

Nýtt tölublað komið í verslanir

Tryggðu þér eintak á næsta sölustað

100 síður



www.utivera.is

Kanarí í haust salan er hafin

Netverðdæmi 31. október - 29. nóvember

54.950 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir ferðist saman í 30 nætur á Veril Playa.

Innifalið er flug, gisting, morgunverður, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar.

plús

FERÐIR

www.plusferdir.is



Hliðasmára 15 • Sími 535 2100



Króatía er talið eitt fallegasta land Evrópu, með langa strandlengju og merkilega sögu.

Sólríkasta strandlengja Evrópu

Vinsældir Króatíu sem ferðamannastaðar fara vaxandi. Króatía býður bæði upp á sól og menningu. Landið var nýverið valið besti áfangastaður Evrópu af Lonely Planet.

Lýðveldið Króatía er á Balkanskaga í Suðaustur-Evrópu og hefur löngum verið talið eitt fallegasta land álfunnar. Landið á strönd að hinu fallega Adríahafi gegnt Ítalíu og er strandlengjan 5,835 kílómetra löng og megnið af því eru eyjar, rif og klettur. Miðjarðarhafslöftslag ríkir í Króatíu sem þýðir að sumrin eru heit og veturnir mildir, en strandlengjan er ein sú sólríkasta í Evrópu sem er sennilega ástæða þess að Króatía er eftirsóttur ferðamanna-

KRÓATÍA

Fólksfjöldi: 4.42 milljónir

Höfuðborg: Zagreb

Tungumál: Króatíska, serbneska, ítalska, slóveneska, ungverska

Besti tíminn til að heimsækja landið: Maí til september

staður og var nýverið kosin besti áfangastaður Evrópu af Lonely Planet. Landið á sér langa og merka sögu og þrátt fyrir stríðið sem þar geislaði hefur uppbyggingin verið til fyrirmyndar. Sjarmi lands og þjóðar hefur haldið sér og sagan endurspeglar hvert sem lítið er.

Heimsferðir hafa boðið vikulegt flug héðan til Króatíu frá miðjum maí fram í miðjan sept-

ember, en þetta er annað árið sem þetta flug stendur til boða. „Áhuginn á þessum ferðum er geysilega mikill, og allur júní var uppþokaður,“ segir Þyri Gunnarsdóttir framleiðslustjóri Heimsferða. „Þetta var sumarsprengjan í fyrra og jókst bara í sumar og fólk sem fór í fyrra er að fara aftur núna,“ heldur hún áfram. Aðspurð um hvað sé við Króatíu sem höfði til okkar Íslendinga segir hún það vera sambland af menningu og afslöppun. „Þarna er mikil náttúrufrægur og maður upplifir sig ekki á dæmigerðum sólarstrandastað. Menning er rík í mat og drykk og kemst hún einna næst ítalskri matarmenningu,“ segir Þyri. Hún segir ferð til Króatíu skilja heilmikið eftir sig á sama tíma og landið sé góður staður fyrir afslöppun. ■



Á stöku stað þarf að stökkva yfir læki á leiðinni yfir Vatnsnesfjall.

Skilar sælli þreytu og gleði

Fjallaskokk er ferðamáti sem ýmsir aðhyllast. Þeir fylla lungun af lofti og láta fæturna bera sig um heiðar og fjöll.

„Þetta skokk skilar bæði sælli þreytu og gleði og hefur notið mikilla vinsælda,“ segir Gunnar Sveinsson hjá Ungmennasambandi Vestur-Húnavetninga sem stendur fyrir árlegu fjallaskokki yfir Vatnsnesfjall í Húnaþingi vestra 5. júlí. Fjallaskokkið er nú haldið í 6. sinn. Gunnar lýsir leiðinni yfir fjallið þannig að hún sé 12 kílómetra löng um brekkur, mela, mýrar, læki og jafnvel skafla og hækkunin sé um 400 metrar. Þeir sem gefi sér tíma til þess að líta í kringum sig njóti

stórfenglegs útsýnis í allar áttir. Þátttakan hefur verið frá 70 manns upp í 100 á fyrri árum að sögn Gunnars og hver og einn hefur fundið sinn tíma. „Sá yngsti var sex ára og sá elsti 78 þannig að þetta er flestum fært,“ segir hann. Fólk má ganga, skokka eða hlaupa yfir fjallið allt eftir því í hvernig formi það er og það leggur af stað með klukkutíma millibili til þess að sem flestir komi í mark á svipuðum tíma. Þar verður svitinn þurrkaður af enninu og svo slegið upp grillveislu í lokin. ■



Flugið er til St. John höfuðborgar Nýfundnlands.

Á slóðir Leifs heppna

SUMARFERÐ Í FYRSTA SINN Í BEINU FLUGI TIL NÝFUNDNALANDS Í KANADA Í ÁGÚST.

Ferðaskrifstofan Hópferðamiðstöðin – Vestfjarðaleið hefur á hverju hausti eftir til vinsælla ferða til St. John's höfuðborgar Nýfundnlands í Kanada. 11.-19. ágúst í sumar gefst hins vegar í fyrsta sinn tækifæri til að komast þangað í beinu flugi að sumarlagi. Nýfundnaland er eyja litlu stærri en Ísland og nágrenni okkar í vestri, en með Labrador á meginlandinu myndar það yngsta og austasta fylki Kanada. Ýmslegt verður í boði fyrir ferðalangana í St. John's og má þar nefna skipulagða sex daga rútuferð með leiðsögn á víkingaslóðir þar sem verður farið í þjóðgarðinn LiAnse aux Meadows þar sem Leifur heppni er talinn hafa komið þegar hann fann Ameríku árið 1000. Fyrir gönguá hugafólk verður í boði gönguferð í þjóðgarðinum Grose Morne á vesturströnd Nýfundnlands sem er sannkallað meistaraverk frá náttúrunnar hendi. Þarna er einnig kjörlið að stunda gólf, göngur, veiði og kajak-siglingar svo eitthvað sé nefnt.

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-
SÍMINN ER OPINN
ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG PARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 14.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8-18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8-19
LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG 11-16

Bílabúð Benna



WR250F. Verð 798.000.-

Bílabúð Benna ehf.
Vagnhöfði 23, 110 Rvk.
Sími: 590 2000
www.benni.is

Bílabúð Benna



VN 2000. Verð 1,980,000.-

Bílabúð Benna ehf.
Vagnhöfði 23, 110 Rvk.
Sími: 590 2000
www.benni.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar setjast



Chevrolet EQUINOX 4WD '2005 ek 5
.km Sjálfsk leðurklæddur Glerþopplúga
Rafm í öllu CD Magasin Glæsilegur
4WD lúxus jepplingur Verð 3,950 þús
Bílalán 2,700 þús.



20" American Racing Krómfelgur undir
Ford 250-350 mánaðargamalt V. 390
þús 6983647/6906465



Nýlegar Benz 18" álfelgur með dekkjum
um V 160 þús 6983647/6906465



ASA 16" álfelgur 2 Mánaða gamlar með
dekkjum 205/55/16 Universal fit 4-110
og 4-114,3 V 75 þús 6906465

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



Mercedes Benz C280 3.2 '98 Stw, ek
165.P.ssk, 17" álfelgur, Xenon aðalhljós,
rafstýrt sæti og fl. Asett verð: 1890 Þús.
S:699-2649.

Master ehf
Glæsibær Álfheimar 74, 104
Reykjavík
Sími: 5402200
www.masterbill.is



Ford Focus Trend Station 1/2005 ek
4.500km Station, Sjálfskiptur Rekstrar-
leiga engin útborgun Verð 1.990.000.-
Allar nánari upplýsingar í sínum 866-
5354 og 533-2100



Toyota Landcruiser 100 VX DIESEL
7/1998 ek 192.þ.km Leður, lúga, með
öllu Verð 3.790.000.- Allar nánari upp-
lýsingar í sínum 866-5354 og 533-
2100



Subaru Legacy 2.0 GL 1/1998 ek
101.þ.km Sumar og Vetrar, álfelgur 5
gíra ofl. Ný tímareim Verð 790.000.- All-
ar nánari upplýsingar í sínum 866-
5354 og 533-2100

Bilasalan.is
Stórhöfða 24, Reykjavík
Sími: 533 2100
Sími 5332100 og 8665354
www.bilasalan.is



Nyr '05 Chrysler Town & Country
Limited. 7 manna, 4 x körfustólar, leður-
áklæði, Sæti fellanleg niður í gólf, raf-
knúnar hurðir, Álfelgur, loftkæling ofl.
Tilboðsverð: 3.990 þúsund.

Sparibill ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is



Notuð atvinnutæki



Til Sölu Tremo 501 árg. 2003 Fjölnota-
bíl með sláttuvél og safntanki, ásamt
sand/saltdreifara ofl. Uppl. í síma 892
1157 og 893 1722.

Vélaver hf.
Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sími: 588 2600



**Innflutningur á notuðum og
nýjum bifreiðum frá Þýska-
landi og USA. [www.bilasol-
ur.is/magnusson](http://www.bilasol-
ur.is/magnusson)**



AUDI A6 4.2 QUATTRO STATION, 300
hö ÁR 2001 Ek123 þ.km 19" dekk ABS -
ASR spólvörn - Glerþopplúga - Leðurá-
klæði - Xenon aðalhljós - Þjófavörn -
Þjónustubók - ný tímareim - ný skipting
- nýjar bremsur - Topp eintak. Verð
3.990.000 lán ca.2.300.000. Giltir 48 á
mán 'Ágúst 862-2000 E-mail magnus-
son@internet.is [www.bilasol-
ur.is/magnusson](http://www.bilasol-
ur.is/magnusson)



M.BENZ E 200 K Classic (W211). 2005
módel 25.06.2004 - Ek 29 þ.km - ABS
hemlar - 18" Álfelgur - ESP stöðugleika-
kerfi CD - Glerþopplúga - Hiti í sætum -
Hraðastillir - Rafdrifinn sæti - Þjónustu-
bók - og fl. Verð 4.290.000 Ágúst 862-
2000 E-mail magnusson@internet.is ,
www.bilasolur.is/magnusson



(NEW) JEEP GRAND CHEROKEE
LAREDO 4x4 4,7, ÁR 2005 Ek 3.500 km,
ABS - CD - Glerþopplúga - ljósgrátt leður
innan - Dráttarkúla - Vél: 4,7 L
"Power Tech V8", Skipting: 5 þrepa, Drif.
"Quadra-Drive"- DVD ofl. Verð
4.390.000 Ágúst 862-2000 magnu-
son@internet.is myndir á [www.bilasol-
ur.is/magnusson](http://www.bilasol-
ur.is/magnusson)



3 Nyr JEEP GRAND CHEROKEE
LIMITED 4x4 4,7, ÁR 2005 Ek 0 - ABS -
CD - leður - Dráttarkúla - Vél: 4,7 L
"Power Tech V8", Skipting: 5 þrepa, Drif.
"Quadra-Drive ofl. Verð 4.390.000
Ágúst 862 2000 magnuson@internet.is
myndir á www.bilasolur.is/magnusson.



M.BENZ SRINTER 211 CDI Diesel knúinn
109 Hö Nýskráður 11 / 2003 Ek 18
þ.km 3 manna ABS hemlar - ASR spól-
vörn - Rafdrifnar rúður- Vökvastýri -
Þjónustubók Verð 1.840.000 án vsk
'Ágúst 862-2000 E-mail magnus-
son@internet.is myndir á [www.bilasol-
ur.is/magnusson](http://www.bilasol-
ur.is/magnusson)



NÝR , Land Rover Range Rover Sport
4.4 HSE, 2006 frá Þýskalandi Verð
8.800.000 'Ágúst 862-2000 E-mail
magnusson@internet.is myndir á ,
www.bilasolur.is/magnusson



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX Diesel
Ár 03/00 Ek 107 þ.km Sjálfskiptur - ABS
- Álfelgur - Dráttarkúla - Geisla-
diskamagasin - Hiti í sætum - Hraða-
stillir - Intercooler - Leðuráklæði - Topp-
lúga - Þjónustubók - topp bill ofl. Verð
3.990.000 'Ágúst 862-2000 magnu-
son@internet.is myndir á [www.bilasol-
ur.is/magnusson](http://www.bilasol-
ur.is/magnusson)

Magnússon ehf.
Sími: 862 2000
a.magnusson



PorscheE 911 Carrera 2 7/ '00 ek. 33 þ.
Uppl. í s. 896 9616. Umboðsbíll.

12 Volt
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500



Mitsubishi Lancer, nýskr 01/99., ek 80
þ.km., grænn., álfelgur., spoiler., geisla-
spilari., smurbók ofl., Asett 680.000.-,
Tilboð 580.000.-, Ert þú með tilbreyt-
ingu í huga? Komdu þá til okkar, mikíð
af bílum á staðnum í öllum litum...
svaka gaman!

Heimsbílar
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu



Ford Fiesta 12'02, 1300 vél, ekinn
57.000 km., beinskiptur, geislaspilari og
útvarp, nagladekk. Verð 980.000.- Uppl.
864 2480.



VW Polo 1400 skr.08/'99, ek. 41 þ.km.
ál, CD, ofl. Frábær bíll. Verð 750.000.
Sími 863 3500.



Jaguar X-Type 2.5 AWD, árg 2002, ek
120.000, sjálfskiptur með öllu. Verð
2.990.000, ath öll skipti. Uppl 421
4888 og 869 0996.



Toyota Avensis 2000 ek. 91.000, álfelgur,
bsk.,cd, abs-bremsur, filmur. V. 1100
þús. S. 863 9477 & 691 2466.



Land Rover Diesel '92 sk'96 mikíð end-
urnýjaður, þarfnast lagf. Tilb. óskast. S.
899 1733.



Til sölu Ch. Malibu árg. 1978 bíllinn er
nýsprautaður en vélarlaus, einnig Benz
309D árg. 1974 húsbíll með öllum búnaði,
ath. skipti á vélsleða. S. 822 6350.




Bens E-240 árg. '98, ekinn 124 þús.,
ssk., sóllúga ofl., gott eintak. Verð 1700
þús. stgr. S. 862 1107.



Mazda 323. Til sölu Mazda 323 1,6
sjálfsk. árg '92 ekinn aðeins 110 þús.
Bíll sem á mikíð eftir. Fæst á aðeins 150
þús. stgr. Uppl. í síma 840 2140.



Til sölu Toyota Landcruiser '88, diesel
Turbo. Sk. '06. Góður bíll. S. 892 0600.



Til sölu VW Golf 1,6 Comfortline, Ek.
177 þús. 5 dyra, bsk, rafdrúður og sp.,
CD, 14" álf, spoiler. Nýtt í bremsum að
framan. Vel með farinn bíll. Tilb. 500
þús. Áhv. 440 þús. hjá VÍS. Uppl. í s. 868
8763, Gunnar.

Lexus IS200 árg. '03 ek. 20 þús. Uppl. í
s. 898 6908.

Nissan Vanette 2,3, diesel, árg. '97. Í topp
standi, allur nýfirfarinn. Nótur fylgja.
Verð 490 þús. S. 696 9774.

Til sölu Chrysler Laser XE 2,2 turbo
árg'86. Vél bíluð. Digital mælaborð,
rafm. í öllu. Selt til uppperðar eða í vara-
hluti. V. 37.500 kr. Uppl. í s. 566 8773 &
863 5372.

Cherokee jeppi árg'90 vel með farinn, í
góðu ástandi, nýsk. ek. 150þ., 4 nýl.
vdekk, MNT sími og CD fylgja. V. 350
þús. Uppl. í s. 660 2193.

Til sölu vel útlitandi Opel Corsa árg. '00.
Verð kr. 450 þús. Uppl. í s. 892 2336.

Polo '96 3ja dyra. Ek. 141 þ., beinsk. sk.
'06. Uppl. í s. 844 1225 & 844 6475.

Isuzu Trooper '90 Diesel vél, með öllu, í
mjög góðu standi. Einnig Hyundai
H100 '95, bensín, ek. 130 þús. til nið-
urrifs. Uppl. í s. 867 5209.

Til sölu Hobby 400 hjólhýsi árg:'05 nýtt
og ónotað. Mjög meðfærilegt hús og
hentur aftan í fólkbil. V. 1.490 þús.
Uppl. í s. 849 6004.

Ódýrir USA bílar til sölu. Upplýsingar í
síma 690 8018 & 551 5483.

0-250 þús.



Mazda 323 árg. '87. Ek. 92 þús. km. Eins
og nýr. V. 200 þús. Uppl. í síma 699
8346.



Saab 900, 1994 árgerð, 133 Hö. Asett
verð 240.000 kr. Sími 862 4100, Gústaf.



Range Rover '85, V-8 3,5 sjálfsk. Allur
original og í finu standi. Flottur í veiðina.
Upplýsingar í síma 840 7004.



Suzuki Vitara '91, ekinn 219 þús. km.
Ssk., skoðaður '06. Verð 200.000 kr.
Sími 899 0145.



Opel Combo árgerð 1998. Nýskoðaður
'06. Ek. 101 þús. Aukadekk, einn eig-
andi, reglulegt viðhald. Verð 300.000.
Upplýsingar í síma 560 7800, Finnþogi.



Toyota Corolla XLI '93. K. 250 þús., 2x spoiler, þ. smá viðgerðar. 150 þús. stgr. S. 698 7353.



Skoda Felicia 1300 beinskíptur '98 ek. 112 þús. Skoðaður '06 m/ lítum ath. Verð 150 þús. Uppl. 820 1612.



Mazda MX3 1,8 V6 '92 ekinn 137 þús. Verð 250 þús. Uppl. í síma 868 8919.



Pajero '88 dísel langur skoðaður '06 ágætis ástand. Smurbækur frá upphafi fylgja, búið að skipta um tímareim. Fullur tankur af dísel. Verð 150 þús. stgr. Uppl. í síma 840 3026.

Lancer '94 vel með farinn, ek. 150 þ.km. Verð 150 þús. Uppl. í s. 861 5099.

Renault 19 '91, ekinn 139.000. '06 skoðun, ný yfirfarinn, aukadekk, góður bill, gott verð. Uppl. Höfðabilar s. 577 4747.

Mazda 323F '94, ek. 168 þ., nýsk, bæði sumar+v.dekk á álfelg. V. 160 þ. S. 662 2996 e. kl. 2.

Til sölu MMC Lancer 1800 4x4, vel farinn. Tilboð óskast í síma 893 8286.

Til sölu Mazda 323 '91 módel. Selst ódyrt. Uppl. í s. 699 1040.

Hyundai Pony '94. Ekinn 134 þús. Sk. '06. Gott eintak. S. 695 4022.

Ódýrir góðir. Golf '95, 4ra dyra beinsk. verð 165 þ. st.gr. Kia Pride. '00 verð 185 þús. stgr. Get tekið ódýrann uppl sem má vera bílaður. S. 896 6744.

Hyundai Accent GLS '95 ekinn 127 þús. Sjálfskiptur. Góður bill. Verð ca 90 þús. Sími 822 8324.

Peugeot 405 '88 ek. 170 þús. Til sölu á 99 þús. Mjög góður bill. Nýsk. S. 822 8860.

MMC Galant '89 skoðaður '06. Gott eintak. V. 100 þús.stgr. Uppl. í s. 899 5492.

Daihatsu Charade '94 4ra dyra, sjálfskiptur, ekinn 165 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í síma 861 5494.

Gott verð

Renault Clio 1.4, '96, ek. 135 þús., ssk. Tilboð 160 þús. S. 659 9696.

Tilboð Tilboð

Opel Corsa '98, ek. 145 þús., sk. '06, góður bill. Tilboð 220 þús. S. 659 9696.

Nissan Sunny '98, ekinn 184 þ. km. Ssk. Góður bill. Verð 50 þ. kr. S. 617 6840.

Nýskoðaður og vel með farinn Renault Twingo. Verð 230 þús. eða yfirtaka á láni. S. 863 8773.

M. Benz 190E '85, sk. '06, ssk., CD og magnari. 70 þús. stgr. S. 663 6208.

Til sölu Subaru Justy '90. Sk. '06. Uppl. í s. 866 6069.

Til sölu Peugeot 405 ágerð 1988, ekinn 160.000 km. Verð 90.000 kr. Vetrardekk fylgja með. Upplýsingar gefur Tomasz. S. 690 5993 & 565 0161.

Ford Escort '96 1400, 5 dyra, bsk, ekinn 112 þús., nýskoðaður, ný tímareim, gott viðhald. Verð 230 þús. stgr. Uppl. í s. 862 0075.

Til sölu Peugeot 205 '91, ek. 122 þús. Þarfnast lagfæringar. Fæst fyrir 30 þús. Uppl. í s. 862 3812.

Til sölu Subaru Legacy '92, 2.0, sk. '06. Verð 180 þús. Uppl. í s. 586 8388 & 891 8388.

Galant GLSi '91, 4x4, upptekinn mótur, rafmagn í rúðum og læsingum, lítur vel út að innan, þarf þínu að laga útlit. Stgr.ádeins 100 þús. S. 849 1122.

Til sölu Lancer '91, ekinn 148 þús., sk. '06, sjálfskiptur, snyrtilegur bill. Fæst á 115 þús. stgr. Uppl. í síma 893 4923.

Honda Civic '91 þarfnast smá lagfæringar fyrir skoðun. Fæst á góðu verði. Uppl. í síma 695 3290.

250-499 þús.



Til sölu VW Golf '96, ekinn 117 þús. cd, álfelgur o.fl. Skipt um kúplingu, fótöringur, púst o.fl. Góður bill. Verð 390 þús. S. 693 0626.



Honda v-tec. '98 ek. 170 (langkeysla), pottþétt smurbók. Nán. uppl. í s. 451 4037.



Renault Twingo '99 ek. 93 þ. Ný tímareim+ bremur. Sk. '06. 4 nagladekk fylgja. Tilboð 300 þ. Uppl. í s. 895 4055.



Peugeot 306 '99, ek. 83 þ. nýskoðaður. V. 370 þús. Uppl. í s. 895 8819.



Hyundai Elantra st. 1800. '96, ek. 108 þús. km. Beinsk. Frábær fjölskiðubill. Verð 350 þús. Uppl. í s. 587 3770 og 898 8628.




Ford Escort '97, ek. 117 þús., skoðun '06 í mjög góðu standi og smurbók fylgir. Verð 350 þús. Uppl. í síma 847 3460.



Til sölu fallg Toyota Corolla 1.3 XLI '95, ekinn 159 þús. km. Uppl. í s. 862 7609.



Lancer 4x4 std. '96 til sölu. Skoðaður '06. Vel með farinn. V. 390 þ. S. 893 1040.



Tilboð dagsins
Til sölu Golf '98, allur nýfirfarinn, smurbók, álfelgur og toppluga. Toppbill. Sími 659 3567.

Terrano II SR '00, ekinn 95 þús. 31" dekk. Ný skoðaður Tilboðsverð 1.250 þús. Uppl. í s. 820 8090.



Til sölu Toyota Corolla SI '93, toppluga, filmur, Cd, 16" álfelgur. í toppstandi. V. 390 þ. Fæst á 340 þ. stgr. Uppl. í síma 821 5105.



Corolla 1.6 '93, ek. 155 þús., mjög góður bill, nýskoðaður án athugasemda, 5 gira, vökvastýri. Verð 330 þús.stgr. Uppl. í s. 892 1021.



Toyota Carina E '93 2,0, bsk. ek. 239 þ. Sk. '06. Verð 285 þ. Einnig Avenis '99, útlitgallaður. Fæst á 590 þ. stgr. S. 820 2467.

Sparigrís. Daewoo Matis '00, ek. 38 þús. Sértilb. 400 þús. kr. Bilalán getur fylgt 200 þús. afb. 15 þús. S. 824 2020.

Hef til sölu Skoda Felicia ágerð 1999, ekinn 80.000 km., ný skoðaður, er í góðu standi. Uppl. gefur Heiðar í símunum 555 1658 og 892 6853.

VW Golf '97 til sölu silfurgrár, beinskíptur ekinn 146 þús. Ákv. 330 þús. Uppl. í síma 699 4801.

Golf '97 ek. 130 þ. auka vetrar. á felgum. Verð 450 þ. Sími 659 1781.

Golf CL '96. Vel með farinn. Verð 350 þús. uppl. í s. 692 9202.

VW Polo vínráður '98, sjálfsk. sk. '06, ek. 66.000 km., 2 dyra. Vel farinn en smá lakkviðg. Ný heilsársdekk. Góður aukabill. V. 300.000 kr. GSM. 696 1910.

Opel Vectra 2.0 station '97, ek. 119 þús. Frábær fjölskiðubill með krók. Gott eintak á frábæru verði. Verð 300 þús. S. 694 1006.

500-999 þús.



Mjög vel með farinn VW Passat comfortline, '98. Beinskíptur og ljós að innan. Ekinn 65 þús km. Smurbók frá upphafi og reykláus. 800 þús. staðgreitt. Uppl. í s. 892 3999.



Glæsikerra! Passat '98 ek. 93.000, ásett verð á bílasölu 850 þús. Tilboð 790 þús. Upplýsingar í síma 698 7263.



S. Impreza 2.0L til sölu. 97 árg, ekinn 127 þús. km., 17" álfelgur, filmur og fleira. Litur vel út og í toppstandi. Skoðaður '06. Verðhugmynd 750 þús. Sími 848 2015.



VW Golf 1.6 Comfortline, nýskr. 03/99, sjálfskiptur, loftkældur, ekinn 62 þús., 16" dekk, vetrardekk fylgja. Einn eigandi. Verð 870 þús. S. 695 1336.



Skoda Octavia '99, ekinn 89 þús. Silfur-litaður, cd, dráttarkrókur. Ásett verð 870 þús. Fæst á 750 þús. stgr. S. 699 4875.



2 dyra Yaris '00, ek. 85 þ. 640 þ. sumar+vetrard. Mjög gott eintak. S. 899 9459.



VW Passat 1.8 Turbo, Nýskr. 8/ '98 ek. 120.000. Samlitur, 17" álfelgur og dökkar rúður. Mjög flottur bill á góðu verði. S. 694 3130 & 894 4262.



Til sölu v/flutnings Opel Astra '01 ekinn 86 þ. Ásett verð 890 þ. áhv. 480 þús. (13 þ. pr. mán.). Tilboð óskast. Toppeintak. Uppl. í síma 698 8605.



VW Passat 1600 station 05.99 ek. 108.000, 780.000 100 % lán 19.800 á mán í 48 mán. Nánari uppl. í s. 897 1401.

VW Caravella '99, dísel, 2500cc, 9 manna. Ek. 435 þ. km., verð 700-800 þ., myndir á bílasalur.is. S. 868 1382.

Mazda 323 FGT '99 ekinn 110 þús. Nánari upplýsingar í síma 862 0406.

Hyundai Sonata '98 ekinn 120 þús. Vaxtalaust lán kr 450 þús. Tek ódýrari uppl. Sími 695 0443.

Til sölu Toyota Avenis 1,8 Sedan, '99. Sjálfsk., ek. 109 þús. km. Mjög góður bill. Uppl. í s. 699 8211 og 892 5019.

Frábær Volvo!

Volvo S40 '97 til sölu gegn yfirt. á láni. Ek. 118 þús. Vindskeið, 6 diska cd, krömfelgur, heilsársd. Uppl. í síma 856 0075.

Til sölu Opel Astra '99. Ás.v. 750 þús. Uppl. í s. 690 7786.

BMW 750 I '90. Bill með öllu. Topp-eintak. Verð 500 þús. Uppl. í s. 898 8826.

1-2 milljónir



Gylltur Golf '03 ekinn 65 þús. 5 dyra. 100% lán. Uppl. í síma 897 7559.



Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er gert ráð fyrir að þátttakendur fái langvarandi bata af meðferð með rannsóknarlyfinu en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í lækisfræðilegum rannsóknum og meðferð á astmasjúkdómi.

**SELTJARNARNESBÆR
auglýsir eftir samstarfsaðila um
rekstur líkams- og heilsuræktar í
tengslum við Sundlaug Seltjarnarness**

Seltjarnarnesbær auglýsir hér með eftir samstarfsaðila um áhuga hefur á að sjá um og reka líkamsræktarstöð í tengslum við Sundlaug Seltjarnarness.

Framundan er vinna við hönnun og útfærslu líkamsræktaraðstöðu við sundlauginu og er mikilvægt að fá sjónarmið þeirra aðila um þekkingu hafa á slíkum rekstri í þá vinnu þegar á undirbúningsstigi.

Aðstæður á Seltjarnarnesi henta vel til að byggja upp öflugna heilsu- og líkamsrækt þar sem sundlaugin er staðsett í hjarta bæjarins og nýtir vatn úr borholum á vegum Hitaveitu Seltjarnarness. Seltjarnarnesbær vill stuðla að því að bæjarbúar hafi gott aðgengi að heilsurækt og því er fyrirhugað að í tengslum við Sundlauginu verði rekin fyrsta flokks líkams- og heilsuræktarstöð.

Seltjarnarnesbær áformar ekki að eiga eða reka líkamsræktarstöðina en mun koma að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins eftir atvikum.

Áhugasamir skili þátttökutilkynningu ásamt reifun á helstu hugmyndum á bæjarskrifstofu Seltjarnarness, Austurströnd 2, fyrir 20. júlí 2005. Nánari upplýsingar veitir ritari bæjarstjóra.



SELTJARNARNESBÆR

Talstöðin
FM 90,9

Hallfríði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalisins. Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN



Um 160 astmasjúklingar munu taka þátt í rannsókninni sem verður framkvæmd á Læknasetrinu ehf., Mjódd, Þönglabakka 1 og 6, 109 Reykjavík og á rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsóknar ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík. Eitt af inntökuskilyrðum í klínísku rannsóknina er að þátttakendur séu/verði arfgerðagreindir með tilliti til breytileika í MAP3K9 erfðavísinum en sú arfgerðagreining fer fram samhliða hjá Íslenskri erfðagreiningu í tengslum við rannsókn á erfðum astma og ofnæmis. Einungis þeir sem bera ákveðna breytileika í MAP3K9 erfðavísinum geta tekið þátt í klínísku rannsókninni. Klíníska rannsóknin tekur yfir 10-12 vikna tímabil og gert er ráð fyrir 7 heimsóknum á rannsóknarsetur.

Þeir sem kynnu að hafa áhuga og þeir sem ekki hafa tekið þátt í erfðarannsókninni eru beðnir um að leita frekari upplýsinga hjá Höllu S. Arnardóttur hjúkrunarfræðingri klínísku rannsóknarinnar í síma 510 9900.

Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Taki þeir þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

PÓSTURINN
allur pakkinn

**Starfsfólk
óskast í póstmíðstöð**

Íslandspóstur hf. óskar eftir starfsfólki í póstmíðstöð fyrirtækisins. Um er að ræða annars vegar fullt starf og hins vegar tímavinnu/aukavinnu.

• **Framtíðarstarf í bögglaeild**
Bögglaeild póstmíðstöðvar óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Starfið felst í vinnslu pakkasendinga, skráningu og flokkun þeirra. Unnið er á vöktum.

• **Aukavinnu á kvöldin og um helgar**
Íslandspóstur óskar einnig eftir starfsfólki í tímavinnu í póstmíðstöð. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu. Vinnutími er frá kl. 13:00, 15:00 eða 17:00 til kl. 21:00 tvo til þrjú daga í viku. Starfið felst í flokkun og skráningu bréf- og pakkasendinga. Tilvalin vinna fyrir skólafólk eða fólk sem vill fá sér aukavinnu.

Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu póstmíðstöðvarinnar, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík. Þar skal umsóknum einnig skilað, merktum: starf í bögglaeild eða tímavinnu.

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins, www.postur.is.

**Okkur vantar
fleira gott fólk!**

Skúlason leitar að framtíðarfólki í þjónustuver. Framundan er mikil vinna og okkur vantar starfsfólk í þjónustuverið okkar til að tala í síma.

- söluverkefni
- símsvörun
- gagnavinnslu

Leitum sérstaklega að fólki sem er að leita að framtíðarstarfi, hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu umhverfi og er metnaðarfullt.

- Hæfniskröfur:
- reynsla af sölumennsku og þjónustustörfum
 - eldri en 20 ára
 - góð enskukunnátta (ekki skilyrði)
 - lágmarks tölvukunnátta

Hringdu í okkur í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn eða sendu hana á netfangið skulason@skulason.is



Skúlason er þjónustuver. Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.

SKULASON
Sími 575 1500 - www.skulason.is

Vissir þú ...

...að lengsta beinið í líkamanum er lærbeinið en það er að jafnaði 27,5 prósent af lengd manna og getur verið allt að fimmtíu sentimetrar?

...að stærsta reikistjarna utan sólkerfisins er HD168443 sem er á sporbaug um aðra stjörnu og er sautján sinnum umfangsmeiri en Júpíter?

...að dýpsti dalur í heimi er Yarlung Zangbo-dalur í Tíbet? Og er fimm þúsund metra djúpur að meðaltali.

...að filippseyki vofuapinn er á meðal minnstu primata heims og er með stærstu augu á spendýri, eða sextán millimetra að ummáli? Það samsvarar því að menn hefðu augu á stærð við greipaldin.

...að eitruðustu ætu fiskarnir í heiminum eru ígulfiskar í Rauðahafinu og Indlands-Kyrrahafssvæðinu?

...að minnsta heimilishamstragundin í heiminum er Roborovski hamsturinn? Hann verður yfirleitt fjögurra til fimm sentimetra langur og kemur upphaflega frá Mongólíu og Kína.

...að talið er að tíu prósent ræktaðs lands í Austurríki séu notuð undir lífræna ræktun?

ÚTVARPIÐ ÞITT
POLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X 97.7



SELÁS-BYGGINGAR ehf.

Austurbyggð 20 • Laugarás • 801 Selfoss
☎ 486 8862 / 894 4142 • ✉ hakon@eyjar.is

Hákon Páll Gunnlaugsson

lögiltur húsnámsmeistari og byggingastjóri

Tilboðsgerð, tækjaleiga, viðhald, hurðir, gluggar,
timbur, íbúða-, sumar og stálgrindarhús, vörubíll m/ 9 m. bílkrana

989
BYLGJAN
Lífsaugað
Þriðjudagskvöld 22-24

metasys[®]

Þinn stuðningur í baráttunni við aukakílóin

Léttari gagnvart vigtinni og sálinni

Metasys hefur reynst mér frábærlega til að léttu mig og styrkja en á 3 mánuðum eru farinn 6 kíló. En mest langar mig að segja hversu orkugefandi og hressandi Metasys er. Hef langtum betra úthald og er duglegri að mæta í ræktina, léttari gagnvart vigtinni og sálinni. Ekki spurning, mæli með Metasys.



Elsa Kristín Gunnlaugsdóttir
Hjúkrunarstjóri



100%
náttúrulegt

metasys[®]
æðunin til að léttast

Fæst í apótekum og heilsuþúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is • sími 551 7020

LANGUR LAUGARDAGUR
15% TAX FREE
afsláttur af öllum vörum
á laugavegi í dag
opið 11 - 17



eva sautján gs skór galleri sautján **Kjallarinn**
merkjavara á 70% afslætti

LAUGAVEGI 89-91

Trúlofunar
hringar

Jon & Óskar

Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is

ÚTSALAN ÞÍN
ER HAFIN

30-70%
AFSLÁTTUR

**BERNHARD
LAXDAL**

Laugavegi 63 • S: 551 4422



SVARTUR KÖTTUR Kettir hafa löngum verið taldir dulmagnaðar skepnur. Ýmist var lítið á þá sem heilagar verur eða fulltrúa illra afla.

Svartir kettir

Spurning: Af hverju hræðast menn að svartur köttur gangi í veg fyrir þá?

Svar: Talið er að heimiliskötturinn hafi komið til Evrópu einhvern tíma á járnöld en utan Evrópu á hann sér mun lengri sögu. Hlutverk kattarins í samfélagi við manninn hefur allt frá fyrstu tíð verið að verja uppskeru og hýbli fyrir nagdýrum auk þess sem kattarskinn voru lengi talin verðmæt. Það er einnig ævagömul trú að kettir séu merkilegar skepnur og standi í nánu sambandi við þau öfl sem búa að baki hinum sýnilega veruleika.

Fornegyptar eru taldir hafa byrjað að temja ketti um það bil 3000 árum f. Kr. Egyptar urðu svo hrifnir af ágæti kattarins að þeir tóku að tilbiðja hann. Hjá þeim var kötturinn sagður afkvæmi Ísisar, gyðju ljóss og lífs, og Ósírísar sem var guð mána og dauða. Mynd kattargyðjunnar Bast var kona með kattarhöfuð. Frá Egyptum er einnig komin sú trú að kettir hafi nú líf.

Kettir í goðafræði

Kettir höfðu miklu hlutverki að gegna í grískri goðafræði. Mána-gyðjan Artemis var verndari kattanna, þeir voru í fylgdarliði hennar og hún gat sjálf brugðið sér í kattarlíki ef svo bar undir. Artemis var í nánu sambandi við Hekötu, gyðju undirheimanna, en hún var einnig mána-gyðja og gat breytt sér í kött eins og Artemis. Hekata var einnig gyðja nornanna, og kettir fylgdu Hekötu á næturferðum hennar. Kötturinn var því snemma tengdur göldrum og öðrum myrkraverkum.

Kettir eru fylgifiskar ástar- og frjósemisgyðjunnar Freyju í norrænni goðafræði og þeir drógu vagn hennar þegar hún ferðaðist. Auk þessa má finna ýmsa tiltrú er ketti varðar hjá Kínverjum og fleiri Asíuþjóðum.

Nornakettir og heimiliskettir

Í þjóðtrú hafa menn löngum verið blendnir í afstöðu sinni til kattarins. Á hann hefur verið lítið sem heilagt dýr en algengara er þó að hann hafi verið álitinn fulltrúi illra afla. Á miðöldum urðu svartir kettir einkennisdýr norna og voru kettir norna sagðir nærast á blóði þeirra. Nornir áttu meðal annars að geta brugðið sér í kattarlíki. Verði svartur köttur á vegi manns er því allt eins víst að þar sé norn á ferðinni.

Kettir eru oftast taldir til góðs á heimilum og víða má finna þá hjátrú að heilladrjúgt sé að hafa kött með sér þegar flutt er inn í nýtt húsnæði. Því var trúað að kötturinn sogaði til sín ólán og ill

öfl eða að þessi fyrirbæri tækju sér bólfestu í honum. Kötturinn var með öðrum orðum nokkurs konar segull eða ryksuga sem dró að sér allt illt. Sagt er að sums staðar hafi tíðkast að henda svörtum ketti inn fyrir þröskuldinn á heimili brúðhjóna til að hreinsa andrúmsloftið áður en þau fóru sjálf inn.

Svartir kettir boða ýmist ógæfu eða lán

Flestir þekkja þá hjátrú að það sé slæmur fyrirboði ef svartur köttur hleypur þvert í veg fyrir mann. Víðast hvar í Evrópu og Bandaríkjunum er þessi hjátrú almenn enn í dag. Það vekur mörgum ugg í brjósti hlaupi svartur köttur þvert á leið þeirra, sérstaklega séu menn að sinna mikilvægum eða áhættusömum erindum. Margir Bandaríkjamenn halda því þó fram að svartur köttur sé einungis fyrirboði illis hlaupi hann frá vinstri til hægri en viti á gott komi hann frá hægri. Hvítir kettir vita aftur á móti á gott.

Í Englandi snúa margir þessari hjátrú við; svartir kettir vita á gott en hvítir kettir á illt. Þá eru svartir kettir álíka vinsælir og þeir eru óvinsælir annars staðar á Vesturlöndum, hlaupi þeir í veg fyrir menn. Þess eru dæmi í Englandi að einhver taki sérstaklega að sér það verkefni að láta svartan kött hlaupa í veg fyrir brúðhjón þegar þau koma út úr kirkjunni að lokinni vígslu, þeim til heilla.

Hjátrú viðheldur jafnvægi í daglegu lífi

Segja má að einn af grunnþáttum hjátrúar sé að viðhalda ákveðnu jafnvægi í hinu daglega lífi. Allt sem truflar eða gengur þvert á það sem er talið venjulegt eða eðlilegt boðar illt en getur þó í sumum tilfellum verið fyrirboði góðra tíðinda. Svartur köttur sem skyndilega hleypur þvert á leið manna truflar ákveðið jafnvægi, gengur þvert á fyrirfram ákveðna leið og er þess vegna í flestum tilfellum talinn illis viti.

Ótrúin á svarta ketti á sér rætur í hefðbundnum viðhorfum til kattarins; um aldir var hann annars vegar talinn heilagt dýr og hins vegar djöfulleg skepna. Vegna hins nána sambands kattarins við nornir og önnur myrkræfl hefur neikvætt viðhorf til svartra katta sennilega orðið jafn afgerandi og raun ber vitni.

Annars er ráð, hlaupi svartur köttur í veg fyrir mann, að hrækja í átt til hans eða krossleggja fingur til að afstýra óláni.

Simón Jón Jóhannsson, þjóðháttafræðingur.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hvaða nafni sem þau nefnast. Nýverið bauðst þátttökendum í Háskóla unga fólksins, námskeiðum fyrir ungmenni á aldrinum 12-16 ára á vegum Háskóla Íslands, að svara spurningum fyrir Vísindavefinn. Meðal spurninga sem þar var glímt við eru: Hvað er Surtsey stór, hvaða tungumál er talað í Úganda, hver var Tycho Brahe, úr hvaða áxvætti eru rúsinur framleiddar, hvað þýða litirnir í þýska fánanum og hvenær verður næsti tunglmyrkvi á Íslandi? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

395! Björk býr við hliðina á Al Pacino

Hér & nú

Katrín Jakobs **Óvart ólétt!**

Ragnheiður Guðfinna **Arnór berst við sykursýki**

Hetja!

Heiðar Helguson **At í taðni tæsteynætt!**

Trúlofun í **Veidivötnum**

Leyndarmál **Eirgítur!**

Heiðar Helguson **Atmælis-gestir í einka-þoti**

MIJÓN A VIKU!

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

STÓRÚTSALA

50-80%

AFSLÁTTUR

REGATTA GREAT OUTDOORS™

Ópið
Virka daga 10 – 18
Laugard. 2/7 10 – 18
Sunnud. 3/7 13 – 17

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

ÚTIVIST & SPORT

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxefni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnarhaga 25 Sími 421-3322

Svikull svartur sandur

Clint Eastwood er á leiðinni til landsins til að taka upp atriði fyrir myndina *Flags of Our Fathers*, sem fjallar um bardagann um Iwo Jima í síðari heimsstyrjöldinni. Krýsuvík var talinn heppilegur tókustaður, því hér á Íslandi eru sandarnir svartir og svikulir, líkt á eldfjallaeyjunni í Kyrrahafinu.

FÁNINN REISTUR Þetta var seinni og stærri fáninn sem reistur var efst á Suribachi-fjalli á Iwo Jima. Fyrir þessa fréttamynd hlaut ljósmyndarinn, Joe Rosenthal, Pulitzer-verðlaunin árið 1945.

Ef bardaginn yrði háður í dag, myndu fjölmiðlar spyrja hvort líf þúsunda hermanna væru þess virði. Farið yrði fram á rannsókn á því hvort hermennirnir hefðu verið nægjanlega þjálfaðir. Þingmenn minnihlutans myndu spyrja hvort forsetinn hafi leitt bandarísku þjóðina af-vega. Svona lýsti Zen Miller, þingmaður Demókrata á bandaríska þinginu, því hvernig bardaganum um Iwo Jima, sem háður var í síðari heimsstyrjöldinni, yrði lýst af fjölmiðlum væri hann háður í dag, en ekki í byrjun árs 1945, á lokamánuðum síðari heimsstyrjaldarinnar í baráttunni um Kyrrahafið.

Í bardaganum um Iwo Jima, eða Súlífureyjuna, sem hófst 19. febrúar 1945, létust um 22.000 japanskir hermenn og tæplega

7.000 bandarískir. Að auki særðust rúmlega 19.000 bandarískir hermenn. Bardaginn sjálfur var einn af mörgum bardögum síðari heimsstyrjaldarinnar. Mynd sem Joe Rosenthal tók af sex hermönnum að reisa bandaríska fánann á toppi Suribachi-eldfjallsins á Iwo Jima 23. febrúar 1945 gerði bardagann ódauðlegan í huga Bandaríkjamanna. Rosenthal, ljósmyndari Associated Press, hlaut Pulitzer-blaðamannaverðlaunin fyrir myndina árið 1945. Í lok árs 1954 var bronsstytta eftir Felix de Weldon, byggð á myndinni, afhjúpuð í Arlington-kirkjugarðinum. Styttnan var helguð öllum sjóhermönnum sem hafa látið lífið við að verja þjóð sína. Nú er Clint Eastwood að koma til Krýsuvíkur til þess að taka upp

atriði fyrir myndina sína *Flags of Our Fathers*, sem fjallar um bardagann um Iwo Jima.

Tilgangur eða tilgangsleysi

Innrásin á Iwo Jima var kölluð Operation Detachment, og var talin nauðsynleg fyrir árásir B-29 sprengjuflugvéla á Japan og til þess að Kamikaze-árásir Japana yrðu erfiðari. Á eyjunni voru þrjár flugbrautir sem japanskir sjálfsvígslugmenn hófu leiðangur sinn á. Eftir að Bandaríkjamenn náðu yfirráðum yfir eyjunni lentu fylgifulgvelar sprengjuflugvéla á eyjunni, á meðan B-29 vélarnar flugu áfram til Japan. Flugbrautirnar voru notaðar sem neyðarlendingastaður bandarísku sprengjuflugvéla á leið sinni frá Japan, sem hefðu annars þurft að



TADAMICHI KURIBAYASHI
Herforingi Japana



RAYMOND A. SPRUANCE
Herforingi Bandaríkjamanna

fljúga helmingi lengri leið til að ná öruggri landingu. Eftir að Bandaríkjamenn höfðu náð Marianas-eyjum, varð Iwo Jima mun mikilvægari herstöð fyrir Japan en áður, þar sem Bandaríkjamenn voru þá orðnir nær því að gera árásir á meginland Japan. Frá herstöðinni á Iwo Jima gátu Japanir varað við yfirvofandi árásum á Tókýó og nágrenni.

Japanir bíða og undirbúa sig

Í júní 1944 hófu Bandaríkjamenn stórskotahríð á Iwo Jima, og áttu Japanir von á að innrás hefist það sumar. Í júlí það ár hafði bandaríski sjóherinn eyðilagt allar byggingar á eyjunni og þær fjórar flugvélar sem eftir voru. Japanir höfðu þá misst stóran hluta sjóhersins og mikinn hluta flughersins. Flugvélafloti þeirra var ekki endurbýggður fyrr en í apríl 1945. Tadamichi Kuribayashi, herforingi Japana á eyjunni, þurfti því að verja Iwo Jima án stuðnings frá sjó- eða flughernum. Liðsstyrkur kom frá Japan, auk verkfræðinga sem hönnuðu flókíð kerfi neðanjarðarbygginga og ganga, sem áttu að geta staðist miklar sprengingar frá óvininum. Höfuðstöðvar Kuirbayashi voru á norðurhluta eyjunnar.

Sunnar á eyjunni, á Hæð 382 sem var næsthæsti hæðarpunktur Iwo Jima, var fjaraskipta- og veðurstöð komið upp. Þar rétt hjá voru höfuðstöðvar hersforingjans Chosaku Kaido, sem stjórnaði stórskotaliði Japana á eyjunni. Japanir gerðu tilraun til að tengja allar helstu stjórnstöðvar sínar á eyjunni með göngum sem hefðu orðið um 27 kílómetrar að lengd, hefði þeim tekist að klára þau. Þegar Bandaríkjamenn stigu á land í febrúar 1945, voru 18 kílómetra göng fullkláruð. 8. desember 1944 hófu Bandaríkjamenn aftur loftárásir á Iwo Jima, sem frá þeim tíma varð daglegur viðburður þar til innrásin sjálf hófst.

Bandaríkjamenn hefja innrás

Fyrir innrásina á Iwo Jima töldu Bandaríkjamenn sig hafa fullkomna árásaráttun sína frá sjó, í innrásum sínum frá Guadalcanal til Guam. Þeir töldu sig hafa mætt öllum þeim vandamálum sem upp gætu komið. Samkvæmt áætlun áttu tvær herdeildir sjóhersins að taka land á austurströndum eyjunnar. Þegar þær væru lentar á ströndinni myndu tvær aðrar herdeildir bætast við til styrktar þeim sem fyrir voru. Samkvæmt áætlun-



EYÐILEGGINGIN ALGJÖR Mannfallið var mikið, bæði í herliði Bandaríkjamanna og Japana, þegar barist var um Iwo Jima í síðari heimsstyrjöldinni.

Fáninn sem feðurnir báru

Premur klukkustundum eftir að fyrsta hersveitin hafði reist bandaríska fánan við hún á tindi Suribachi-fjalls var önnur hersveit send þangað með enn stærri fána. Myndin sem Joe Rosenthal, ljósmyndari Associated Press, tók af síðari flögguninni náði heimsfrægd. Þar sjást, frá vinstri til hægri, Ira H. Hayes, Franklin R. Sousley, Michael Strank, John Bradley, Rene A. Gagnon og Harlon Block. Af þeim sex gengu einungis þrír burt af eyjunni; þeir Hayes, Bradley og Gagnon. Sousley, Strank og Block létust í bardaga á eyjunni.

Michael Strank fæddist árið 1919 í Tékkóslóvakíu. Hann var sá sem fékk skipunina um að klífa fjallið og valdi sína stráka

með sér. Strank lést 1. mars 1945 og er grafinn í Arlington-kirkjugarðinum í Washington.

Harlon Block fæddist árið 1924 í Texas. Hann var hægri hönd Stranks og tók við eftir að Strank lést. Í átján mánuði var talið að í stað hans væri Harry Hansen frá Boston á myndinni frægu. Harlon er grafinn við hliðina á Iwo Jima minnismerknu í Harlingen, Texas.

Franklin Sousley fæddist 1925 í Kentucky. Hann hafði gengið í herinn þegar hann var 17 ára og sigldi út á Kyrrahafið á 18 ára afmælisdeginum. Franklin var síðasti fánaberinn sem lést á Iwo Jima, þann 21. mars, þá 19 ára.

Ira Hayes fæddist 1923 í Arizona og lést 32 árum síðar í

heimaríki sínu. Hann var af indjánaættum og hafði sjaldan farið út fyrir heimaslóðir sínar þegar hann gekk í herinn. Hann varð þekktur sem „indjáninn sem reisti fánann“, en átti erfitt með að þola athyglina. Hann átti í erfiðleikum með áfengi og drakk síðustu viskiflöskuna sína árið 1955.

Rene Gagnon fæddist árið 1925 í New Hampshire og lést í heimabæ sínum árið 1979. Af fánaberunum var hann sá yngsti sem lifði stríðið af og sá fyrsti til að snúa aftur til Bandaríkjanna. Gagnon var sá sexmenningana sem bar fánann upp fjallið.

John Bradley fæddist 1923 í Wisconsin og varð langlífastur fánaberanna. Hann lést í heima-



IWO JIMA MINNISMERKIÐ Í WASHINGTON DC Af fánaberunum sex komust einungis þrír lifandi frá Iwo Jima.

ríki sínu árið 1994. Bradley var ekki í herflokki Harlons Block, en hafði boðist til að hjálpa til.

Sonur Bradleys skrifaði bókina *Flags of our Fathers*, sem mynd Eastwoods byggist á.

inni átti fljótlega að ná stjórn á ströndinni en síðan myndu herdeildirnar færa sig í norðausturátt, þar til yfirráðum á allri eyjunni yrði náð. Herflokkur myndi á sama tíma færast suður og ná Suribachi-fjalli. Ef öldurnar yrðu of miklar austurmegin, átti að lenda á vesturströndinni, en vegna vinda var talið ólíklegt að varaáætlunin kæmi til framkvæmda.

Premur dögum fyrir innrásina hófst gegndarlaus sprengjuárás bandarískra sprengjuflugvéla og sjóhersins, til að undirbúa innrásina.

Svartur sandurinn svíkur

Klukkan tvö eftir miðnætti að morgni 19. febrúar gáfu fallbyssur bandarískra orustuskipa til kynna að D-dagur væri hafinn. Skömmu síðar hófu 100 sprengjuflugvélar þeirra árás. Öðru sinni drundu fallbyssurnar. Klukkan hálf níu lentu fyrstu hermennirnir af um 30.000. Bandaríkjamönnum reyndist erfitt að grafa skotgrafir í svörtum sandinum sem þeir höfðu litla reynslu af. Vegna þess hve ströndin var mjúk var lendingin einnig erfiðari en þeir áttu von á. Hermennirnir áttu hreinlega í erfiðleikum með að fóta sig. Við lendinguna mættu bandarísku hermennirnir minni mótspyrnu en þeir áttu von á. Japanarnir höfðu ákveðið að sýna ekki stórskotalið sitt strax, og geyma harða mótspyrnu þar til Bandaríkjamenn væru komnir lengra inn í landið. Að kvöldi fyrsta innrásardagsins höfðu um 30.000 hermenn umkringgt Suribachi-fjallið. 40.000 hermenn bættust við skömmu síðar. Það var þó ekki fyrir en fjórum dögum síðar sem bandarískir hermenn náðu upp á topp til að reisa þar fánann. En þótt fáninn blakti var bardögum langt í frá lokið og þurfti að vinna eyjuna fermetra fyrir fermetra. Það var ekki fyrir en 11. mars að varnir Japana voru ekki lengur miðstýrðar, þá voru einungis eftir dreifðir fámennir hópar sem veittu mótspyrnu. Vegna stolts japanskra hermanna að vera ekki teknir á lífi, skipulögðu þeir banzai-árásir, hlupu léttvopnaðir gegn stórskotaliði Bandaríkjahers.

Bardögum á Iwo Jima lauk ekki fyrir en 26. mars 1945. Þá höfðu um 7.000 bandarískir hermenn látið lífið og um 19.000 særst. Af þeim rúmlega 22.000 japönsku hermönnum sem vörðu eyjuna voru einungis um 200 teknir fanga. Aðrir höfðu látið lífið. Neðanjadarkerfið sem Japanarnir höfðu gert og varist í var að mestu heilt eftir að átökum lauk. Byggingarnar reyndust Bandaríkjaher erfiðastar, ekki bara í þessari innrás, heldur reyndust þær vera það varnarvirki í Kyrrahafinu sem erfiðast var fyrir Bandaríkjaher að vinna bug á.

Súlfúreyjan í dag.

Eftir að Bandaríkjamenn náðu Iwo Jima á sitt band, héldu þeir eyjunni til 1968. Nú býr enginn á eyjunni, og þarf sérstakt leyfi frá borgaryfirvöldum í Tókýó til að koma til hennar.

svanborg@frettabladid.is

800 7000 - siminn.is



**ENGINN
AÐGANGSEYRIR
Í SMÁRALIND**

Síminn býður þér á tónleika

WIG WAM

í Smáralind í dag kl. 16.30

í samvinnu við Concert og Bylgjuna

Upphitunartónleikar og áritun

Síminn hefur nú gengið til liðs við Concert og Bylgjuna og fengið norsku glystroksveitina **WIG WAM** til að koma fram í **Smáralind kl. 16.30** til að hita upp fyrir tónleika sína á Gauknum í kvöld. Sveitin tekur meðal annars hið geysivinsæla lag „*In My Dreams (come on)*“ sem er búið að gera allt vitlaust á Íslandi að undanförunu. Að því loknu munu meðlimir sveitarinnar svo árita plötu sína *It's Hard to be a Rock 'n' Roller in Kiev*.

Ekki missa af vinsælustu norsku glystroksveit í heimi!

Síminn



JOHN BONHAM Fyrrum trommari Led Zeppelin þykir besti trommari sögunnar samkvæmt Classic Rock.



DAVE GROHL Sló í gegn með Nirvana og þótti standa sig stórkostlega á plötunni Nevermind.



KEITH MOON Hinn óstýrláti trommari lést úr ofneyslu eiturfylla árið 1978.

hljómsveitum á borð við Queens of the Stone Age og Nine Inch Nails. Grohl lýsti því eitt sinn yfir að hann dreymdi um að hlaupa í skarðið fyrir John Bonham ef Led Zeppelin kæmi saman á nýjan leik. Hann væri vafalítið rétti maðurinn í starfið.

3 KEITH MOON Jafn þekktur fyrir ólæti sín utan sviðsins og fyrir hæfileika sína við trommusetið. Moon vann sér það meðal annars til frægðar að keyra bíl ofan í sundlaug, sprengja upp klósett og ganga um götur í nasista-búningi. Hann hefur verið talinn einn af holdgervingum hug-

taksins „brjálaði trommarinn“, enda kallaður „Moon the Loon“. Kappinn lést árið 1978, 32 ára gamall, úr ofneyslu lyfja.

4 NEIL PEART Gekkt undir viðurnefninu „Professorinn“. Peart gekk til liðs við Rush árið 1974 og sannaði sig bæði sem frábær trommari og sem hæfileikarík texta-smiður. Sótti hann áhrif sín til djass-trommarans Buddy Rich. Lítið hefur spurst til „Professorsins“ í tónlistarheiminum eftir að hann missti dóttur sína árið 1997 og eigin konu sína ári síðar.



NEIL PEART

Bonham sá besti fyrr og síðar

John Bonham, fyrrum trommari Led Zeppelin, var kjörinn besti trommari sögunnar í úttekt sem breska tímaritið Classic Rock stóð fyrir. Íslandsvinurinn Dave Grohl úr Nirvana og Foo Fighters kemur á hæla hans.

Breska tímaritið Classic Rock tók nýverið saman lista yfir 50 bestu trommuleikara heimsins fyrr og síðar. Listinn var unnin með hjálp fjölmarga sérfræðinga úr hinum ýmsu geirum tónlistarinnar og verður því að teljast afar marktækur.

Þátttakendur voru beðnir um að nefna tíu bestu trommarana en þess má geta að ekki mátti velja Matt Sorum, trommara Velvet Revolver og fyrrum trommara Guns n' Roses, þar sem hann var einn af gestarítstjórn Classic Rock í þetta skiptið ásamt hinum félögum sínum úr sveitinni.

Í efsta sæti trónir John heitinn Bonham, fyrrum trommari Led Zeppelin, en í öðru sæti er Íslandsvinurinn Dave Grohl, sem heldur einmitt tónleika hér á landi með hljómsveit sinni Foo Fighters næstkomandi þriðjudag. Keith Moon úr bresku roksveitinni The

Who er í þriðja sæti og í því fjórða er Neil Peart úr hljómsveitinni Rush. Chad Smith úr Red Hot Chili Peppers vermir síðan fimmta sætið.

Á meðal þeirra sem voru á listanum en komust ekki á topp 20 voru: Ringo Starr – Bítlarnir (22.), Taylor Hawkins – Foo Fighters (23.), Lars Ulrich – Metallica (26.), Phil Rudd – AC/DC (27.), Jimmy Chamberlain – Smashing Pumpkins (31.), Matt Cameron – Pearl Jam (34.) (32.), Roger Taylor – Queen (37.), Igor Cavalera – Sepultura (39.), Nick Mason – Pink Floyd (42.) og Cindy Blackman – Lenny Kravitz (50.).

1 JOHN BONHAM Hrærdi hinum ýmsu tónlistarstefnum saman, þar á meðal einföldum töktum úr R&B-tónlist og djassi, og bjó til eitthvað alveg nýtt. Eina af hans eftirminnegustu stundum má heyrja í

laginu Moby Dick þar sem hann tekur nokkurra mínútna trommusól á magnaðan hátt. Bonham var eins og fleiri trommarar í sögunni þekktur fyrir villt líferni sitt. Árið 1980, þegar Led Zeppelin var í æfingabúðum fyrir tónleikaferð til Bandaríkjanna, kafnaði Bonham í eigin ælu eftir stífa drykkju. Hann var aðeins 32 ára gamall. Led Zeppelin hætti í kjölfarið og hefur ekki komið aftur saman síðan, nema við sérstök tilefni.

2 DAVE GROHL Sló í gegn sem trommari einnar bestu roksveitar allra tíma, Nirvana. Mikill kraftur, hraði og fjölbreytileiki einkenna trommuleik hans, eins og heyrna má á meistaraverkinu Nevermind. Grohl klæjar greinilega í fingurna þegar hann er ekki að syngja með Foo Fighters, því hann hefur spilað mikið undanfarin ár sem gestatrommari hjá

20 BESTU TROMMARAR HEIMSINS:

1. John Bonham – Led Zeppelin
2. Dave Grohl – Nirvana, Foo Fighters, Queens of the Stone Age, Nine Inch Nails, Killing Joke, Probot.
3. Keith Moon – The Who
4. Neil Peart – Rush
5. Chad Smith – Red Hot Chili Peppers, Glenn Hughes
6. Dave Lombardo – Slayer
7. Mitch Mitchell – The Jimi Hendrix Experience
8. Ian Paice – Deep Purple
9. Cozy Powell – Rainbow, Black Sabbath, MSG
10. Charlie Watts – The Rolling Stones
11. Nicko McBrain – Iron Maiden
12. Ginger Baker – Cream, Blind Faith, Masters of Reality
13. Joey Jordison – Slipknot
14. Phil Collins – Genesis
15. Carl Palmer – Emerson, Lake & Palmer, Asia
16. Bill Bruford – King Crimson, Yes
17. Mike Portnoy – Dream Theater
18. Stewart Copeland – The Police
19. Tommy Lee – Mötley Crüe
20. Bill Ward – Black Sabbath



CHAD SMITH Hinn hægláti Smith þykir afar fjöhlæfur.

5 CHAD SMITH Nútímalegur trommari sem fer lítið fyrir í Red Hot Chili Peppers. Á meðan félagar hans láta öllum illum látum vinnur hann sína vinnu óaðfinnanlega á bak við tjöldin. Hann virðist ráða við allt, hvort sem um fönk, rokk eða salartónlist er að ræða. Lagið Higher Ground er gott dæmi um hæfileika hans.

freyr@frettabladid.is

ISLENDINGAR Í DANMÖRKU
SÓLSTOFA, SVALIR OG PALLAR
LÆRIÐ AÐ SMÍÐA
- SÓLPALLUR OG HILLUR

HÚS OG HÍBYLI
NR. 196 • 7. TBL. • JÚLÍ 2005 • VERÐ 899 KR.

SVALA BJÖRGVINS
Ný pláta og nýtt heimili

HÖFÐINGLEGUR
SUMARBÚSTAÐUR Á SUÐURLANDI
ANNA MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

Stúderaði Chad Smith

Arnar Gíslason, trommari í Ensími, Írafár og Dr. Spock, er að mestu leyti sammála lista Classic Rock yfir bestu trommara sögunnar.


„John Bonham er náttúrulega magnaður. Hann er á mínum topp fimm lista og Chad Smith líka. Hann er svona trommari sem ég stúderaði þegar ég var að læra. Ég hlustaði á Blood Sugar Sex Magic og trommaði hana út eitt,“ segir Arnar.

„Ég stúderaði Larry í Primus líka eins og vindurinn í gamla daga. Síðan er Dave Lombardo mjög góður. Ég sá hann þegar þeir hi t u ð u upp fyrir Korn síðasta sumar á Íslandi og það var alveg magnað. Hann sló alveg úr mér taktinn. Síðan var ég reyndar Lars Ulrich-aðdáandi í gamla daga en hann getur ekki neitt og hefur aldrei getað. Þetta var bara misskilningur í mér.“

Arnar er einnig ánægður með Dave Grohl. „Hann er mitt „íðol“ fyrir utan bróðir minn. Ég kann að spila á gítar og er svolítill músikant og þess vegna hef ég gaman af því að hann hafi stofnað sitt eigið

band.“ Bróðir Arnars er Haraldur Freyr Gíslason, trommuleikari Botnleðju. „Halli bróðir er besti trommari á landinu, það er engin spurning. Síðan er Jonni sem var í Ensími líka mjög góður.“

Aðspurður segist Arnar ekki hafa hugmynd um hvernig trommari hann er sjálfur. „Aðrir verða að finna út úr því. Ég tromma bara eins og ég get og hef gaman af því.“



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR SIGURSSON

ARNAR GÍSLASON John Bonham er í miklum metum hjá Arnari Gíslasyni.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Sumarsprengja!

...aðeins þessa helgi 2. - 3. júlí

50%
afsláttur

Xtech járnasett

Vandað járnasett með
alvöru sumarafslætti
meðan birgðir endast

Verð: 9.900,-

Verð áður: 19.800,-



30%
afsláttur

Royal Kids barnagolfsett

Það má ekki gleyma litlu
golfurunum. Eigum golfsett
fyrir 3-5, 6-8 og 9-12 ára

Verð frá 5.530,-



50%
afsláttur

Royal Club burðarpoki

Þægilegur burðarpoki með tvöfaldri
axlaról og aukahólfum

Verð: 3.900,-

Verð áður: 7.800,-



Fleiri sprengjur!

- Scanna Titanium golfkúlur 15 í pk. með 30% afsl. - tilboð 1.596,-
- Boltaveiðarar með 40% afsl. - verð frá 948,-
- Valdir golfskór með 50% afsl.
- Fatnaður í úrvali - allt að 50% afsl.

...og svo miklu miklu meira



Hole in One
G O L F V E R S L U N

Opnunartími:

Mán - fös.....10 - 19
Laugardaga.....10 - 16
Sunnudaga.....12 - 16



Í TÓKÝÓ
VAR
EG SVÖRT
BARBÍ

NÝTT TÖLUBLAÐ FÆST Á ÖLLUM
HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM
VERÐ KR . 300

SIRKUSTM

- FYLGSTU MED!

NÆSTA KYNSLÓÐ

» Í ÍSLENSKA FÓTBOLTANUM

Ný kynslóð er að koma upp í íslenskrum knattspyrnu. Senn líður að óhjákvæmlegri uppstokkun hjá íslenska landsliðinu þar sem eldri leikmönnum er skipt út fyrir þá yngri. Þeir sem fylgjast með yngri flokka starfi á Íslandi eru flestir á einu máli; fjöldi ungra og framúrskarandi íslenskra leikmanna er í sögulegu hámarki þar sem þeir allir eiga sameiginlegt að geta náð eins langt og þeir sjálfir vilja. *Vignir Guðjónsson* skoðaði þá tíu leikmenn sem eru líklegastir til þess að skara fram úr á komandi árum – vonarstjórnur næstu kynslóðar.



SÓKNARMÁÐUR

» KOLBEINN SIGPÓRSSON (FD:1990) » VÍKINGUR

Leikmaður sem getur náð mjög langt ef allt gengur upp. Hefur verið yfirburðamaður í öllum yngri flokkunum þrátt fyrir að spila jafnan ári upp fyrir sig og var meðal annars markahæsti leikmaður Shell-mótsins í Vestmannaeyjum þrjú ár í röð. Er bróðir Andra Sigpórssonar, fyrrverandi atvinnumanns í knattspyrnu, og því ljóst að markaskorunargenið er til staðar. Allir grunnþættir eru fyrsta flokks – móttaka, snerting, skot, sending og skallatækni. Er einn af þessum örfáu sem virðist fæðast með óútskýranlega fótballahæfileika. Er markaskorari af guðs náð, klárar færin sín einstaklega vel en vill koma töluvert til baka og sækja boltann.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: WAYNE ROONEY



» KJARTAN HENRY FINNBOGASON (FD:1986) » CELTIC

Flestir þekkja hann frá síðasta sumri, þá sem hann sló í gegn með KR í Landsbankadeildinni. Fór til Celtic í upphafi þessa árs en spilaði ekki sinn fyrsta leik með ungalingaliðinu fyrr en í febrúar. Endaði engu síður sem markahæsti leikmaður U-19 ára liðsins með 14 mörk og segir sú tölfræði meira en mörg orð. Fæddur markaskorari sem nýtir sín færni íðulega mjög vel og getur í rauninni skorað mörk upp úr engu. Líkar vel að fá boltann í fætuma og skilar honum jafnan vel frá sér. Er auk þess öflugur í stöðunni maður á mann og með fína skallatækni. Er hins vegar með stuttan kveikþráð, á það til að láta mótlaeti fara af mikið í taugarnar á sér og hættir fyrir vikið að spila sinn leik.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: ADRIANO



SÓKNARMÁÐUR



MIÐJUMAÐUR

» THEÓDÓR ELMAR BJARNASON (FD:1987) » CELTIC

Getur spilað nánast hvar sem er á miðjunni þó svo að fjölbærni hans og stíll njóti sín best inni á miðri miðjunni í frjálsri stöðu. Meira skapandi leikmaður er vandfundinn og býr hann yfir ótrúlegri tækni miðað við aldur. Getur gert hreyfingar sem þekktust varla áður í yngri flokkunum á Íslandi. Eitt hans helsta vopn eru miklar stefnu- og hraðabreytingar. Er auk þess fljótur og einstaklega flinkur með bolta, með frábærar spyrnur og mikla yfirsýn. Áhangendur Celtic fara lofsamlegum orðum um hann á spjallsíðum félagsins og spá því að hann verði leikmaður aðalliðsins áður en næsta tímabil er á enda. Þarf helst að bæta varnarleikinn en það er eitthvað sem á að koma með leiðsögn frá færustu þjálfurum Skotlands. Mikill karakter inni á velli og er fyrirliði U-19 ára landsliðsins.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: KAKA




» HJÁLMAR ÞÓRARINSSON (FD:1986) » HEARTS

Fór til Hearts síðasta sumar og fyrst sem lánsmaður frá Þrótti. Hann heillaði forráðamenn hins vegar svo mikið að þeir vildu ólmir kaupa hann sem varð síðan raunin fyrir nokkrum vikum síðan. Hefur fengið nokkur tækifæri með aðalliðinu og skoraði meðal annars í sínum fyrsta leik en hefur aðallega spilað með unglinga- og varaliðinu og staðið sig hreint frábærlega. Varð hann meðal annars markahæsti leikmaðurinn í U-19 ára deildinni í Skotlandi með 18 mörk. Vill helst spila uppi á toppi en getur einnig spilað á hægri kantinum. Leikmaður sem hefur endalausa uppþreppu hæfileika; hraða, góðar spyrnur, sprengikraft og mikla leikni.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: JERMAIN DEFOE



SÓKNARMÁÐUR



MIÐJUMAÐUR

» BJARNI ÞÓR VIÐARSSON (FD:1988) » EVERTON

Bróðir atvinnumannanna Arnars og Davíðs Þórs sem leika með Lokeren og Lillestrøm en er að mati flestra miklu betri leikmaður en þeir voru á þessum aldri. Hefur verið hjá Everton frá síðasta sumri og er í miklum metum þar. Leikur á miðjunni og hefur einstaklega næmt auga fyrir öllu spili. Hann er fastamaður í varaliði félagsins sem segir sitt um getu Bjarna. Hann hefur oft verið sagður of veiklulegur til að pluma sig á háu stigi en þrátt fyrir að hafa takmarkað kjöt á beinunum er hann óhemju sterkur og þykir sæta tíðindum að hann tapi návígi. Hann er draumur hvers þjálfara, gerir allt sem honum er sagt og veikleikar eru af skornum skammti, helst eru það löngu sendingarnar og skotin sem þarf að bæta.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: PATRICK VIERA



VIKTOR UNNAR ILLUGASON {FD:1990} » **BREIÐABLÍK**

SÓKNARMAÐUR

Stór og feikilega öflugur örvættur leikmaður sem spilar jafnan sem fremsti maður. Hefur farið til reynslu til Feyonord og Ipswich og er undir smásjá fleiri erlendra liða. Er lykilmáður í gríðarlega öflugum árgangi hjá Breiðablíki og hefur verið einstaklega sigursæll í gegnum tíðina. Hefur stórkostlegt vald á fyrstu sneringu og býr yfir leikskilningi sem þekktist vart hjá öðrum leikmönnum á þessum aldri. Einstaklega þroskaður miðað við aldur og skynjar leikinn nánast fullkornlega. Hans eini löstur er skallatæknin en veikleikann bætur hann upp með öllum sínum kostum. Er auk þess metnaðarfullur og með hugarfarið til að taka næsta skref – atvinnumennskuna.


GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI:
ALAN SMITH

ARNÓR SMÁRASON {FD:1988} » **HEERENVEEN**

SÓKNARMAÐUR

Er fastamaður úr U-19 ára liði Heerenveen og fékk tækifæri með varaliðinu undir lok síðasta tímabils. Þá var hann valinn í úrvalslið félagsins skipaðe leikmönnum 20 ára og yngri. Hefur mest verið notaður sem sóknarmaður en getur einnig leikið á miðjunni og á köntunum. Er nánast jafnvígur á báða fætur, mjög útsjónarsamur, fljótur og mikill markaskorari. Ber af öðrum þegar kemur að knattlaki – hann getur rekið boltann nánast á 100% spretti án þess að missa hann frá sér. Er með ótrúlega góða nýtingu á færnum og útsjónarsamur með eindæmum. Hann er einn af þeim leikmönnum sem geta unnið leiki upp á eigin spýtur.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI:
RYAN GIGGS

ÓSKAR PÉTURSSON {FD:1989} » **GRINDAVÍK**

Gerði atvinnumannasamning við Ipswich og fer þangað í ágúst. Er heldur smár af markmanni að vera en mikill íþróttamaður. Hann æfði körfubolta við hlið fótboltans með mjög góðum árangri og býr yfir frábærum stökkrkrafti og góðum staðsetningum. Mjög snöggur á milli stanganna en er auk þess mjög frambærilegur útileikmaður og því mjög öruggur þegar hann fær boltann til baka. Sýnir jafnan mikil tilþrif en er um leið enginn ævintýramaður. Markvörður af gamla skólanum, agaður, mikill keppnismaður en þekkir jafnframt sín takmörk. Þykir jarðbundinn og vel upp alinn strákur með höfuðið í lagi.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: **IKER CASILLAS**

MARKVÖRÐUR

**» BJÖRN ORRI HERMANSSON** {FD:1989} » **IPSWICH**

VARNAR/MÍÐJUMAÐUR

Spilar jafnan aftarlega á vellinum en er á sama tíma það góður sóknarmaður að hann getur sólað fimm andstæðinga á sama punktinum. Hreif forráðamenn Ipswich upp úr skónum og gerði samning við félagið eftir fimm heimsóknir þangað. Þar er hann hugsaður sem djúpur miðjumaður þrátt fyrir að hann spili jafnan stöðu miðvarðar hjá Fylki og með U-17 ára landsliðinu. Þess má geta að Ipswich hafði betur í keppni við Borussia Dortmund um leikmanninn. Gríðarlega sterkur leikmaður og algjör leiðtogi. Spilaði alla leiki U-17 ára landsliðsins í fyrra þrátt fyrir að vera árinu yngri en flestir aðrir. Mjög teknískur, með gríðarlegan sprengikraft og einstaklega góður í því að taka andstæðinginn algjörlega úr umferð. Sterkur í loftinu, sterkur í návígjum og mjög yfirvegaður.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: **ROY KEANE**

**RÚRÍK GÍSLASON** {FD:1988} » **HK**

Hefur verið að spila í fremstu völginu HK í 1. deildinni í sumar eftir að hann sneri heim úr atvinnumennsku hjá Anderlecht. Þangað fór Rúrik strax að loknum grunnskóla en hann var gríðarlega eftirsóttur. Lýsingarorðin frá þjálfurum hans hjá Anderlecht voru á þann veg að Rúrik gæti orðið eins góður og hann vildi – hann geti gert hluti sem aðeins útvaldir einstaklingar geta leikið eftir. Þrjúsklos í baki olli því að hann sneri heim til uppeldisfélags síns í HK þar sem hann er í raun að byrja upp á nýtt. Var alltaf yfirburðamaður í sínum árgangi í yngri flokkunum og í Digranesinu er enn þá rætt um þegar hann, nánast upp á sitt einsdæmi, vann Íslandsmeistarailinn fyrir HK í 4. flokki. Hann þykir beita líkamanum og fótunum öðruvísi en flestir aðrir og hefur hreyfingum hans verið líkt við töfra.

GÆTI ORÐIÐ HINN ÍSLENSKI: **ERIC CANTONA**

SÓKNARMAÐUR



Sumarspilið

Afbragðs afþreying fyrir krakkana á ferðalögum

Þjálfðu hetjuna þína og kepptu við aðra

Hverri leikjatölvu fylgir rafrænt spilakort með einni af hetjunum úr heimi Tims. Þú þarft að þjálfu upp hetjuna með því að gefa henni að borða, æfa hana og hvíla, en það er gert með því að spila stutta leiki. Þegar því er lokið, geturðu farið að keppa við aðra.

Leikurinn snýst um að gera hetjuna að meistara – að byggja upp heilsustig hennar þannig að hún verði hreystin uppmáluð. Á bak við heilsustigin eru þrjár þættir; hraði, kraftar og töftrar. Þessa þætti þarf alla að byggja upp með því að skora á aðra í keppni, skipta við þá á einhverjum eiginleikanna þriggja eða eiga við þá viðskipti um þá.

Verð leikjatölvu með einu spili aðeins **1990-**

ORMSSON
SÍÐUMULA 9 - SMÁRALIND

Esso

Lítið, þráðlaust,
sniðugt og ódýrt



FORSETI GETTÓHVERFA HEIMSINS



Bófarapparinn Snoop Dogg er á leiðinni til Íslands. Þessi fyrrum tukthúsmeðlimur hefur fengist við ýmislegt misjafnt, meðal annars klámmyndagerð, eiturlyfjasölu og manndráp í sjálfsvörn. Hann er fluggáfaður og þótti einkar efnilegur í körfubolta á námsárunum. Körfuna notar hann enn til að slaka á og leika sér, oftar en ekki í gettóum heimsins. *Fréttablaðið* fann tilvalda körfuboltavelli fyrir Snoop til að skjóta á í júlí.

Hann kallar sig Doggfather; President of the United Ghettos of the World. Var meira en efnilegur í körfubolta á námsárunum og ekki síður flinkur á bókina. Síðhærður með þung augnlok eins og hundurinn Snoopy í Smáfólkinu, þegar hann ólst upp í gettóinu á Long Beach í Kaliforníu, og fékk þaðan viðurnefnið Snoop Dogg af foreldrum sínum.

Eins og títt er um gettóhverfi búa þar öreigar og undirmenn í meirihluta. Snoop sleit bernskuskónum á vettvangi glæpagengja og var einn þeirra óknyttadregnga sem lærðu af slæmum fyrirmyndum og fóru fljótt út af rétta spönu. Ungur varð hann meðlimur í hinna illræmdu *Long Beach Insane Crips*-klíku og byrjaði að selja eiturlyf á milli þess sem hann skemmti sér við bófarapp með góðvini sínum Warren Griffin, sem seinna varð frægur sem rapparinn Warren G.

Laganna verðir gómuðu Snoop Dogg snemma við eiturlyfjasölu. Strax eftir menntaskólann fékk hann sinn fyrsta fangelsisdóm og næstu þrjú ár var hann inn og út úr fangelsum fyrir fíkniefnasölu.

Í fangelsinu gerði hann upp hug sinn og ákvað að hafna glæpalífínu eftir að samfangar hans sannfærðu Snoop um ótvíræða hæfileika á tónlistarsviðinu.

Snoop leitaði til

Warrens G. sem fékk bróður sinn Dr. Dre, kallaður guðfaðir rappsins, til þess að hlusta á tónlist þá sem Snoop Dogg hafði fram að færa. Sá féll í stafi af hringingu og fékk Snoop til þess að flytja lag á plötu sinni *The Chronic* 1992, en sú plata er enn ein mest seldi rappplata sögunnar. Fljótlega fór stjarna Snoop Dogg að rísa hratt og fyrsta sólóplatan, *Doggystyle*, kom út 1994, sama ár var Snoop kosinn „besti rapparinn“ af lesendum *Rolling Stone*-tímaritsins.

Á miðjum vegi velgenginnar var Snoop handtekinn og ákærður fyrir morðið á Philip Woldemariam, eþiópískum innflytjanda úr glæpaklíku sem skotin var í bakið 25. ágúst 1993. Philip þessi hafði mætt fyrir utan hús rapparans og látið dólglega þannig að Snoop og lífvörður hans McKinley Lee eltu hann uppi og skutu í sjálfsvörn. Báðir voru sýknaðir af morðákærinni.

Allan frægðartímann hefur Snoop verið trúr uppruna sínum. Hann er enn bófarappari númer eitt, upphæfur gettóid, venjulegt fólk og notar skotin sín í körfubolta. Ein af óskum Snoops í heimsókn hans til Íslands er að komast á körfuboltavöll þar sem hann getur slakað á og skotið á eins og eina eða tvær körfur. Fréttablaðið fann hentuga körfuboltavelli fyrir Snoop Dogg í Reykjavík.

thordis@frettabladid.is

MIKLATÚN

Fáfarinn almenningsgarður sem lumar á ýmsu og getur verið upplagður felustaður fyrir stórstjörnur. Þarna mundi Snoop ekki skera sig úr hópnum sem útlendingur, því nýbúar spila oftast á þessum velli og taka þá með sér bassastyrkta gettóblastera sem dansa með boltanum upp í körfuna á milli fagurklippra trjáa og litskrúðuga blóma.

LAUGARDALURINN

Einn af fáum körfuboltavöllum sem býður upp á að hækka verulega í bílgræjunum því auðvelt er að koma gettóblum að völlum sem standa við hlið gervigrassins í Laugardal, í litlu nágrenni við stygga íbúa sem skilja ekki að gott er að hlusta á rapp með körfunni og finnst það raska heimilisfriðnum. Vellirnir hafa verið sívinsælir hjá ungum sem öldnum körfuboltamönnum undanfarin ár, og oftar en ekki uppteknir seinnipart dags og langt fram á kvöld. Þarna er alltaf hægt að finna einhvern til að spila við, hvort sem er einn gegn einum, eða fleiri.

AXEL STADIUM VIÐ MIKLUBRAUT

Þarna gæti Snoop lent í alvöru slag við fjölmiðlastjörnur Íslands, ef hann skyldi dropa við í hádegis- eða kaffipásunni. Mótherjarnir gætu verið alls konar að getu, en flestir með Ginobili-takta sem erfitt væri fyrir Snoop að átta sig á. Hann mundi skilja í eitt skipti fyrir öll að hvítir geta víst stökkið, þótt trúlega gæfu einhverjir bófanum séns í kurt-eisskyni. Snoop í körfu á Axel Stadium væri auk þess öllum opinna enda í alfaraleið við Miklubraut, gegnt húsakynnum Fréttablaðsins.

FELLAHVERFIÐ Í EFRA-BREIÐHOLTI

Körfuboltavöllur sem stal senunni í víðfrægum sjónvarpsauglýsingum þar sem Sveppi sagði Eiði Smára til syndanna í fótboltaþjálfun, þótt völlum sé alls ekki hugsaður fyrir fótbolta. Er klárt mál að umhverfið spilaði stærsta hlutverkið enda forkunnarfagar byggingar í bakgrunni; stærsta blokk landsins, staðsett í miðju gettóinu, eins og fáfróðir og gárungar kalla Fellin. Snoop mundi vafalaust una sér best á þessum velli og finna til samkenndar með hvetjandi Breiðhylltingum ofan af svölum og í grasinu við völlinn, þegar hann atti kappi við breiðhylltska rappara. Þarna ætti Snoop heima, væri hann Íslendingur. Þarna færi hann í allar sínar körfur.



COLDPLAY



MARIAH CAREY



VELVET REVOLVER



ELTON JOHN



MADONNA



A-HA



ROBBIE WILLIAMS



SARAH MCLACHLAN



BON JOVI



U2



STING




MS. DYNAMITE



JAY Z



SHAKIRA



STEVIE WONDER

LIVE8 HEFST Í DAG KL. 12!

STÆRSTI TÓNLISTARVIÐBURÐUR SEM HALDINN HEFUR VERIÐ VERÐUR Í BEINNI ÚTSENDINGU Á SIRKUS. SJÓNVARPAÐ VERÐUR FRÁ 10 STÖÐUM UM ALLAN HEIM.

Útsendingin frá Live8 hefst á SIRKUS kl. 12 á hádegi og stendur í 12 tíma samfleytt. Allir helstu popparar heims taka þátt í viðburðinum. Dagskráin á Íslandi er til stuðnings UNICEF, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna. Sirkus mun nást á dreifikerfi Sýnar meðan á útsendingunni stendur. FYLGSTU MEÐ OG TAKTU ÞÁTT Í AÐ MÓTA BETRI HEIM.



JÓNSSON & LEMACKS • JI.15



Baugur Group er aðalstyrktaraðili útsendingar Sirkus á Live8 í samvinnu við Sirkus, Concert og Unicef.





Heyrst hefur ...

... að forráðamenn Keflavíkur sjái sér nú leik á borði til að koma fram hefndum á Guðjóni Þórðarsyni. Svo vill til að Brian O'Callaghan er enn samningsbundin Keflavíkum og ef vilji og metnaður er fyrir hendi gætu forráðamenn Keflavíkur gert Notts County afskaplega erfitt fyrir í því að fá félagsskiptin samþykkt...

sport
sport@frettabladid.is

FYRRVERANDI KNATTSPYRNUSTJÓRI STOKE: PEKKTÍ OF LÍTIÐ TIL ÞÓRÐAR OG TRYGGVA

Ég hef ekkert á móti Íslendingum

Tony Pulis, fyrrum knattspyrnustjóri Stoke sem var rekin sl. þriðjudag, kveðst ekkert hafa á móti íslenskum leikmönnum. Hann segir Þórð Guðjónsson og Tryggva Guðmundsson hafa liðið fyrir það að hafa komið til félagsins fyrir tilstuðlan íslensku stjórnarmanna félagsins, en Pulis lá undir miklum ámælum í vor fyrir að sjá sér ekki fært að nota íslensku landsliðsmennina tvo.

„Málið er að ég hefði aldrei séð þá spila og þekkti ekkert til þeirra. Í liðinu voru fyrir leikmenn sem ég gjörþekkti og það er ekki sjálf-sagt að ég spili mönnum sem ég þekki lítið sem ekkert til,“ sagði Pulis í samtali við Fréttablaðið í gær og hrekur þannig allar fullyrðingar um að hann sé á móti íslenskum leikmönnum. „Það er skrítið þegar fólk heldur því fram. Fyrsta árið mitt hjá Stoke var Brynjar Gunnarsson lykilmáður hjá mér – mjög öflugur miðjumaður. Síðan varð hann samningslaus og við gátum ekki haldið



honum. Sá leikmaður sem var efst á óskalistanum mínum í sumar var til dæmis Heiðar Helguson, en hann reynist of stór biti fyrir okkur. Þannig að halda því fram að ég sé ekki hrifinn af íslenskum leikmönnum er fráleitt,“ segir Pulis.

„Það að stjórnið skuli hafa fengið þá til Stoke en ekki ég hefði ekkert með það að gera að þeir komust ekki í liðið. Vandinn var sá að ég þekkti einfaldlega of lítið til þeirra. En allir þeir íslensku leikmenn sem ég hef unnið með hjá Stoke hafa verið framúrskarandi félagar sem lögðu ávallt afskaplega hart að sér. Tryggvi og Þórður eru toppmenn, einstaklega viðkunnalegir og á milli okkar voru engin vandamál. Ég kunní afar vel við þá,“ segir hann.

Ítarlegt viðtal við Tony Pulis, þar sem hann fjallar meðal annars um samskipti sín við íslensku stjórnarmennina, mun birtast í Fréttablaðinu á næstu dögum.

> Við furðum okkur ekki á ...

... því að Guðjón Þórðarson hafi gengið frá samningi við írsku leikmanninn Brian O'Callaghan í gær, þrátt fyrir að hann hafi sagt fyrir nokkrum dögum að ekkert væri hæft í þeim orðrómi að leikmaðurinn væri á leið til Notts County. Aðferðin er nákvæmlega sú sama og forráðamenn Keflavíkur urðu fyrir barðinu á fyrir fáeinum vikum. Og af hverju ætti Guðjón að hætta að nota aðferð sem líka svona svinvirkar?

> Við hrósum ...

... liði FH í Landsbankadeild karla með að vera þriðja liðið í sögunni til að ná þeim stórkostlega árangri að vera með fullt hús stiga að lokinni fyrri umferð Íslandsmótsins í knattspyrnu.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

29 30 1 2 3 4 5

Laugardagur

LEIKIR

16.00 ÍBV fær Fylki í heimsókn í Landsbankadeild karla.

SJÓNVARP

10.50 Formúla 1 á RÚV.

13.00 Gullmót í frjálsum íþróttum á RÚV.

15.50 Bikarkeppnin í sundi á RÚV

17.00 PGA mótið í golfi á Sýn.

17.25 Motorworld á Sýn.

17.54 Toyota-mótaröðin í golfi á Sýn.

19.00 Spænski fótboltinn á Sýn.

20.40 Hnefaleikar á Sýn.

21.55 Hnefaleikar á Sýn.

23.05 Hnefaleikar á Sýn.



Í ÚRSLIT Roger Federer er á leið í þriðja úrslitaleik sinn í röð á Wimbledon

Tenniskappinn Roger Federer:

Þriðji úrslitaleikurinn í röð

TENNIS Roger Federer var ekki í vandræðum með að tryggja sér sæti í úrslitaleiknum á þriðja Wimbledon-mótinu í röð, þegar hann tók næst stigahæsta tennisleikara heims, Lleyton Hewitt í kennslustund í undanúrslitunum í gær og sigraði 3-0. Þetta var fimmta tap Hewitt fyrir Federer í röð og hann sá aldrei til sólar í leiknum í gær.

„Ég á ekki orð yfir það hvað allt gekk vel hjá mér og ég hefði aldrei geta ímyndað mér að ég tæki hann í þremur settum. Það er frábært að vera að fara í þriðja úrslitaleikinn í röð á Wimbledon og ég á áreiðanlega eftir að sofa mjög vel í nótt. Ég vona bara að sigurganga mín verði ekki stöðvud á sunnudaginn“ sagði Federer eftir sigurinn í gær, en hann hefur ekki tapað í úrslitaleik á tuttugu mótum í röð. „Ég held að engin sérstök sálfræði sé á bak við þennan sigur hans,“ sagði Hewitt full eftir tapið. „Hann einfaldlega lék betur en ég á öllum sviðum leiksins.“

Federer mun mæta annað hvort Thomas Johansson eða Andy Roddick í úrslitaleik mótsins á morgun, en undanúrslitaevígi þeirra félaga var frestað þangað til í dag vegna rigninga.

-bb

FH hefur ekki ennþá lent undir

Það er ekki nóg með að lið FH sé með fullt hús stiga að lokinni fyrri umferð Landsbankadeildar karla heldur sýnir tölfræðin að liðið hefur ekki enn lent undir í fyrstu níu leikjum sumarsins.

FÓTBOLTI Það er ekkert launungarmál að Íslandsmeistarar FH hafa verið í algjörum sérflökki það sem af er Íslandsmótsins á þessu sumri og stefna hraðbyri að því að vera titillinn. Liðið er það þriðja í sögunni til að fara í gegnum fyrri umferðina án þess að tapa einu einasta stigi, en áður höfðu Valur árið 1978 og ÍA árið 1995 náð þeim árangri.

Það var einmitt árið 1978 sem Valsmenn náðu besta tölfræðilega árangri í sögu Íslandsmótsins þegar liðið vann 17 leiki og gerði eitt jafntefli í 18 leikjum sumarsins. Skagamenn töpuðu einum leik og gerðu eitt jafntefli í síðari umferð mótsins árið 1995 en enduðu tímabilið eigi að síður með 16 sigurleiki og 49 stig. Ef marka má yfirburði FH-liðsins í sumar er óhætt að fullyrða að liðið eigi fína möguleika á að jafna, ef ekki bæta hinn ótrúlega árangur Vals 1978.

Þegar rýnt er enn frekar í tölfræði FH-liðsins það sem af er móti kemur í ljós að liðið hefur ekki verið undir í eina sekúndu af þeim 810 mínútum sem liðið hefur spilað. FH hefur ávallt náð forystunni í leikjum sínum og verið yfir í alls 470 mínútur, eða 58% leiktímans í fyrstu níu leikjunum. Þess má geta að það eru botnliðin tvö, Þróttur og ÍBV, sem hafa náð að halda lengst út gegn FH-ingum – Þróttur í 69 mínútur og ÍBV í 61 mínútu. Þá hafa FH-ingar aukin heldur haft tveggja marka forystu eða meiri í 24,9% leikja sinna í fyrri umferð.

„Þetta er eitthvað sem við hugsum ekkert um,“ sagði Tommy Nielsen, hinn danski varnarmaður FH, þegar Fréttablaðið bar undir

hann fyrrgreinda tölfræði.

„Við höfum vissulega fengið fá mörk á okkur og ég held að lykillinginn að því sé að við leikmennirnir þekkjum allir okkar hlutverk mjög vel. Mér finnst við alltaf líklegir til að skora og það segir sig þar með sjálf að ef við höldum hreinu, þá erum við líklegir til að vinna,“ segir Tommy.

Hann segir byrjun FH-liðsins í ár hafa farið fram úr vonum sínum en að liðið ætli sér að reyna að halda dampi í seinni umferðinni. „Mér finnst við vera með það öflugt lið miðað við önnur í deildinni að ef við spilum okkar eðlilega leik, þá vinnum við. Þannig að ég tel okkur vel getað farið taplaust í gegnum tímabilið. En það krefst gríðarlegrar einbeitingar og verður mjög erfitt.“

-vig.-ooj

ÁRANGUR FH Í FYRRI UMFERÐ 2005

| MÓTHERJI | UNDIR | JAFNT | YFIR | YFIR(+2) |
|--------------|-------|-------|-------|----------|
| 1. Keflavík | 0 | 27 | 63 | 1 |
| 2. Grindavík | 0 | 33 | 57 | 46 |
| 3. ÍBV | 0 | 61 | 29 | 22 |
| 4. KR | 0 | 44 | 46 | 0 |
| 5. Þróttur | 0 | 69 | 21 | 6 |
| 6. Valur | 0 | 12 | 78 | 0 |
| 7. ÍA | 0 | 44 | 46 | 45 |
| 8. Fylkir | 0 | 8 | 82 | 77 |
| 9. Fram | 0 | 42 | 48 | 5 |
| Alls | 0 | 340 | 470 | 202 |
| 9 Leikir | 0,0% | 42,0% | 58,0% | 24,9% |

ÓSTÖÐVANDI Árangur FH-inga í fyrri umferð Landsbankadeildarinnar hefur verið með ólíkindum, hvar sem gripið er niður í tölfræðinni. Það er ekki nóg með að liðið sé með fullt hús stiga heldur hefur liðið ekki einu sinni lent undir.



Guðjón Þórðarson, knattspyrnustjóri Notts County:

Allt er þá þrennt er

FÓTBOLTI Þrátt fyrir að hafa dæmt orðrómi þess efnis „þvætting“ fyrir nokkrum dögum, hefur Guðjón Þórðarson nú fengið írsku varnarmanninn Brian O'Callaghan til liðs við sig í þriðja sinn á ferli sínum sem þjálfari. Í gær skrifaði Írinn undir eins árs samning hjá Notts County. O'Callaghan var sem kunnugt er á mála hjá Keflavík fyrir skömmu, en ákvað skyndilega að snúa aftur til Bretlandseyja til að freista þess að komast að hjá atvinnumannaliði.

O'Callaghan var hinn ánægðasti með komuna til Notts County og fagnaði sérstaklega tækifærinu til að vinna aftur með Guðjóni.

„Ég gerði mér grein fyrir því hvað ég er heppinn að geta leikið sem atvinnumaður í knattspyrnu á þessum tíma sem ég lék með utandeildarliðum og hef því ákveðið að nýta tækifærið sem

ég hef fengið vel,“ sagði varnarmaðurinn sem svo sem gerði engar rósir fyrir Keflavík – lék einn leik með liðinu þar sem hann skoraði sjálfsmark.

„Ég hlakka mikið til að vinna með Guðjóni aftur. Hann er frábær knattspyrnustjóri sem alltaf nær því besta út úr leikmönnum sínum. Hann náði því besta fram í mér þegar ég lék undir hans stjórn á sínum tíma og ég uppskar góðan árangur af því,“ sagði sá írski í viðtali á heimasíðu félagsins í gær, en hann á þó enn eftir að fá félagaskipti sín úr Keflavík samþykkt. -bb

GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Hefur augljóslega mikið álit á Brian O'Callaghan og vill helst fá hann í öll sín lið.



ÚR SPORTINU

Orðrómurinn um að Steven Gerrard sé á leið frá Liverpool magnast stöðugt og í gær birti eitt spænsku dagblaðanna að Rafael Benítez, stjóri liðsins, hefði fengið mjög loðin svör þegar hann spurði Gerrard hvort hann ætlaði ekki að vera áfram hjá Liverpool. „Við verðum að sjá til en það er ljóst að það verður mjög erfitt að segja nei við Real,“ á Gerrard að hafa sagt við Benítez - svar sem var ekki til gleðja spænska þjálfarann. Ennfremur segir blaðið að fari svo að Gerrard ákveði að fara til Spánar muni hann fá helmingi meira borgað en hjá Liverpool.

K knattspyrnumaðurinn Scott Ramsey hefur gengið frá félagsskiptum úr Keflavík yfir til nágranna í Grindavík. Ramsey hefur ekkert leikið með Keflavík í Landsbankadeildinni í sumar og hefur verið að æfa með liði Grindavíkur síðustu vikur. Ekki er fyrirhugað að Ramsey leiki með liðinu á næstunni en hann gæti orðið klár í slaginn síðari hluta sumars.

ÚR SPORTINU

Middlesbrough hafnaði í gær tilboði frá Tottenham í enska miðjumanninn Stuart Downing. Tilboðið hljóðaði upp á sex milljónir punda en var hafnað samstundis. „Hann er ekki til sölu,“ segir Keith Lamb, talsmaður félagsins, um Downing, sem skoraði sjö mörk á síðustu leiktíð fyrir Middlesbrough.

Það verða Bandaríkjaústúlkurnar Lindsay Davenport og Venus Williams sem leika til úrslita í kvennaflokki á Wimbledon-mótinu í Tennis. Davenport sigraði Amelie Mauresmo frá Frakklandi örugglega í undanúrslitunum í gær en áður hafði Venus borið sigurorð af Maríu Sharapovu.



Christian Vieri og félag hans Inter Milan komust í gær að samkomulagi um að rifta samningi hans. Vieri lenti upp á kant við Roberto Mancini, stjóra liðsins, í vikubyrjun og virðist ágreiningurinn hafa verið slíkur að ekki hafi verið hægt að komast að mála-miðlun. Vitað er að fjölmörg lið munu hafa áhuga á að fá Vieri í sínar raðir en sjálfur er hann sagður hafa hug á því að leika í ensku úrvalsdeildinni á næsta ári. Tottenham, Liverpool og jafnvel Chelsea eru öll nefnd sem líklegir áfangastaðir Vieri í því samhengi.

Íslenska karlalandsliðið í golfi beið lægri hlut fyrir Svíum á Evrópumótinu í golfi sem fram fer á Hillside-veginum í Englandi þessa dagana. Þetta var fyrsti leikur íslenska liðsins í keppninni um 13.-16. sæti á mótinu en liðið mætir Finnum í dag í leik um 15. sætið.

Nýir eigendur Manchester United ætla sér stóra hluti á næstu árum:

Lofa Ferguson 100 milljónum punda næstu fjögur árin

FÓTBOLTI Joel Glazer, stjórnarmaður í Manchester United og sonur Malcom Glazer, hins nýja eiganda félagsins, hefur lofað Alex Ferguson allt að hundrað milljónum punda til að styrkja leikmannahóp liðsins á næstu fjórum árum.

Joel kom fram í viðtali við sjónvarpsstöð félagsins í gær og reyndi að biðla til stuðningsmanna liðsins að gefa sér og fjölskyldu sinni tækifæri til að sanna sig við stjórnvölinn hjá félaginu, en stuðningsmennirnir tóku sem kunnugt er á móti Bandaríkjamönnum með ólátum og morðhótunum þegar þeir mættu á Old Trafford í fyrradag, þar sem slagorð dagsins var „Deyðu Glazer, deyðu.“ Máttu lögreglumenn hafa sig alla við til að halda aftur af æstum múgnum og er ljóst að þeir feðgar voru beinlínis í lífshættu.

Joel Glazer var mættur til fundar við forráðamenn liðsins á Old Trafford í vikunni, þar sem þeir bræður báru saman bækur sínar við Bretana og kynntu áætlanir sínar og stefnumál, en að því loknu reyndi hann að stilla til friðar við stuðningsmennina.

„Takmark okkar eigendanna er nákvæmlega það sama og takmark stuðningsmanna liðsins. Við viljum vinna titla og bikara rétt eins og þeir. Það er afar mikilvægt í okkar augum að knattspyrnustjóri liðsins fái það sem hann telur að hann þurfi til að liðið sé samkeppnishæft á öllum vígstöðvum og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að stuðla að því. Fólki er hrætt við að við stofn-



LOFA ÖLLU FÖGRU Malcom Glazer og synir hans á góðri stund með Bobby Charlton, einni helstu goðsögn í sögu Man.Utd, á Old Trafford.

um liðinu í hættu, en ég fullyrði að við munum ekki verða til þess að brjóta þá sterku sigurhefð sem viðgengist hefur hjá þessu frábæra félagi,“ sagði Joel Glazer,

sem fullyrðir að þeir feðgar hafi lært mikið af mistökum sem þeir gerðu með lið Tampa Bay Buccaneers á sínum tíma.



RAIKKONEN Það er ekki tekið út með sældinni að verða fyrir vélarbilun í Formúllunni

Ökupórin Kimi Raikkonen: Dæmdur aftur um tíu sæti

FORMÚLA Finnski ökupórin Kimi Raikkonen þarf að taka út tíu sæta refsingu þegar ræst verður til keppni í franska kappakstrinum á morgun, eftir að vélin í McLaren-bíl hans bilaði eftir aðeins örfáa hringi á æfingu í gær.

Samkvæmt reglum verða keppendur að ræsa aftur ef þeir þurfa nýja vél og þetta kemur Raikkonen afar illa, því hann er í harðri toppbaráttu í stigakeppni ökupóra. Vélarar hjá félögum hans í McLaren-liðinu voru þó í fínu lagi og náði Juan Pablo Montoya besta tímanum á æfingunum í gær, en Spánverjinn Fernando Alonso var með þriðja besta tímann.

Alonso sagði að aðstæður á brautinni hefðu verið erfiðar sökum mikilla vinda. „Bíllinn var mjög óútreiknanlegur á brautinni út af vindinum og gerði manni erfitt um vik að halda jöfnum akstri,“ sagði sá spænski, sem hefur enn nokkuð gott forskot í keppni ökumanna.

Chevrolet gæði, frábært verð!

Chevrolet Kalos er glæsilegur, rúmgóður og vel búinn bíll. Nýtskuleg hönnun að hætti ítala samhliða gæðakröfum General Motors gerir Chevrolet Kalos að framúrskarandi bíl fyrir þig. Gríska orðið Kalos þýðir fallegur og stendur því Chevrolet Kalos fyllilega undir nafni.

Kalos SE 1,4 ltr, 83Hp
Kostar aðeins kr. 1.199.00,-

- Kalos SE kr. 1.199.000,-
- Lacetti Sport kr. 1.499.000,-
- Lacetti cdx kr. 1.599.000,-
- Lacetti cdx Station kr. 1.699.000,-
- Tacuma cdx kr. 1.689.000,-
- Évanda Executive kr. 2.395.000,-



Nýtið ykkur hagstætt gengi!

Verð aðeins kr. 1.199.000,-

Aukahlutir á mynd: álfelgur og þokuljós.

Bilabúð Benna

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu Chevrolet Kalos. Opíð virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bilabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is
Bílasalan Ós • Njarðarnes 1 • 603 Akureyri • Sími 462 1430



SUMARAUKI! Amerískt Weber ferðagasgrill fylgir öllum Chevrolet.



11. HVER VINNUR
SMS LEIKUR

SVALAESTA
MYND
ÁRSINS
þþ FBL

**BLÖÐUG, BRÚTAL,
BRILLIANT!!**

FRANK MILLER'S
SIN CITY

DIRECTED BY
**ROBERT RODRIGUEZ
& FRANK MILLER**
WITH SPECIAL GUEST DIRECTOR
QUENTIN TARANTINO

FRUMSÝND 07.07.06

MS SKEYTID JA SCV A NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU:
MÍÐAR FYRIR 2 Á SIN CITY
DVD MYNDIR
COCA COLA
MARGT FLEIRA

DS MOBILE BTNET X

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 99 kr/skeytið.

STUÐ MILLI STRÍÐA · Helgi = 1/12 sumarfrísins

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR MÆLIR TÍMANN Í HELGUM



MYND: HELGI SIGURSSON

Ég mæli tímarni í helgum. Sumarfríið mitt er ekki þrjár mánuðir – það er tólf helgar. Tólf tækifæri til að gera eitthvað spes. Virkir dagar eiga það nefnilega til að hlaupa fram hjá manni. Vinna til hálf sex, fara svo í ræktina, snarla eitthvað klukkan níu – og þá er dagurinn horfinn og bara smá brot af kvöldinu eftir, því maður vill jú mæta ferskur í vinnuna daginn eftir. Mánudagur, þriðjudagur, búmm! Helgi.

Helgin kubbar niður tímarni og

kemur í veg fyrir að vikurnar renni saman í eitt stanslaust bláhh. Þó að vinnan sé skemmtileg, og svo sem ágætt að dunda sér við sjónvarpsgláp á kvöldin, þá er hver virkur dagur öðrum keimlíkur. Ég er sátt ef mér hefur tekist að koma fyrir einum kaffihúshitningi og einni bíóferð eftir líkamsræktina í miðri viku. Tiðindameiri viðburðir eru geymdir til helgarinnar. Þess vegna er alveg vonlaust að mæla tímarni í dögum. Það er ekki merkingarbert að enn annar sumardagur hafi liðið, en að heil helgi sé búin er stórvíðburður. 1/12 af sumrinu er horfinn. Að þessu eina leyti er helgin helg.

Hver helgi er því dýrmæt. Ef

til vill þarf að taka inn í reikninginn helgarvaktir í vinnunni, ættarmót, brúðkaup og aðrar skyldur, sem alltaf þurfa að raðast niður á helgarnar. Og þá er helgardögnum farið að fækka ískyggilega. Það er ekki skrítið að fólk setjist niður í byrjun sumars og skipuleggi hverja einustu helgi, alveg fram í september.

Enska orðið weekend endurspeglar tímamótin sem falin eru í helginni. Helgin er jú endi vikunnar, þó að almanakið segi að hún byrji á sunnudegi. Ég legg til að við losum okkur við helgislepjuna og tökum upp orðin *vikundi*, eða jafnvel *vikendi*. Góðan vikenda, lesendur góðir, og nýtið þið daginn vel.

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



SONY®

Sérfræðingarnir eru hér!

Sony Experience Team verður í dag í Sony Center

Komdu í SonyCenter og láttu sérfræðingana frá SONY kynna þér þær nýjungar sem eru í boði!

Frábær tilboð í tilefni dagsins - aðeins í dag!
Óvæntur glaðningur fylgir öllum Sony-vörum.



D-EJ361
Ferðageislaþilari
• Digital MEGA BASS
• Heymatól og straumbreytir fylgja
• 40 klst. ending á rafhöðum!

3.995
Verð áður 8.995



DAV-SR2
Heimabíó
• 600W magnari RMS S-Master digital
• Útvarp FM/AM RDS
• Spilar SVCD/DVD-R-DVD-RW/JPEG
og MP-3, Dolby Digital, DTS og PLII

59.950
Verð áður 89.950



NW-HD3/S
MP-3 spilari
• G-Sensor HDD hristivörn
• 1,5" LCD skjár 7 línur
• 30 klst. ending á rafhöðum!

29.995
Verð áður 44.995



DCR-PC55
Stafræn myndavél
• 3" snertiskjár
• 12x optical Carl Zeiss linsa
• Tengistöð einfaldar allar tengingar
• Alvöru klippihugbúnaður fylgir

6.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
83.940 krónur staðgreitt.

Alvöru klippihugbúnaður og 3 spólur fylgja!



KE-P42M1SI
42" Plasma sjónvarp
• 42" Alis Plasmaskjár
• Wega Engine
• 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
• Virtual Dolby SRS TruSurround
• 3x scartengi/Component

26.940 krónur á mánuði vaxtalaust*
323.280 krónur staðgreitt.



DSC-T7 & 512 MB minnskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 5,1 milljón pixlar
• 2,5" skjár

4.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
59.940 krónur staðgreitt

512 MB minnskort að verðmæti 10.995,- fylgir með!

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Vísa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



Sumartónleikar í Skálholtskirkju hefja 31. starfsár sitt í dag, laugardaginn 2. júlí. Á hátíðinni leika meðal annars blokkflautukvintettinn Fontanella frá Englandi og kammerhópurinn Carmina, sem frumflytur nýtt tónverk eftir Huga Guðmundsson í Skálholtskirkju á sunnudaginn klukkan 17. Dagskrá hátíðarinnar má nálgast á netsíðunni www.sumartoneikar.is.

menning

menning@frettabladid.is

Sýning Handverks og Hönnunar

Laugardaginn 2. júlí kl. 16.00 hefst sumarsýningin „Sögur af landi“ í sýningarsal Handverks og hönnunar í Aðalstræti 12, 101 Reykjavík. Til sýnis er hefðbundinn íslenskur listiðnaður og nútíma hönnun úr fjölbreyttu hráefni. Á sýningunni eru hlutir meðal annars úr leir, gleri, pappír, hrosshári, roði, ull og silfri. Sýningin er haldin í kjölfar samkeppi sem fjölmargir tóku þátt í og valdi dómnafnd muni frá þrjátíu og þremur aðilum til sýningar. Sýningarskrá er gefin út í tengslum við sýninguna á íslensku og ensku. Sýningin er opin alla daga, nema mánudaga, frá klukkan 13 til 17 og stendur hún yfir til 4. september. Aðgangur á sýninguna er ókeypis.



SÖGUR AF LANDI Veskið er eftir Röggva Ólafs sem er ein af 33 þáttakendum í sumarsýningu Handverks og hönnunar sem hefst í sýningarsal Handverks og hönnunar klukkan 16 í dag.

EKKI MISSA AF...

...Reykhóladeginum sem hefst á Reykhólum í dag klukkan 14. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fram eftir degi.

...sumarsýningu Listasafnsins á Akureyri sem opnar í dag klukkan 15.

...tónleikum með kvartett trymbilsins Kára Árnasonar sem leikur á Jómfrúnni við Lækjargötu klukkan 16 í dag.

Aðrir meðlimir kvartettsins eru saxófónleikarinn Steinar Sigurðsson, gítarleikarinn Andrés Þór Gunnlaugsson og bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson. Aðgangur er ókeypis.



Sænskur organisti í Hallgrímskirkju

Organistinn Mattias Wager er þekktur fyrir spuna sinn og spinnur hann fyrir áheyrendur sína í Hallgrímskirkju um helgina auk þess sem hann leikur verk eftir þekkt tónskáld.

Á annarri helgi tónleikaraðarinnar Sumarkvöld við orgelið í Hallgrímskirkju sest Mattias Wager við Klaisorgelið í Hallgrímskirkju. Undanfarin ár hafa íslenskir áheyrendur og gestir þeirra haft tækifæri til að heyra Mattias leika á orgelið, nú síðast þegar hann ásamt Erni Árnasyni leikara flutti Pétur og úlfinn eftir Sergei Prokofiev í febrúar síðatliðnum.

Að þessu sinni er Mattias með tvö tónleika, laugardaginn 2. júlí kl. 12 og sunnudaginn 3. júlí kl. 20.

Efnisskrá laugardagstónleikanna byggir á verkum þriggja stórmerkra tónskálda. Fulltrúi barokksins er Bach en eftir hann leikur Mattias Sinfóníu úr Kantötunni Nú gjaldi Guði þökk og sálmaforleikstrió við Þig lofar, faðir, líf og önd. Nútímaverkið er Bæn eftir bergingu úr Bók heilags sakramentis eftir Olivier Messiaen og tónleikunum lýkur með 1. kafla Orgelsinfóníu nr. 5 eftir



MATTIAS WAGER Sænski organistinn Mattias Wager heldur tvö tónleika í Hallgrímskirkju um helgina. Þeir fyrri eru í dag klukkan 12 og þeir seinni á sunnudaginn klukkan 20.

Charles-Marie Widor en hann er fulltrúi hins rómantíska franska orgels.

Á efnisskrá kvöldtónleikanna á sunnudaginn skiptast einnig á eldri og nýrri verk. Fyrst hljóma Sex þættir úr Drotningarhólms-tónlist Johann Heilmich Roman sem hann samdi fyrir brúðkaup við sænsku hirðina árið 1744. Eftir Hollendinginn Ad Wammes flytur hann Miroir. Wammes er fæddur 1953 og er þekktur sem poppari,

klassískur tónlistarmaður og tónskáld. Þá leikur Mattias Sónötu nr. 5 í C-dúr eftir Johann Sebastian Bach. Þetta er ein af sex tríósonötum sem hann skrifaði sem æfingar fyrir son sinn Vilhelm Friedemann. Þarna leikur hvor hönd fyrir sig sjálfstæða rödd og fæturnir þrjú röddina. Minimalismi er einkennisorð fyrir eistneska tónskáldið Arvo Pärt og hann á líka við í Pari Intervallo, efniviðurinn ekki mikill að vöxtum en skilur eftir

sig sérstaka huglæga feður. Þá hljómar 1. kafla Orgelsinfóníu nr. 5 í F-dúr eftir Charles-Marie Widor, glæsilegur endapunktur á fyrri hluta tónleikanna.

Síðari hlutinn hefst á Adagio og fúgu eftir Mozart. Hann skrifaði ekki mikið fyrir orgel og er þetta verk umritun á verki fyrir strengi og sembal. Þá leikur Mattias verk Messiaens Bæn eftir bergingu úr Bók heilags sakramentis en tónleikunum lýkur á spuna. ■

Sumartónleikar í Skálholtskirkju 31. starfsár



Laugardagur 2. júlí.
Kl. 14.00 Erindi í Skálholtskóla:
Ámi Heimir Ingólfsson fjallar um efnisskrá Carmina

Kl. 14.55 Tónlistarsmiða unga fólksins í Skálholtskóla

Kl. 15.00 Kammerkórinn Carmina:
Eins og álja meðal þyrna
Ljóðaljóðin í tónlist endurneinarinnar

Kl. 17.00 Blokkflautukvintettinn Fontanella frá Englandi: The Fruit of Love
Verk e. W. Byrd, J. Dowland o.fl.

Sunnudagur 3. júlí:

Kl. 15.00 Fontanella
Endurtekin dagskrá frá laugardegi

Kl. 17.00 Guðþjónusta: Dyr fæðingin
Drottins vors í úts. Huga Guðmundssonar
frumflutt, einnig tónlist af tónleikum
helgarinnar
www.sumartoneikar.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Opið í dag

frá kl. 11-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.

Söngleikur eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARMIN

Annie

í Austurbæ

Forsýning fim. 14/6 kl. 19 sæti laus
Forsýning fös. 15/6 kl. 19 sæti laus
Frumssýning sun. 17/6 kl. 16 örfá sæti laus

mid.is

551 4700 & 551 0200

Glæsibæjareintölin frumflutt

Laugardaginn 2. júlí kl. 16 verða Glæsibæjareintölin eftir Benóný Ægisson frumflutt á Hótel Eddu, ÍKÍ, á Laugarvatni. Höfundur mun sjálfur flytja leiktextana og er uppkoman liður í listahátíðinni Gullkistan sem hófst 17. júní og lýkur um helgina.

Verkið er byggt upp á 12 stuttum eintölum hinna ýmsu persóna og eru eintölin misheppnaðar tilraunir höfundarins til að skapa leikpersónur. Eintölin eru vaðall ófullburða leikpersóna. Þau eru órvæntingarfyll tilraun þeirra til að vera til þó þeim hafi verið varpað fyrir röða. Þær eru draugagangur í sköpunarverki höfundarins sem hefur klippt þær út úr leikritum, hætt við að nota þær eða komið þeim fyrir í leikritum sem aldrei fóru á svið. Þær eru munaðarleysingjar sem krefjast tilveru og raddar sem engin vill gefa þeim nema höfundurinn sem neyðist til þess vegna



BENÓNÝ ÆGISSON Rithöfundurinn Benóný Ægisson frumflytur nýja leiktexta sem hann kallar Glæsibæjareintölin á Hótel Eddu, ÍKÍ á Laugarvatni í dag klukkan 16.

ístöðuleysis og samviskubits. Þær eru svo þjáðar af lélegu sjálfsmati að eftir að ákveðið var að opinbera þær hefur höfundurinn mátt búa við ásakandi muldur þeirra í innra eyranu og fyrirfram fullvissu þeirra um að hann klúðri þessu eina tækifæri sem þær fá til að upplifa sýndarveruleika sinn. ■

ÍSANGELSES Í Kling og Bang

Hekla Dögg Jónsdóttir og Megan Whitmarsh opna sýninguna ÍSANGELSES, í dag kl. 17.00 í Kling og Bang galleri, Laugavegi 23.



ICELANDIC FOREST

Verk Megan eru strigar með ísaumuðum smá senum og uppstillingum sem sýna snjómenn, álfa, stúlkur, kristalla, ísjaka, kletta og fleira en Hekla Dögg vinnur með tölvuskreytingarljós sem hún býr til eins konar flugelda úr.

Sýningin stendur yfir til 24. júlí og er opin fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14 til 18. ■

Í víking að Eystrasalti

Bók Brians Pilkingtons, Allt um tröll, var seld til Eistlands og bók Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar, Brúin yfir Dimmu, seld til Finnlands.

Eistneska bókaforlagið Ilo tryggði sér réttinn á bók Brians en áður hafði útgáfurétturinn verið seldur til Ítalíu og Danmerkur. Finnnska bókaforlagið Idun tryggði sér réttinn á bók Aðalsteins Ásbergs og er það

fyrsta landið sem rétturinn er seldur til.

Bækurnar eru gefnar út af Eddu útgáfu.

ALLT UM TRÖLL Bók Brians Pilkington, Allt um Tröll hefur verið seld til Eistlands og bók Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar, Brúin yfir Dimmu, hefur verið seld til Finnlands en báðar eru þær gefnar út af Eddu útgáfunni hér á landi.



HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

29 30 1 2 3 4 5

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 12.00 Sænski organistinn **Mattias Wager** heldur tónleika í **Hallgrímskirkju**. Leikin verða verk eftir Bach, Olivier Messiaen og Charles-Marie Widor.
- 15.00 Sumartónleikar í **Skálholtskirkju** með **Carmina**. Ókeypis er á tónleikana.
- 16.00 Kvinnakórinn **Elverum** með tónleika í **Norræna húsinu**
- 16.00 Kvartett trymbilsins **Kára Árnasonar** leikur á Jómfrúnni við Lækjargötu. Aðrir meðlimir kvartettsins eru saxófónleikarinn Steinar Sigurðarson, gítarleikarinn Andrés Þór Gunnlaugsson og bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson. Aðgangur er ókeypis.
- 16.30 Norska glystroksveitin **Wig Wam** heldur tónleika í **Smáralind**. Ókeypis er inn.
- 17.00 Tónleikar með enska blokkflautukvintettum **Fontanella** í **Skálholtskirkju**.
- 21.00 Hljómsveitin **Moskvitch** leikur á **Kaffi Hljómalind**. Á efnisskránni eru búlgörsk þjóðlög, úrúgvæskur cantobe og klezmertónlist. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

- 23.00 Norska glystroksveitin **Wig Wam** heldur tónleika á **Gauki á Stöng**

OPNANIR

- 14.00 Sýning tileinkuð samfelldum veðurathugunum á Íslandi opnar í **Norska húsinu** í Stykkishólmi. Sýningin er opin daglega frá klukkan 11.00 til 17.00 og stendur til 1. ágúst 2005.
- 14.00 Sýningin í **minningu afa** opnar í **Ketilshúsinu** á Akureyri. Á sýningunni eru verk eftir þrjá kinnverska listamenn. Sýningin stendur til 24. júlí.
- 15.00 **Sumarsýning Listasafnsins á Akureyri** verður opnuð laugardaginn 2. júlí klukkan 15.
- 17.00 **Hekla Dögg Jónsdóttir** og **Megan Whitmarsh** opna sýninguna **ÍSANGELSE**, í **Kling og Bang** galleri, Laugavegi 23. Megan Whitmarsh er starfandi myndlistarmaður í Los Angeles, en Hekla Dögg starfaði og bjó þar til margra ára þar til hún flutti til Íslands fyrir skömmu.
- 17.00 **Sandra María Sigurðardóttir** eða **SMS** opnar sína fyrstu einkasýningu á **Sólun**. Yfirskrift sýningarinnar er „Traffik“ sem spannar traffíkina í einkalífi sem og umhverfi okkar allra. Sandra María útskrifaðist frá LHÍ árið 2002.
- 19.00 Sýningin „**Wishes Smell Sulfur**“ opnar í nemandagalleríinu **Cyflinghæð** á Laugavegi 23. Þar sýna þau Marie-Anne Bacquet og Marie Greffrath ljósmyndir, myndabandaverk og innsetningar.

Veðrið og vísindin í Norska húsinu

Í Norska húsinu í Stykkishólmi opnar í dag sýning tileinkuð því að 160 ár eru liðin frá því vísindalegar veðurathuganir hófust á Íslandi

Laugardaginn 2. júlí 2005, kl. 14.00 opnar sýning í Norska húsinu í Stykkishólmi tileinkuð samfelldum veðurathugunum á Íslandi, sem hófust í Stykkishólmi fyrir 160 árum. Magnús Jónsson veðurstofustjóri opnar sýninguna og þá verður einnig vígður 19. aldar útihitamælir og úrkomumælir sem Veðurstofa Íslands setti upp við Norska húsið.

Það var Árni Thorlacius, kaupmaður og útgerðarmaður í Stykkishólmi sem árið 1845 hóf að skrá veðurmælingar sínar. Árni sinnti veðurathugunum sínum af mikilli nákvæmni og alúð og eru mælingar hans óvenju þéttar og mögulegt að bera saman fleiri en eina loftvog og hitamæli, t.d. mældi hann hita á Farenheit, Celsius og Reaumer mæla. Hafa veðurmælingar verið gerðar í Stykkishólmi óslitið síðan og því telst Stykkishólmur vera elsta veðurstöð á Íslandi. Húsið sem sýningin er í ber heitið Norska húsið og var það Árni sem reisti það sem íbúðarhús árið 1832 úr víði frá Arendal í Noregi.

Auk þess sinnti Árni öðrum fræðastörfum, meðal annars rannsakandi hann tímatal og örnefni í Íslendingasögnum, gerði ættartölur, skrifaði kennslubók í sjómannafræðum og aðra bók um skyldur húsbænda gagnvart vinnuhjúum sínum. Þá tók hann virkan þátt í sjálfstæðisbaráttunni og skrifaðist til að mynda á við Jón Sigurðsson og Jónas Hallgrímsson um ýmis hugáreafni sín.

„Í veðurathugunum hafði Árni gríðarleg áhrif og Haraldur Sigurðsson jarð- og eldfjallafræðingur segir mér að ekki sé hægt að opna



ÁRNI THORLACIUS (1802-1892) Árið 1845 urðu þáttaskil í sögu veðurathugana á Íslandi þegar Árni Thorlacius kaupmaður og útgerðarmaður í Stykkishólmi hóf að skrá veðurmælingar sínar.

kennslubók í veðurfræði í heiminum án þess að minnst sé á veðurathuganir Árna því veðurathuganir hans voru einstaklega faglegar og fræðilegar. Árni var í góðu sambandi við skoska og danska veðurfræðinga og brátt urðu veðurathuganir hans hluti af alþjóðlegri rannsókn á veðurfari auk þess sem athuganir hans voru birtar í tímariti skoska veðurfræðingafélagsins og fleiri fræðiritum,“ segir Aldís Sigurðardóttir, forstöðumaður Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, sem setur sýninguna upp í samvinnu við Veðurstofu Íslands. Á miðhæð Norska hússins hefur verið sett upp heimili Árna og konu hans Önnu Magdalena Thorlacius „Heldra heimili í Stykkishólmi á 19. öld“. Á jarðhæð eru sýningarsalir og Krambúð þar sem hægt er að fá vandað handverk, listmuni, minjagrip, póstkort, bækur og gamaldags nammi, gamalt leirtau og fleiri forvitnilegar vörur. Í risinu er opin safngeymsla þar sem safngestir geta glöggvað sig á þeim miklu viðum sem húsið er byggt úr og upplifað stemningu liðins tíma á annan hátt en á neðri hæðunum.

Sýningin er opin daglega frá kl. 11.00 til 17.00 og stendur til 1. ágúst 2005. ■

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn

Spennandi sumar framundan hjá Landsvirkjun

Hvernig verður rafmagn til?



Laxárstöðvar í Aðaldal

„Hvað er með Ásum?“ „Hreindýr og dvergar“
Frábær sýning Hallsteins Áðalheiður S. Eysteinsdóttir
Sigurðssonar, sem hlotið sýnir magnaða tréskúlpúra
hefur einróma lof. í Laxárstöð í sumar.

Kröflustöð í Mývatnssveit

Allt um Kröfluelda í Gestastofu.
Kynnist eldsumbrotunum sem urðu
í nágrenni Kröflustöðvar 1975-1984.

Hvers vegna er rafmagn á Íslandi umhverfisvænna en hjá öðrum þjóðum?



Blöndustöð í Húnaþingi

Þorir þú 200 metra niður í jörðina?
Hvað verður í göngum Blöndustöðvar
í sumar? Magnaður viðkomustaður.



Végarður í Fljótsdal

Kynnið ykkur Kárahnjúkavirkjun og
allt sem henni viðkemur í Végarði.
Tilvalið að koma þar við áður en
haldið er upp að Kárahnjúkum.

Heimsókn til Landsvirkjunar er upplýsandi og skemmtileg



Sultartangastöð ofan Þjórsárdals

„Andlit Þjórsdæla“ – áhugaverð
sýning um mannlífið í Þjórsárdal
í 1100 ár.



Ljósafosstöð í Soginu

„Ár og kýr“ Jóns Eiríkssonar komnar
suður. Veit Guðni af þessu?
365 kúamyndir sem hlotið hafa verð-
skuldaða athygli.

KRINGLUKRÁIN

Léttir sumarréttir
pizzur, salöt,
súpur og bökur

Snörurnar
ásamt
hljómsveit
um helgina

Borðapantanir í síma 568 0878

www.kringlukrain.is

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar.

Nánari upplýsingar um opnunartíma á www.landsvirkjun.is
og í síma 515 9000.

Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár



MÓÐUR VIKUNNAR

> SÓLEY KALDAL FER YFIR MÁLIN

Skemmta ljóskur sér betur?

Staðalmyndir eru áhugaverður hlutur. Við virðumst finna eitthvað öryggi í því að geta ákvarðað persónuleika fólks út frá því hvernig það lítur út, hvar það skemmtir sér eða hvað það starfar við.

Staðalmyndir eru hins vegar sérstaklega áhugaverðar þegar þær byggja á jafn tilviljanakenndum eiginleikum og háralit. Mér finnst ótrúlegt hvað fólk hefur skýrt afmarkaða mynd af konum eftir því hvort þær eru ljóshærðar, dökkhærðar eða rauðhærðar. Ég gerði óformlega könnun meðal samstarfsmanna minna og sömu orðin komu upp aftur og aftur þegar þessum konum var lýst. Ljóshærðar stelpur eru þrýstnar, villtar, opnar og hlæja mikið. Dökkhærðar stúlkur eiga hins vegar að vera greindarlegar, dularfullar, lokaðar og fúlar. Þær rauðhærðar eru svo stimplaðar skrítnar, skapstórar og sólbrunnar. En hvaðan eru þessar hugmyndir fengnar?

Ég held að hér sé þetta svolítið spurning um hvort komi á undan hænna eða eggjó, persónuleikinn eða háraliturinn. Norma Jean varð til dæmis ekki að Marilyn Monroe fyrr en hún litaði dökka hárið sitt ljóst og hún er ein frægasta „ljóska“ sögunnar.

Mér finnst mjög undarlegt þegar stelpur gangast við þessari staðalmynd og segja kannski „ég er algjör ljóska“ í þeirri merkingu að þær séu treggáfaðar. Ég myndi aldrei segja: „já, þetta er vegna þess að ég er svona dökka“, þegar ég er í fýlu. Það kannast líka flestir við frasann „blondes have more fun“ eða „ljóskur skemmta sér betur“; eins og þær lifi innihaldsríkara lífi eingöngu vegna háralitarins. Ég var einu sinni ljóshærð og það eina sem ég uppskar eru hræðilegar myndir í albúmið.

Það fer ógurlega í taugarnar á mér þegar stúlkur hampa svona staðalmyndum um sjálfar sig því við hljótum að stefna að því að finna okkar eigin persónuleika á okkar eigin forsendum. Ég trúi ekki á svona sleggjudóma hvort sem þeir eru jákvæðir eða neikvæðir. Kannski er þetta bara biturleiki í mér dökkhærðri konunni en ég vil segja við þær ljóshærðu stúlkur sem halda því fram að þær hafi meira gaman að lifinu: ef ljóskur skemmta sér betur þá er það eingöngu vegna þess að sælir eru fáfróðir.



SVALASTA MYND ÁRSINS
DIP FBL

BLÖÐUG, BRÛTAL, BRILLIANT!!

FRANK MILLER'S
SIN CITY

ROBERT RODRIGUEZ
A FRANK MILLER

SENDU SMS SKEYTIÐ
JASCF Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR ERU:
MÍÐAR FYRIR 2 Á SIN CITY
DVD MYNDIR
COCA COLA
MARGT FLEIRA

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

ELEGANT
Konur þurfa ekki að vera léttklæddar til þess að vera þokkafullar.



FALLEGT Það er rosalega mikið úrval af fötum í þessu stíl í Spútnik og þar var aldellis af nógu að taka eins og sjá má á síðunni.

RYKFRAKKAR
Fara sennilega aldrei úr tísku.

KVENLEGT Eitthvað mjög spennandi við konu með net fyrir andlitinu.

HERRAHATTUR Strákar eru flottir með hatta.

SIXPENSARI Nýtur alltaf vinsælda meðal karla á öllum aldri.

Skemmtilegur klæðnaður ömmu & afa lifir enn

Það er eitthvað svo fallegt og elegant við þau föt sem ömmur okkar og afar klæddust og klæðast enn. Konurnar eru svo dömulegar í sínum kvenlegu kjólum og karlarnir eru eins og sannir herra-menn í vel þússuðum skóm.

Síðustu ár hefur tískan orðið meira og meira samkynja og greinarmunur karlmanns- og kvenmannstísku mjög óljós. Nú leita hönnuðir hins vegar innblásturs í fortíðinni og á tiskusýningapöllum er greinilegt afturhvarf til fortíðar þar sem konur eru kvenlegar og karlar karlmannlegir.

Konurnar eiga ekki að vera ógrandi og léttklæddar heldur kvenlegar og þokkafullar. Hnésiðir og léttir kjólar við háhælaða skó sáust mjög víða. Fallegir hattar og hanskar eru fylgihlutir sem íslenskar konur mættu gjarnan nota oftar. Sokkaböndin bæta svo rómantískum blæ við.

Karlarnir eru glæsilegir í hneppum eða þrjúnuðum vestum. Axlabönd eru alltaf skemmtileg og jakkapeysur eru flottar á ungum mönnum sem og þeim eldri. Sixpensarinn setur svo punktinn yfir i-ið en vel straujaðar brotabuxur ættu allir menn að eiga.

Fyrir konurnar er flottast að vera með rauðan varalit og látlaus skartgripni en karlarnir eru alltaf sætir með vatnsgreidda herraklippingu.

Flestir geta fengið tilfinningu fyrir þessari tísku með því að fara í heimsókn til ömmu og afa en þeir sem eru ekki svo lánsamir geta skellt sér út á videoleigu og náð í kvikmyndirnar The Aviator eða The Notebook.

soleyk@frettabladid.is



BROTABUXUR Þær eru alltaf smart, hvort sem þær eru köflóttar, teinóttar eða einlitar.

DÖMUHATTAR
Konur mættu vera duglegri að ganga með hatta.



UNGIR SEM ALDNIR
Taka sig vel út í fötum frá Burberry Prorsum.



BLÚSSA Æðislega krúttleg blússa.

HÆLASKÓR Skórnir eiga að vera kvenlegir.



Sólbrún og glóandi



AIRBRUSH BRUNKUÐI gefur sól-brúnanlit með gylltum ljóma og kemur í fallegum bronslituðum brúsa.

Það getur verið leiðigjarnt að bera brúnkukrem á líkamann því það tekur bæði langan tíma og er vandasamt. Þess vegna hafa brúnkuklefar snyrtistofanna notið sífellt meiri vinsælda en þess konar brúnkumefferð er nokkuð dýr. Nú er kominn frábær millivegur frá Lancome; fljótleg og auðveld brúnkumefferð á viðráðanlegu verði. Þeir hafa sett þróaðan brúnkúða á markaðinn sem auðvelt er að nota heima hjá sér.

Úðinn dreifist yfir stórt svæði og þarf aðeins að passa að hafa brúsann ekki of nálægt búknunum

þegar úðað er. Úðinn er ferskur og kælandi og þornar fljótt. Liturinn byrjar strax að myndast og í úðanum er hreint E-vítamín sem stuðlar að fallegri húð. Sérfræðingar Lancome mæla með því að strokið sé létt yfir líkaman eftir úðun svo liturinn verði alveg jafn. Áður en hafist er handa er best að fara í sturtu og þvo sér með kornakremi, þá sérstaklega hné og olnboga. Ekki er ætlast til þess að úðinn sé notaður í andlitinu en þó er ekkert því til fyrirstöðu að úða smá í lófana og strjúka yfir andlituð.


SMEKKURINN BERGLIND INGVARSDÓTTIR FLUGFREYJA OG HÁSKÓLANEMI

Elskar háhælaða skó

Berglind Ingvarsdóttir er flugfreyja hjá Flugleiðum og háskólanemi. Hún hefur góða tilfinningu fyrir tiskunni og tekst að sameina afslappaðan stíl og kvenleika á skemmtilegan hátt. Hún hefur unnið í tiskubúðum í mörg ár en nú fær hún fjölþjóðlega tiskustrauða í æð þegar hún flýgur milli landa.

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, svona temmlega mikið.

Uppáhaldshönnuðir? Það er enginn sérstakur hönnuður í uppáhaldi. Mér finnst samt Balenciaga mjög flott.

Fallegustu litirnir? Brúnn og blár.

Hverju ertu veikust fyrir? Skóm og þá sérstaklega háhæluðum skóm.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Ég keypti mér þrjónað veski með blómum á.

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor-og sumartiskunni? Sjóara- og hásetatískan. Mér finnst jakkar í þeim stíl mjög flottir.

Hvað ætlar þú að kaupa í sumar? Bara það sem verður á vegi mínum.

Uppáhaldsverslun? Urban Outfitters. Sennilega vegna þess að ég fer þangað svo sjaldan. Ég get verið endalaust þar inni því þar er svo margt flott.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Það er alveg voðalega misjafnt. Ég ætla ekki að gefa upp tölu.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Ég er ekki það háð fötunum mínum að ég geti ekki verið án einstakra flíka.

Uppáhaldsflík? Nýja peysan mín frá Urban Outfitters. Svört jakkapeysa

með hettu og er svolítið eins og léttur jakki.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Boston. Ég hef heyrt að þar sé bæði fallegt og skemmtilegt og að fötin séu ódýr.

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Síðkjóll sem ég keypti mér í London. Hann var fjólu-blár, niðrþröngur, bundinn í bakið og maður gat speglað sig í efninu. Alveg hreint hríka-legur.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Glæsileg í gulu

Það er enginn litur jafn sumarlegur og gulur. Það er eitthvað svo rosaalega frískandi við það að fara í gula flík sem minnir mann á sólina, blómin og ávexti. Stjörnur eins og Cate Blanchett og Beyoncé Knowles hafa sést mikið í gula litnum undanfarið og hann var áberandi í sumarlinum tiskuhúsa eins og Miu Miu, Burberry og Missoni. Það skemmtilega við gula litinn er að hann gengur við nánast hvað sem er og hvaða lit sem er. Það er hins vegar ekki auðvelt að vera í gulu frá toppi til tótar. Fólk með dekkri húðlit kemst upp með að vera í skærari gulum lit en þeir fólari, sem taka sig vel út í pastelgulu. Fyrir dömuarnar er mjög fallegt að vera með bleikan eða rauðan varalit við gul föt.



Gúmmístígvél og lopapeysur

